




KFUM
KFUK

ÁRSSKÝRSLA 2022-2023

KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI





INNGANGUR FORMANNS



Stefán Jónsson
formaður KFUM og KFUK

Ágæta félagsfólk

Við getum þakkað Guði fyrir og glaðst yfir því hve starf okkar hefur tekið vel við sér eftir kórónuveiru faraldurinn. Sumarið 2022 var slegið met í þátttöku í dvalarflokkum í sumarbúðunum og það stefnir í annað eins á komandi sumri. Deildarstarfið hefur verið að ná sér á strik í vetur, en faraldurinn hjó fast í það starf veturna tvo þar á undan. Leikskólinn okkar Vínagarður blómstrar sem aldrei fyrr.

Enginn er sterkari og kunnáttusamari en við að starfrækja sumarbúðir. Sumarbúðirnar í Vatnaskógi fagna 100 ára afmæli í sumar og hafa aldrei verið þróttmeiri.

Fáir komast með tærnar þar sem við erum með hælana að valdefla ungt fólk. Við vitum af ungu fólki sem bíður eftir því að ná tilteknum aldri til að geta lagt sitt af mörkum sem ungleiðtogar eða fullgildir leiðtogar á sinni starfstöð. Þegar kemur að því að treysta ungu fólki til góðra verka getum við sótt fyrirmyndir í Nýja testamentinu t.d. þegar Páll postuli áréttar við Tímóteus samverkamann sinn og segir:

„Lát engan líta smáum augum á æsku þína en ver fyrirmynd trúaðra í orði og hegðun, í kærleika, trú og hreinlífi.“ (Tím. 4.12)

Það gerist þegar við tökum á móti boðskap Jesú Krists og gerum hann að leiðtoga lífs okkar.

Samráðsþingin hafa fest sig í sessi. Forystufólk í félaginu okkar átti góða helgi í Vindáshlíð í október sl. og ræddi þau mál sem efst eru á baugi í okkar félagi. Áfram verður haldið á þeirri braut á hausti komanda.

Fullgildu félagsfólki 18 ára og eldri fjölga jafnt og þétt í KFUM og KFUK, en 28 bættust í hópinn á síðasta starfsári. Var þeim fagnað á glæsilegum hátíðar- og inntökufundi 7. október sl.

Helstu áskoranir félagsins lúta að húsnæði og starfsaðstöðu. Mikið af húsnæði í eigu félagsins er komið til ára sinna og þarfnast verulegra endurbóta. Í öllum starfsstöðvum er unnið að lausn mála, en það mun taka tíma. Líkt og áður rís félagsfólk upp og tekur áskoruninni.

Drifkrafturinn í starfi félagsins eru sjálfboðaliðarnir, fólk sem vill gefa til baka það sem það hefur fengið, vill leggja á sig vinnu og gefa tíma sinn í starfið sem hefur gefið þeim svo mikið frá því þau komust í kynni við það. Án þeirra myndi starfið ekki vera í þeim blóma sem það er.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég starfsfólki og sjálfboðaliðum öllum fyrir velunnin störf og óska þeim Guðs blessunar.

Stefán Jónsson
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

EFNISYFIRLIT

1.	Forysta KFUM og KFUK.....	6	9.	Húsnæði og starfsaðstaða.....	32
2.	Æskulýðsstarf.....	12	10.	Starfsstöðvar KFUM og KFUK.....	35
3.	Leiðtogaþjálfun.....	16	11.	Vatnaskógur.....	36
4.	Leikjanámskeið.....	19	12.	Vindáshlíð.....	43
5.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf.....	20	13.	Ölver.....	48
5.1	Ljósbrott, kvennakór KFUK.....	21	14.	Kaldársel.....	53
5.2	Karlakór KFUM.....	21	15.	Hólavátn.....	58
5.3	Basar KFUK.....	22	16.	KFUM og KFUK á Akureyri.....	60
5.4	Jól í skókassa.....	23	17.	KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.....	62
5.5	Sportfélag KFUM og KFUK.....	24	18.	KFUM og KFUK á Suðurnesjum.....	64
6.	Alþjóðastarf.....	26	19.	Vínagarður.....	66
7.	Innlend samstarfsverkefni.....	28	20.	Vínasetrið Kaldárseli.....	70
8.	Útgáfu- og kynningarmál.....	30			

NAFNID SEGIR HVER VIÐ ERUM

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.



Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.



Félag

Við erum frjáls félaga-samtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.



Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.



Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



MERKIÐ UNDIRSTRIKAR MARKMIÐIÐ

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.

STOFNAÐ 1899

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnum kristindómi.“

Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi.



Stytta af sr. Friðriki Friðrikssyni stofnanda KFUM og KFUK stendur við Lækjargötu í Reykjavík.

FJÖLBREYTNÍ EINKENNIR STARFIÐ

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarbúðir, höldum úti æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vinagarð, rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg auk tveggja félagsheimila á landsbyggðinni.



ÆSKULÝÐSSTARF



VATNASKÓGUR



KALDÁRSEL



LEIÐTOGAÞJÁLFUN



SUMARBÚÐIR



ÖLVER



LEIKJANÁMSKEIÐ



HÓLAVATN



ALPJÓÐLEG HREYFING



FERMINGARNÁMSKEIÐ



VIÐBURÐIR



SÆLUDAGAR



JÓL Í SKÓKASSA



LEIKSKÓLI



VINDÁSHLÍÐ



FULLORÐINSSTARF



FYRIR FJÖLSKYLDUR

1. FORYSTA KFUM OG KFUK

TÓMAS TORFASON
TÖK SAMAN



Aðalfundur 2022

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 2. apríl 2022 á Holtavegi 28 í Reykjavík.

Í upphafi fundar flutti sr. Jón Ómar Gunnarsson, sóknarprestur í Fella- og Hólakirkju, hugvekju.

Fundarstjóri var Helgi Gíslason og fundarritarar voru þeir Guðni Nathan Gunnarsson og Ingi Bogi Bogason. Í kjörnefnd voru Auður Pálsdóttir, Guðni Már Harðarson og Davíð Guðmundsson. Árgjald var ákveðið óbreytt milli ára, 6.000 kr. en 3000 kr. fyrir 25 ára og yngir, 67 ára og eldri og öryrkja. Á fundinum voru Bjarni Árnason og Nína Björk Þórsdóttir samþykkt sem skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundinum lét Sólveig Reynisdóttir formaður af stjórnarstörfum og voru henni færðar þakkir á þeim tímamótum.

Stjórn félagsins

Í stjórninni 2022–2023 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Stefán Jónsson, formaður
Arna Ingólfsdóttir, varaformaður
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri
Telma Ýr Birgisdóttir, ritari
Berglind Ósk Einarsdóttir, meðstjórnandi
Gunnar Magnús Sandholt, meðstjórnandi
Klara Valdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi
Hilmar Jónsson, meðstjórnandi
Ástríður Jónsdóttir, varamaður
Ómar Kristinsson, varamaður

Samkvæmt lögum félagsins skal stjórnin skipuð átta aðalmönnum, fjórum af hvoru kyni og tveimur varamönnum, karli og konu. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.



Stefán Jónsson



Arna Ingólfsdóttir



Sigurður Erlingsson



Telma Ýr Birgisdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir



Gunnar Magnús
Sandholt



Klara Valdís
Þórhallsdóttir



Hilmar Jónsson



Ástríður Jónsdóttir



Ómar Kristinsson

Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skiptir með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórnar og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Sigurður Erlingsson: KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Telma Ýr Birgisdóttir: Ölver
Berglind Ósk Einarsdóttir: Leikskólinn Vinagarður
Gunnar Magnús Sandholt: Vatnaskógur
Klara Valdís Þórhallsdóttir: Vindáshlíð
Hilmar Jónsson: Hóltavatn og Akureyri
Ástríður Jónsdóttir: Hóltavatn og Akureyri
Ómar Kristinsson: Kaldársel

Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 11 stjórnarfundum og er einn á dagskrá fram að aðalfundi.

Fundirnir voru eftirfarandi:

Fundur 233, 11. apríl 2022, kl. 17:00 á Holtavegi 28.
Fundur 234, 9. maí 2022, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 235, 7. júní 2022, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.
Fundur 236, 22. ágúst 2022, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 237, 26. september 2022, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 238, 17. október 2022, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.
Fundur 239, 13. nóvember 2022, kl. 16:00 í félags húsi KFUM og KFUK Hátúni 36 í Keflavík.
Fundur 240, 5. desember 2022, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 241, 16. janúar 2023, kl. 17:15 á Holtavegi 28.
Fundur 242, 6. febrúar 2023, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.
Fundur 243, 6. mars 2023, kl. 17:00. Fjarfundur á Teams.

Síðasti stjórnarfundur fyrir aðalfund verður þann 11. apríl 2023, en aðalfundur hefur verið boðaður laugardaginn 15. apríl. 2023. Fjarfundabúnaður hefur verið nýttur eftir atvikum á staðfundum á Holtavegi fyrir stjórnarfolk sem ekki hefur haft tök á að mæta á staðinn.

Verkefnalisti stjórnarinnar

Á stjórnarfundum nr. 235, þann 7. júní 2022, samþykkti stjórnin verkefnalista þar sem tilgreind voru fimmtán áhersluatriði fyrir starfsárið. Mörg þeirra voru áframhaldandi verkefni frá árinu á undan.

Húsnæðismál: Húsnæðismál félagsins á Holtavegi 28 eru í raun tvö mál. Annað köllum við „stóra málið“ og snýr að því að byggja þarf nýtt hús í stað gamla hússins sem er ónýtt vegna mygluskemmda. Inn í það fléttast skipulag lóðarinnar, þarfi félagsins á nútíð og framtíð, hugmyndir að nýjum verkefnum, fjármögnun o.fl. Það mál þókast hægt áfram. Hitt málið snýr að nýrra húsinu sem er í mikilli notkun, viðhaldi þess og umbótum svo það þjóni sem best hlutverki sínu.

Stóra málið: Á starfsárinu var sent erindi til borgarstjóra þar sem viðruð var ný nálgun á samstarf og lóðanýtingu sem tryggt gæti fjármögnun á nýju húsi félagsins á Holtavegi 28, sem kæmi stað gamla hússins sem er ónýtt vegna myglu. Í því erindi er m.a. vísað í þau fordæmi sem finna má í samstarfi borgarinnar við nokkur íþróttafélög. Þegar ekkert svar barst frá



Hátíðar- og inntökufundur var haldinn föstudagskvöldið 7. október 2022. Á fundinum eru nýir félagar boðnir velkomnir í félagið með formlegum og fallegum hætti. Á myndinni eru þeir nýliðar sem höfðu tækifæri að koma á fundinn ásamt Stefáni Jónssyni formanni KFUM og KFUK. Á starfsárinu bættust 28 nýir félagar í hóp fullgilda félaga.

borgarstjóra eða skrifstofu hans, var erindið ítrekað. Þegar þetta er ritað hefur ekkert svar borist frá borgarstjóra. Fyrir liggja grunnteikningarar að nýju húsi, sem gerðar voru 2021.

Hitt málið: Farið var yfir hljóðkerfi í sal félagshússins og það lagað og endurbætt, auk þess sem tekið var til í tæknimálum. Hilmar Jónsson fór fyrir því verkefni. Skerpt var á málum er varða útleigu á húsnæði félagsins fyrir veislur. Klara V. Þórhallsdóttir og Elín Hrunð Garðarsdóttir fóru fyrir því verkefni.

Undirbúningur stendur yfir að lagfæringum á eldhúsinu. Að öðru leiti var ákveðið að halda að sér höndum á rekstrarárinu 2022, þó svo að eðlilegu viðhaldi væri eðlilega sinnt, enda var mikil gangskör gerð í viðhaldi og endurbótum á húsnæði félagsins á árinu 2021 (vísast í ársskýrslu starfsársins 2021-2022).

Fjárhagsstaða og rekstur: Á starfsárinu var ákveðið að auka áherslu á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins. Ljóst er að tekjustofnar félagsins hafa rýrnað. Þar munar mest um samning félagsins við Mennta- og barnamálaráðuneytið sem ekki hefur haldið í við verðbólgu eða vísitölur.

Leikskólinn Vinagarður: Nokkur stór verkefni sem snúa að Vinagarði, leikskóla félagsins, hafa verið á borði stjórnar síðustu misserin.

Nýr og uppfærður húsaleigusamningur milli leikskólans og félagsins var undirritaður á starfsárinu.

Leikskólinn Vinagarður er ein af starfsstöðvum KFUM og KFUK og sjálfstæð rekstrareining. Starfsemin fer hinsvegar fram í húsnæði sem er að fullu í eigu KFUM og KFUK á Íslandi. Eldri samningur frá árinu 2006 hafði runnið sitt skeið. Vinna við samninginn hafði staðið í nokkurn tíma, enda vildu aðilar skerpa á mörgum þáttum hans og umfram allt skila vönduðum samningi báðum aðilum til heilla.

Í nokkrum tíma hefur það legið fyrir að æskilegt sé að stækka ungubarnadeild leikskólans úr 10 börnum í 15 börn. Til þess þarf deildin stærra húsnæði. Búið var að teikna stækkun á Lambagarði (áður húsvarðaríbúð félagsheimilisins) til suð-vesturs. Á starfsárinu, þegar öll tilskilin leyfi voru komin, ákvað stjórnin að endurreikna arðsemi verkefnsins. Við nýja útreikninga kom í ljós að byggingarkostnaður hafði hækkað það mikið að framkvæmdin borgaði sig ekki lengur. Því var hætt við framkvæmdina. Nú er til skoðunar að finna aðra hagkvæmari leið til að geta stækkað ungubarnadeildina.

Líkt og aðrar starfsstöðvar KFUM og KFUK nýtir leikskólinn þjónustu sameiginlegrar skrifstofu félagsins. Á starfsárinu var nýtt samkomulag gert um greiðslupátttöku leikskólans í skrifstofukostnaði.

Rekstur skrifstofu KFUM og KFUK: Félagið starfækir miðlæga skrifstofu sem sinnir fjármálaþjónustu, bókhaldsþjónustu, bókunum, afgreiðslu, tölvuþjónustu, heimasíðu o.fl. fyrir allar starfsstöðvar innan félagsins. Starfsstöðvar taka þátt í rekstrarkostnaði skrifstofu í hlutfalli við umfang. Á starfsárinu var endursamið um greiðslupátttöku leikskólans í skrifstofukostnaði. Þá hefur verið unnið að innleiðingu á nýrri reiknireglu vegna greiðslupátttaka sumarbúða og annarra starfsstöðva.

Tölvukerfi og varðveisla á gögnum: Fyrir liggur að yfirfara þarf þau tölvukerfi sem félagið er að notar í starfi sínu, einkum sem lúta að launamálum, mannauðsmálum og öðrum rekstri. Málið komst á dagskrá stjórnar en þókaðist lítið áfram á starfsárinu.

Stuðningur við stjórnir sumarbúða: Málefni sumarbúða félagsins rata oft inn á borð stjórnar, einkum það sem lýtur að samvinnu sumarbúða, samþættingu starfsins, undirbúningsnámskeiðum o.fl. Sjaldgæft er að innra starf einstaka sumarbúða komi á borð stjórnar, annað en fréttir af gangi mála. Framkvæmdastjóri er í góðum tengslum við forystufólk sumarbúðanna, auk þess sem starfsfólk félagsins hleypur undir bagga og styður sumarbúðastjórnirnar í einstaka verkefnum. Þá eru tengiliðir stjórnarinnar í virku samtali við stjórnir sumarbúðanna. Framkvæmdastjóri átti fjóra samráðsfundi með formönnum sumarbúða á starfsárinu.



Sigurður Erlingsson, gjaldkeri stjórnar KFUM og KFUK og Matthildur Bjarnadóttir, formaður leikskólans Vinagarðs undirrita endurnýjaðan húsaleigusamning milli leikskólans og félagsins.

Stefnur í ýmsum málaflokkum: Á síðustu misserum hefur verið tekin saman trúfræðslustefna, velferðarstefna og forvarnarstefna fyrir félagið. Á starfsárinu hefur verið unnið að starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu félagsins.

Merki KFUM og KFUK og grafísk ásynd: KFUM og KFUK á Íslandi hefur tekið upp nýtt merki og grafíska ásynd. Fylgjum við þar systurhreyfingum okkar í Noregi og Danmörku sem uppfærðu merki sitt og alla grafíska ásynd fyrir nokkrum árum. Innleiðing á nýju merki og grafískri ásynd er unnin í áförnum.

HEIÐURSFÉLAGAR

Í langri sögu KFUM og KFUK hefur verið farið frekar sparlega með heiðursveitingar. Til að varðveita heimildir um heiðursfélaga og veitingu gullmerkja gefum við því núna pláss í ársskýrslu félagsins.

Heiðursfélagar KFUM

19. maí 1927	Knud Zimsen
17. febrúar 1961	Bjarni Jónsson
17. nóvember 1973	Sigurbjörn Þorkelsson
22. febrúar 1986	Árni Sigurjónsson
17. júní 1995	Ástráður Sigursteindórsson Þorkell G. Sigurbjörnsson

Heiðursfélagar KFUK

28. apríl 1952	Guðríður Þórðardóttir
29. apríl 1999	Kristín Möller

Árið 2005 voru gerðar skipulagsbreytingar og félögin sameinuð undir nafni KFUM og KFUK á Íslandi.

Heiðursfélagar KFUM og KFUK á Íslandi

25. maí 2008	Sverrir Axelsson Vilborg Jóhannesdóttir
19. febrúar 2009	Emilía Ósk Guðjónsdóttir Sigursteinn H. Hersveinsson Sveinbjörg H. Arnmundsdóttir Þórey Sigurðardóttir
16. febrúar 2012	Helga Friðriksdóttir
20. júní 2015	Guðmundur Ómar Guðmundsson
8. apríl 2017	Ásgeir B. Ellertsson Besty R. Halldórsson Sigurður Pálsson

Gullmerki KFUM og KFUK

Gullmerki KFUM og KFUK var veitt í fyrsta sinn 7. október 2022 í samræmi við reglur sem samþykktar voru nokkrum árum áður voru kynntar á heimasíðu félagsins.

7. október 2022	Björgvin Þórðarson Guðmundur Ingi Leifsson María Sighvatsdóttir
-----------------	---

Fyrir utan þau sem hér er getið, hafa einstaka starfsstöðvar heiðrað einstaklinga og veitt gullmerki fyrir framlag þeirra til starfsins.



Samráðsþing 2022: Þorgrímur Þráinsson var með fyrirlestur og brýndi forystufólk KFUM og KFUK til dæða.

Almannaheillaskrá Skattsins: Skráning félagsins í almannaheilla-félagaskrá Ríkisskattstjóra var eitt af verkefnum stjórnar. Mjög fljótlega á starfsárinu fengum við staðfestingu á að félagið sjálft ásamt starfsstöðvum þess væri komið á almannaheillafélagaskrá hjá Skattinum. Skráningin gefur félaginu skattaávilnun samkvæmt lögum um almannaheillafélög (nr. 110/2021) sem alþingi samþykkti sumarið 2021.

Hátíðar- og inntökufundur: Löng hefð er fyrir því að nýir félagar séu boðnir velkomnir í KFUM og KFUK á sérstökum hátíðarfundi sem haldinn hefur verið árlega.

Fundurinn í ár var haldinn föstudagskvöldið 7. október og yfirbragð hans var létt en hátíðlegt. Um 120 manns sóttu fundinn.

Fjöldi fólks kom að fundinum. Stefán Jónsson formaður og Arna Ingólfsdóttir varaformaður buðu nýja félagar velkomna við hátíðlega athöfn. Gunnar Hrafn Sveinsson var veislustjóri. Regína Ósk Óskarsdóttir og Ásgeir Páll Ásgeirsson skemmtu gestum. Guðni Már Harðarson flutti hugvekju. Jakob Freyr Einarsson annaðist undirleik og Ísak Jón Einarsson var tæknimaður. Undirbúningsnefnd skipuðu Telma Ýr Birgisdóttir, Hreinn Pálsson, Elín Hrunn Garðarsdóttir og Tómas Torfason.

Frá síðasta hátíðarfundi höfðu 28 nýir félagar bæst í hóp fullgildra félaga. Af þeim mættu 11 á fundinn.

Samráðsþing: Samráðsþing var haldið í Vindáshlíð 21.-23. október 2022. Stjórn KFUM og KFUK stóð að helginni og bauð til hennar fólki úr stjórnnum starfsstöðva og fastra verkefna innan KFUM og KFUK. Alls 60 fulltrúar frá ólíkum einingum félagsins tóku þátt í þinginu, auk barna sem nutu þess að vera með í Vindáshlíð þessa helgi. Markmið samráðshelgarinnar var að efla og auka tengsl forystufólks KFUM og KFUK, vera vettvangur fyrir stefnumarkandi umræðu, að efla samfélagsþáttinn og hvetja forystufólk.

Dagskrá samráðsþingsins var fjölbreytt. Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur og fyrirlesari, opnaði þingið með áhugaverðu erindi á föstudagskvöldinu. Sigurður Helgi Pálmason, formaður stjórnar Kaldársels, hóf dagskrá á laugardagsmorgni og sagði frá upplifun sinni að stíga inn í stjórn Kaldársels. Dagný Dögg Sigðurðardóttir, formaður Vindáshlíðar, sagði frá átaki sem



Samráðsþing 2022: Fundardagskrá var brotin upp með útiveri. Myndin er úr gönguferð um Vindáshlíð undir leiðsögn stjórnar Hlíðarmeyja.

leitt hefur til markvissari innkaupa og lækkað rekstrarkostnað Vindáshlíðar. Hjördís Rós Jónsdóttir, verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar, var með erindi um leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK. Hilmar Jónsson, stjórnarmaður og formaður alþjóðaráðs, leiddi umræðu um alþjóðastarf KFUM og KFUK. Rætt var í hópum um hvað fái fólk til að taka þátt í stjórnarstörfum og hvað standi helst í vegi fyrir að fólk gefi kost á sér. Að auki var opnuð umræða hvort æskilegt sé að starfrækja félagið í mörgum kennitölum, með þeim hætti sem við höfum gert, eða hvort eitthvað annað fyrirkomulag væri æskilegra. Leiddi Stefán Jónsson, formaður, þá umræðu. Arna Ingólfssdóttir, varaformaður, stýrði dagskrá þingsins. Glæsileg kvöldvaka var á laugardagskvöldinu leidd af Elísu Sif Hermannsdóttur og Helgu Sóleyju Björnsdóttur. Arna Ingólfssdóttir, varaformaður, stýrði dagskrá þingsins. Undirbúningsnefndina skipuðu: Arna Ingólfssdóttir varaformaður KFUM og KFUK, Telma Ýr Birgisdóttir stórnarkona KFUM og KFUK, Dagný Dögg Sigurðardóttir formaður Vindáshlíðar, Elísa Sif Hermannsdóttir stjórnarkona í Vindáshlíð og Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK. Mikil ánægja var með samráðsþingið.

Æskulýðsstarfið og leiðtogaþjálfun: Þó svo að framkvæmd æskulýðsstarfsins og leiðtogaþjálfunar sé í höndum starfsfólks félagsins, heyrir það undir ábyrgðarsvið stjórnarinnar. Það markaði starfsárið að Unnur Ýr Kristinsdóttir verkefnastjóri æskulýðsstarfsins fór í fæðingarorlof í ágúst 2022. Við hennar starfi tók Hreinn Pálsson. Æskulýðsstarfinu og leiðtogaþjálfun eru gerð frekari skil í kafla 2 og 3 í þessari skýrslu.

Alþjóðastarf: Á starfsárinu hefur verið unnið að því að endurvekja alþjóðaráð KFUM og KFUK. Hilmar Jónsson hefur leitt þá vinnu. Sjá nánar kafla 6 um alþjóðastarf.

Aðalfundur 2023: Undirbúningur og framkvæmd næsta aðalfundar er jafnan á verkefnalista stjórnar félagsins. Hann er á dagskrá 15. apríl eins og áður hefur komið fram.



Á hátíðarfundum 7. október 2022 var þremur félögum, Björgvini Þórðarsyni, Guðmundi Inga Leifssyni og Maríu Sighvatsdóttur, fært gullmerki KFUM og KFUK. Öll eiga þau sameiginlegt að hafa ýtt úr vör, fylgt eftir og leitt umbreytingu innan félagsins, hvert á sínu sviði. Fyrir þá forgöngu vildi stjórn félagsins þakka. Á myndinni frá vinstri: Stefán Jónsson, formaður KFUM og KFUK, María Sighvatsdóttir, Guðmundur Ingi Leifsson og Björgvin Þórðarson.

Gullmerki KFUM og KFUK: Stjórn félagsins ákvað að veita gullmerki KFUM og KFUK í fyrsta sinn, samkvæmt reglum sem samþykktar voru fyrir nokkrum árum og finna má á heimasíðu félagsins.

Á hátíðarfundum 7. október 2022 var þremur félögum, Björgvini Þórðarsyni, Guðmundi Inga Leifssyni og Maríu Sighvatsdóttur, fært gullmerki KFUM og KFUK. Öll eiga þau sameiginlegt að hafa ýtt úr vör, fylgt eftir og leitt umbreytingu innan félagsins, hvert á sínu sviði. Fyrir þá forgöngu vildi stjórn félagsins þakka.

Björgvin hóf verkefnið Jól í skókassa og hefur verið í forystu og forsvari fyrir það verkefni í 19 ár. Jól í skókassa hefur skerpt á þjónustuhlutverki KFUM og KFUK gagnvart þeim sem minna mega sín og aukið sýnileika félagsins. Á milli 4 og 5 þúsund kassar safnast árlega. Þeir eru sendir til KFUM í Úkraínu sem deilir þeim til fátækra og þurfandi barna þar í landi.

Guðmundur Ingi er faðir Karlakórs KFUM sem starfað hefur í 13 ár. Hann vann að undirbúningi, kallaði til menn og ýtti verkefninu úr vör. Hann leiddi starfið fyrstu misserin þangað til kórinn fékk formlega stjórn. Karlakórinn hefur skapað öflugt samfélag félagsmanna og gefið mönnum tilefni til að endurnýja kynni sín við félagið.

María tók við leikskóla KFUM og KFUK fyrir um aldarfjórðungi. Leikskólinn stóð þá á brauðfótum. Undir hennar forystu sem leikskólastjóra var vörn snúið í sókn. Þegar María lét af störfum sumarið 2021 var Vinagarður glæsilegur 95 barna vel rekinn leikskóli með afskaplega gott orðspor. Vinagarður er kristilegur leikskóli sem kemur mjög vel út úr gæðakönnunum. Hann hefur verið eftirsóttur vinnustaður og starfsmannavelta er einstaklega lag.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég verð ævinlega þakklátur fyrir að hafa ungar að árum verið kynntur fyrir starfi KFUM og KFUK og fá svo þegar ég hafði aldur til að gerast þátttakandi í því litríka og fjölbreytta mannbætandi æskulýðsstarfi. Ég var síðan strax á unglingsaldri orðinn leiðtogi í starfi á meðal 9 – 12 ára drengja í Laugarneshverfinu. Allt var þetta mjög þroskandi á allan hátt. Mér voru falin verkefni og ábyrgð. Mér var gefið rými til að átta mig á sjálfum mér, rækta styrkleika mína, koma fram, taka ákvarðanir, skipuleggja og stjórna. Allt þetta slípaði mig til og veitti mér nauðsynlegt aðhald og sjálfsaga. Að sjá með hjartanu, hlusta á aðra, verða skilningsríkari, kærleiksríkari, umhyggjusamari og ábyrgari. Um leið og það jók mér frelsi til að móta trúarhugmyndir mínar og dýpka í samfélagi og þjónustu við höfund og fullkomnara lífsins, frelsara heimsins og okkar allra, Jesús Krist.

Ég hef fengið að finna það að ég þarf ekki að rembast í eigin mætti. Ég er aldrei einn á ferð, því Jesús er mér við hlið og vill fá að leiða mig um lífsins veg og alla leiðina heim þegar yfir lýkur. Allt þetta hefur verið farvegur útrásar fyrir hugsjón mína, tilfinningar og sannfæringu.

Og í starfi KFUM og KFUK á unglingsárum kynntist ég mínum lífs förunaut og elskulegu eiginkonu nú til 39 ára.

Það að umgangast aðra leiðtoga og rækta þannig samstarfs tækni og þjálfast í að vinna með og tala við börn og unglinga er gríðarlega þroskandi og gefandi. Og síðar að fá að taka þátt í fullorðins starfi KFUM og KFUK. Starfaði t.d. sem forstöðumaður part úr einum 16 sumrum í Vatnaskógi. Þá stjórnaði ég m.a. aðalfundum Skógarmanna í ein 20 ár samfelldt svo eitthvað sé nefnt. Ég var gerður að framkvæmdastjóra KFUM og KFUK árið 1998, ári fyrir 100 ára afmæli félaganna og starfaði sem slíkur í gegnum þau merku tímamót og inn í nýja öld og árþúsund. Allt þetta ásamt svo óteljandi öðru hefur reynst mér hinn besti skóli til þroska og þjálfunar sem hefur einnig reynst mér vel í öðrum víðfangsefnum á ævinnar göngu.

KFUM og KFUK hafa því verið mér sem einhver albesti og mest gefandi lífsins skóli þar sem maður hefur lært á lífið og þroskast til heilla í þjónustu þess út í þjóðfélagið. Með þakklæti, kærleiks- og friðarkveðju. – Lifi lífið!

Sigurbjörn Þorkelsson



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra og Stefán Jónsson, formaður KFUM og KFUK. Ásmundur kom í formlega heimsókn til félagsins fimmtudaginn 6. október 2022. Fékk hann góða kynningu á fjölbreyttu starfi KFUM og KFUK, umfangi þess og áskorunum. Þetta var góður fundur með fulltrúum úr stjórn félagsins og stjórnun starfsstöðva.

ÖNNUR VERKEFNI:

Heimsókn ráðherra Mennta- og barnamála

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, kom í formlega heimsókn til félagsins fimmtudaginn 6. október 2022. Fékk hann góða kynningu á fjölbreyttu starfi KFUM og KFUK, umfangi þess og áskorunum. Þetta var góður fundur með fulltrúum úr stjórn félagsins og stjórnun starfsstöðva.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Stokkhólmi 27.-29. janúar sl. Markmið fundarins er að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Stefán Jónsson og Tómas Torfason tóku þátt í fundinum fyrir hönd Íslands.

Heimsókn til KFUM og KFUK Suðurnes

Þann 13. nóvember 2022 heimsótti stjórn félagsins KFUM og KFUK Suðurnes. Stjórnin átti góðan fund, fékk kynningu á starfinu og snæddi kvöldverð með stjórnarfólki KFUM og KFUK Suðurnes.

GLS ráðstefnan

KFUM og KFUK hefur verið virkur þátttakandi í árlegu GLS ráðstefnunni (sjá nánar gls.is). Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel föstudaginn 5. nóvember 2022. Tíu fulltrúar úr röðum KFUM og KFUK, starfsfólk og sjálfboðaliðar, sóttu ráðstefnuna sem var uppbyggileg og nærandi.

Vitundarvakning um mikilvægi sjálfbæðaliða í æskulýðsstarfi

Mennta- og barnamálaráðherra stór fyrir vitundarvakningu fyrir mikilvægi sjálfbæðaliða í íþrótt- og æskulýðsstarfi. KFUM og KFUK kom að því verkefni. Á degi sjálfbæðaliðans 5. desember var haldið málþing um sjálfbæðaliðastarf í íþrótt- og æskulýðsgeiranum. Arna Ingólfsdóttir og Tómas Torfason sóttu þingið fyrir hönd KFUM og KFUK.

Sjálfbæðaliði ársins

Í tilefni af degi sjálfbæðaliðans, 5. desember, kom ósk frá Almannaheillum samtökum þriðja geirans, að félagið tilnefndi sjálfbæðaliða ársins. Með því vill Almannaheill vekja athygli á fórnífu starfi sjálfbæðaliða í almannaheillafélögum. Stjórn KFUM og KFUK ákvað að tilnefna Mjöll Þórarinsdóttir, sem öðrum fremur hefur sinnt verkefninu Jól í skókassa af miklum myndarbrag.

Heiðursfélagar

Heiðursfélagar KFUM og KFUK eru þau Betsy R. Halldórsson, Emilía Ósk Guðjónsdóttir, Guðmundur Ómar Guðmundsson og Helga K. Friðriksdóttir.

Skrifstofa KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir miðlæga skrifstofu fyrir félagið á Holtavegi 28. Þar er sinnt fjármálaumsjón og bókhaldi fyrir allar starfsstöðvar og deildir sem kynntar eru í þessari skýrslu. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarbúðir og aðra viðburði félagsins. Fjölþreytt þjónusta við þátttakendur, viðskiptavinum sumarbúða, jafnt sem sjálfbæðaliða í starfinu. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum



Tómas Torfason



Þröstur Árni Gunnarsson



Guðbjörg Pálsdóttir



Elín Hrund Garðarsdóttir



Unnur Ýr Kristinsdóttir



Tinna Hermannsdóttir



Hjördís Rós Jónsdóttir



Sigurður Már Hannesson



Hreinn Pálsson



Gísli Stefánsson



Jóhann Jónsson



Sigurður Stefánsson



Nathalía Imelda



Ársæll Aðalbergsson



Tinna Rós Steinsdóttir



Helga Sóley Björnsdóttir



Þann 13. nóvember 2022 heimsótti stjórn félagsins KFUM og KFUK Suðurnes. Stjórnin átti góðan fund, fékk kynningu á starfinu og snæddi kvöldverð með stjórnarfólki KFUM og KFUK Suðurnes. Fv. Arna Ingólfsdóttir, Stefán Jónsson, Telma Ýr Birgisdóttir, Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, Sigurður Erlingsson, Ómar Kristinsson, Gunnar M. Sandholt, Sigurbjört Kristjánsson, Sveinn Valdimarsson og Tómas Torfason.

sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl.

Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri; Þröstur Árni Gunnarsson, fjármálastjóri; Guðbjörg Pálsdóttir sér um bókhald og rekstur; Elín Hrund Garðarsdóttir, þjónustufulltrúi; Unnur Ýr Kristinsdóttir, verkefnastjóri æskulýðssviðs (í fæðingarorlofi); Hreinn Pálsson kom inn í hennar stað; Hjördís Rós Jónsdóttir, verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar í 30% starfi; Tinna Hermannsdóttir er í 60% starfi með starfsaðstöðu á Akureyri; þá er Gísli Stefánsson í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2021 var Daníel Prastarson. Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og framkvæmdastjóra Vindáshlíðar. Tinna Rós Steinsdóttir lét af starfi framkvæmdastjóra Vindáshlíðar í lok janúar 2023. Við starfi hennar tók Helga Sóley Björnsdóttir. Yfirlit yfir starfsmenn í hlutastörfum á æskulýðssviði, sem leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun er að finna í kafla 2.

Skráningarkerfi KFUM og KFUK

Eitt af mikilvægustu verkfærum í starfi félagsins er skráningarkerfi KFUM og KFUK. Við búum við þann munað að hafa sérsníðna hugbúnaðarlausn, mótaða að þörfum KFUM og KFUK. Kerfið var í upphafi smíðað sem skráningarkerfi fyrir sumarbúðirnar, en hefur í seinni tíð einnig nýst í víðara samhengi innan félagsins t.d. fyrir námskeið og bókanir á alla okkar viðburði. Á hverju ári eru gerðar uppfærslur á kerfinu svo að það þjóni starfsemi okkar betur og geri alla bakvinnslu skilvirkari. Pétur Ragnarsson, tölvunarfræðingur, er maðurinn á bak við skráningarkerfið og uppfærslur þess.



Pétur Ragnarsson



2. ÆSKULÝÐSSTARF

HREINN PÁLSSON
TÓK SAMAN



Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fá börn og ungmennti tækifæri til að vaxa í vitund um sjálf sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af æskulýðsfulltrúum ásamt sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2022-2023

Veturinn 2022-2023 voru starfræktar 32 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af u.þ.b. 70 leiðtogum og ungleiðtogum. Í vetur hefur flottur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-18 ára (sjá kafla 3) og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram í deildastarfinu. Þetta er í fyrsta sinn í tvö ár sem Covid-19 hefur ekki áhrif á starfið.

Haustferð yngri deilda

Föstudaginn 4. nóvember fóru um 50 börn á aldrinum 9 – 12 ára ásamt 25 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum í Vatnaskóg, þar fór fram haustferð sem er árlegur viðburður. Þar var mikið brallað og má þá helst nefna brjóstsykursgerð, skógarferð, brennómót, frjálstan tíma, diskóparty og margt annað! Hreinn Pálsson æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK sáu um mótisstjórn og undirbúning fyrir mótið. Á laugardeginum fóru svo allir heim með bros á vör.

Miðnæturmót unglingadeilda

Laugardaginn 5. nóvember komu um 90 ungmennti í Vatnaskóg ásamt 40 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum, þar sem hið árlega Miðnæturíþróttamót fór fram. Það var mikið gert og minna sofið á þessu móti. Nóg var í boði fyrir alla, t.d. streetball-mót, frísbíggj, brekkuhlaup og hin árlega spurningakeppni. Hreinn Pálsson æskulýðsfulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi sá um mótisstjórn og undirbúning mótsins. Á sunnudeginum var haldið heim á leið og voru ungmenntin sæl og þreytt eftir frábært mót.

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2022–2023 í samanburði við sex starfsár þar á undan.

	2016-2017		2017-2018		2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022		2022-2023	
	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.
Vinadeildir (6–9 ára)	2	33	4	104	5	137	4	73	3	78	3	107	6	135
Yngri deildir (10–12 ára)	16	520	14	457	13	326	12	351	11	291	14	285	13	316
Unglingadeildir (13–15 ára)	10	413	12	452	11	307	10	380	13	369	13	340	13	333
Samtals	28	966	30	1013	29	770	26	804	27	738	30	732	32	784
Meðalfjöldi barna í deild	34,5		33,8		26,6		30,9		27,4		24,4		24,5	

Æskulýðsmótið Friðrik

Æskulýðsmótið Friðrik var haldið helgina 24. - 26. febrúar í Vatnaskógi. Mótið er haldið fyrir unglinga í 8.-10. bekk og hefur verið órjúfanlegur hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni tóku deildir frá Höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Grindavík, Hveragerði, Akranesi, Vestmannaeyjum og Hvolsvelli þátt. Um 120 þátttakendur skráðu sig til leiks á mótið í ár ásamt 40 leiðtogum og ungleiðtogum sem sáu um dagskrá og ýmis önnur verkefni. Mótstjórar í ár voru þeir Pétur Bjarni Sigurðarson og Snorri Rúnarsson en þeir sáu um skipulagningu og dagskrágerð. Boðið var upp á frábæra dagskrá líkt og fyrri ár, má þar helst nefna frjálstan tíma, heita potta, kvöldvökur, ballið, orrusta, brjóstsykursgerð og draugahús, svo fátt eitt sé nefnt.



Hressar stelpur í vorferð yngri deilda í Vatnaskóg.

Vetrarferð til Akureyrar

Skíðaferð norður til Akureyrar var farin helgina 10.-12.mars 2023. Átján ungmenni á aldrinum 16-23 ára tóku þátt í ferðinni sem var í samstarfi KSS og KSF. Gist var í félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá eins og skíðaferð í Hlíðarfjall, diskóskauta, kvöldvöku að hætti KSS og KSF, sundferð í skógarbóðin og spurningakeppnina skíða-KVISS. Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson fylgdu hópnunum.



Brugðið á leik á miðnæturmóti unglingadeilda.

Vorferð yngri deilda

Vorferð yngri deilda var farin 24.-26. mars 2023. Öllum börnum í yngri deildum KFUM og KFUK var boðið að taka þátt í ferð í Vatnaskóg þar sem gist var í tvær nætur. Rúmlega 100 þátttakendur úr starfi félagsins í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hvolsvelli, Hveragerði, Grindavík og Reykjanesbæ tóku þátt í þessari ferð. Dagskráin var fjölbreytt m.a. er boðið upp á leiki og fjör, skemmtilega kvöldvöku, náttfatapartý, morgunstund og ævintýraraðleik. Mótstjórar í ár voru þau Thelma Rós Arnardóttir og Þórarinn Darri Ólafsson. Þau sjá um undirbúning og skipulag ferðarinnar ásamt fleiri leiðtogum í starfi KFUM og KFUK.



Brjóstsykursgerð er vinsælt fundarefni í æskulýðsstarfinu.

YFIRLIT YFIR FÉLAGSDEILDIR, FORSTÖÐUFÓLK OG LEIÐTOGA, VETURINN 2022–2023

Veturinn 2022–2023 starfrækti KFUM og KFUK 32 æskulýðs-deildir á 15 stöðum. Deildirnar eru aldursskiptar, vinadeildir (VD) eru fyrir 6-9 ára börn, yngri deildir (YD) eru fyrir 9–12 ára börn og unglingadeildir (UD) eru fyrir 13–15 ára.

Víðast hvar er starfað í nánu samstarfi við kirkjurnar á viðkomandi stað.

UD KFUM og KFUK Akranes

Forstöðukonur: Eva Lind
Hákonardóttir og Svanhildur
Reynisdóttir
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 15

VD KFUM og KFUK á Akureyri

Forstöðufólk: Tinna
Hermannsdóttir og Eydís Ösp
Eyþórsdóttir
Leiðtogar: Krístrún Lilja Gísladóttir,
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og
Helena Ósk Hilmarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 45
Þátttakendur á vorönn: 60

YD Leikjafjör KFUM og KFUK á Akureyri

Forstöðufólk: Tinna
Hermannsdóttir og Eydís Ösp
Eyþórsdóttir
Leiðtogar: Krístrún Lilja Gísladóttir,
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og
Helena Ósk Hilmarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 47

UD KFUM og KFUK Akureyri í samstarfi við Gleráarkirkju

Forstöðukonur: Tinna
Hermannsdardóttir og Eydís Ösp
Eyþórsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 20

VD og Leikjafjör KFUM og KFUK í Breiðholtskirkju

Forstöðufólk: Hreinn Pálsson og sr.
Magnús Björn Björnsson
Leiðtogar: Helga Vígðís Thordersen,
Kristján Daði Runólfsson, Örnólfur
Sveinsson og Bjartur Dalbú
Ingibjartsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 12

UD KFUM og KFUK í

Breiðholtskirkju

Forstöðufólk: sr. Pétur
Ragnhildarson
Leiðtogar: Andrea Rut
Halldórsdóttir og Nanna Birgisdóttir
Hafberg
Þátttakendur á haustönn: 14

VD KFUM og KFUK innri-Njarðvík

Forstöðufólk: Halla Marie Smith og
Ásdís Birta Magnúsdóttir
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK innri-Njarðvík

Forstöðufólk: Halla Marie Smith og
Ásdís Birta Magnúsdóttir
Leiðtogar: Natalía og Þórey Una
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK innri-Njarðvík

Forstöðufólk: Halla Marie Smith og
Ásdís Birta Magnúsdóttir
Þátttakendur á vorönn: 7

VD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstöðumaður: sr. Pétur
Ragnhildarson
Leiðtogar: Þórdís Birta Jónsdóttir
og Dórothea Gerður Örnólfsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 8

YD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstöðumaður: sr. Pétur
Ragnhildarson
Leiðtogar: Þórdís Birta Jónsdóttir
og Dórothea Gerður Örnólfsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 12
Þátttakendur á vorönn: 9

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Forstöðufólk: sr. Pétur
Ragnhildarson og Nanna
Birgisdóttir Hafberg
Leiðtogar: Ásthildur Ben
Davíðsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 16
Þátttakendur á vorönn: 14

UD KFUM og KFUK í

Guðríðarkirkju

Forstöðumaður: Guðmundur
Tómas Magnússon og Huguína Birta
Kristjánsdóttir
Leiðtogar: Ragnheiður Anna
Jónsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 6

YD KFUM og KFUK í

Grindavíkarkirkju

Forstöðufólk: Pétur Bjarni
Sigurðarson og Ásdís Birta
Magnúsdóttir
Leiðtogar: Emilía Þóra Ólafsdóttir,
Hildur Ólög Kristjánsdóttir, Tinna
Björg Hammer Gunnarsdóttir, Björn
Atli Hyldahl Guðmundsson, Pálína
Ósk Jónsdóttir, Lilja Rós Jónsdóttir,
Sigurjón Samved Adhikari og
Thelma Rut Þorvaldsdóttir.
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 18

UD KFUM og KFUK í

Grindavíkarkirkju

Forstöðufólk: Pétur Bjarni
Sigurðarson og Ásdís Birta
Magnúsdóttir.
Leiðtogar: Agnar Ingi Hyldahl
Guðmundsson, Flóvent Rígved
Adhikari, Helgi Guðmundsson og
Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson
Þátttakendur á haustönn: 40
Þátttakendur á vorönn: 15

YD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju

Forstöðufólk: Hálfán Helgi
Matthíasson og Jakob Freyr
Einarsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK í

Hveragerðiskirkju

Forstöðufólk: Hálfán Helgi
Matthíasson og Jakob Freyr
Einarsson
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM og KFUK Hvalsveili

Forstöðukonur: Elín Elfa
Magnúsdóttir og Ólög Sara
Garðarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 32
Þátttakendur á vorönn: 17

UD KFUM og KFUK í Hvalsveili

Forstöðufólk: Elín Elfa Magnúsdóttir
og Ólög Sara Garðarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 28
Þátttakendur á vorönn: 24

VD KFUM og KFUK Keflavík

Forstöðukonur: Brynja Eiríksdóttir
og Þóra Jenny Benónýsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUM Keflavík

Forstöðumaður: Sveinn
Valdimarsson
Leiðtogar: Kristinn Arnar Ólafsson
og Ólafur Jónsson
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 20

YD KFUK Keflavík

Forstöðukonur: Sigurbjört
Kristjánsdóttir og Margrét Jóhanna
Guðjónsdóttir
Leiðtogar: Helga Vígðís Thordersen,
Eyrún Una Jónsdóttir, Sólveig
Hjörleifsdóttir og Hildigunnur
Kristjánsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 63
Þátttakendur á vorönn: 64

UD KFUM og KFUK Keflavík

Forstöðukonur: Thelma Rós
Arnardóttir og Þórarinn Darri
Ólafsson
Leiðtogar: Helga Vígðís Thordersen,
Eyrún Una Jónsdóttir og Sólveig
Hjörleifsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 38

VD KFUM og KFUK

Langholtskirkju

Forstöðumaður: Hreinn Pálsson og
Ríkhartur Esterason
Leiðtogar: Hera Sjón Atladóttir
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 8

YD KFUM og KFUK

Langholtskirkju

Forstöðumaður: Hreinn Pálsson og
Ríkhartur Esterason
Leiðtogar: Hera Sjón Atladóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM í Lindakirkju

Forstöðumenn: Matthías Davíð Matthíasson
Leiðtogar: Ragnar Már Halldórsson og Tómas Andri Gíslason
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 8

YD KFUK í Lindakirkju

Forstöðufólk: Andrea Rut Halldórsdóttir, María Rut Arnardóttir og Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 20
Þátttakendur á vorönn: 15

UD KFUM og KFUK í Lindakirkju (UD Kaktus)

Forstöðumenn: Hálfán Helgi Matthíasson og Karen Sól Halldórsdóttir
Leiðtogi: Matthías Davíð Matthíasson
Þátttakendur á haustönn: 50
Þátttakendur á vorönn: 20

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Forstöðumaður: Gísli Stefánsson.
Leiðtogar: Arnar Gauti Egilsson, Snorri Rúnarsson, Sandra Dögg Valgeirsdóttir og Trausti Mar Sigurðarson
Æskulýðsfundir:
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 25
Opin hús:
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 10

YD KFUM og KFUK í Vídalínskirkju

Forstöðumenn: Jóna Þórdís Eggertsdóttir og Hákon Arnar Jónsson
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 30

YD KFUM og KFUK í Urriðaholtsskóla

Forstöðufólk: Jóna Þórdís Eggertsdóttir og sr. Guðrún Eggerts Þórudóttir
Þátttakendur á haustönn: 15
Þátttakendur á vorönn: 15

UD KFUM og KFUK í Vídalínskirkju


Forstöðumenn: Jóna Þórdís Eggertsdóttir og sr. Matthildur Bjarnadóttir
Þátttakendur á haustönn: 30
Þátttakendur á vorönn: 30



Andrea Rut Halldórsdóttir



Ásdís Birta Magnúsdóttir



Brynja Eiríksdóttir



Elín Elfa Magnúsdóttir



Eydis Ösp Eyþórsdóttir



Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir



Gísli Stefánsson



Guðlaugur Sveinn Hrafnsson



Guðmundur Tómas Magnússon



Sr. Guðrún Eggerts Þórudóttir



Halla Marie Smith



Hákon Arnar Jónsson



Hálfán Helgi Matthíasson



Helga Vigdís Thordersen



Helena Ösk Hilmarsdóttir



Hreinn Pálsson



Hugrún Birta Kristjánsdóttir



Jakob Freyr Einarsson



Jóna Þórdís Eggertsdóttir



Karen Sól Halldórsdóttir



Kristján Daði Runólfsson



Kristrún Lilja Gísladóttir



María Rut Arnardóttir



Sr. Matthildur Bjarnadóttir



Matthías Davíð Matthíasson



Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir



Marín Hrud Jónsdóttir



Nanna Birgisdóttir Hafberg



Ólöf Sara Garðarsdóttir



Pétur Bjarni Sigurðsson



Pétur Ragnhildarson



Ríkarður Esterason



Sigurbjört Kristjánsdóttir



Svanhildur Reynisdóttir



Sveinn Valdimarsson



Thelma Rós Arnardóttir



Tinna Hermannsdóttir



Póra Jenny Benónýsdóttir



Þórarinn Darri Ólafsson



Örnólfur Sveinsson



3. LEIÐTOGAÞJÁLFUN

HJÖRDÍS RÓS JÓNSDÓTTIR
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og þjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Sem kristilegt félag leitast KFUM og KFUK við að efla trúarþroska ungs fólks og sjálfmynd þeirra sem kristinna einstaklinga. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK tekur einnig mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess, sem starfsmenn í sumarbúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnnum og nefndum. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

Uppbygging leiðtogaþjálfunarinnar

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgihald. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK

er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Samstarf um leiðtogaþjálfun 2022-2023

KFUM og KFUK er hluti af Æskulýðsvettvanginum (ÆV) ásamt Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), Slysavarnafélaginu Landsbjörgu og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ). Tilgangur ÆV er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála. Má hér sérstaklega nefna Verndum þau námskeiðið og netnámskeiðið í barnavernd.

KFUM og KFUK leggur mikla áherslu á að allt starfsfólk og sjálfboðaliðar félagsins sækji Verndum þau námskeiðið annað hvert ár. Á námskeiðinu er farið yfir helstu einkenni og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu í garð barna og hvernig bregðast skuli við ef grunur um slíkt kemur upp í starfinu. Boðið var upp á Verndum þau námskeiði á Holtavegi 28, 25. apríl 2022 og 11. janúar 2023. Starfsfólki og sjálfboðaliðum stendur einnig til boða að taka netnámskeiðið í barnavernd en þar þurfa þátttakendur að standast próf til að fá viðurkenningu á því að hafa lokið námskeiðinu.

Á liðnu starfsári stóð Æskulýðsvettvangurinn einnig fyrir námskeiðunum Hinsegin fræðsla þann 8. febrúar og Samskipti og siðareglur þann 8. mars.

NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU 2022-2023

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegrar þjálfunar milli leiðtogaheganna. Fræðslan á leiðtogahegunum byggir á grunnstöðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/K=mannrækt. Hjördís Rós Jónsdóttir heldur utan um leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára en hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu voru haldnar tvær leiðtogaheggar.

Vatnaskógur 30. september-2. október 2022, leiðtogaþjálfun I, III og IV

Fyrri leiðtogaheggin var að þessu sinni haldin í Vatnaskógi dagana 30. september - 2. október. Vegna þess að fresta þurfti leiðtogaheggin vorið 2022 þá voru haldin þrjú aðskilin námskeið þessa helgi, leiðtogaþjálfun I (fyrir þá sem voru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni), leiðtogaþjálfun III (fyrir lengra komna) og leiðtogaþjálfun IV (fyrir þá sem voru að klára leiðtogaþjálfunina). Heggin tókst einstaklega vel til og var hún stúf full af fjölbreyttri og faglegri fræðslu og skemmtun. Meðal annars var farið yfir siðareglur og samskipti, ræðumennsku og framkomu, viðburðastjórnun og dagskrárgerð, hvernig við segjum sögur og erum fyrirmyndir. Um fræðsluna sáu þau: Arnar Ragnarsson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson, Jón Ómar Gunnarsson, Pétur Ragnhildarson, Tinna Hermannsdóttir og Tómas Torfason. Þátttakendur á námskeiðunum þremur voru 60 talsins.

Vatnaskógur 20.-22. janúar 2023, leiðtogaþjálfun II og IV

Síðari leiðtogaheggin var haldin í Vatnaskógi dagana 20.-22. janúar. Flottur hópur leiðtoga tók þátt í þeirri helgi og var hún líkt og aðrar leiðtogaheggar full af fróðleik og skemmtun. Þessi helgi var þó ólík fyrri helgum að því leyttinu til að veðrið setti smá strík í reikninginn. Hópurinn frá Akureyri komst ekki suður vegna ófærðar og hópurinn í Vatnaskógi þurfti að fresta heimkomu um nokkra klukkutíma vegna veðurs. Heggin var þó ekki verri fyrir vikið og eftir að hafa farið yfir hefðbundna dagskrá þar sem þátttakendur lærðu m.a. um hvernig maður getur verið frábær liðsmaður og fyrirmyndar leiðtogi, hvernig flytja á hugleiðingu eða taka á erfiðum málum í starfi með börnum og ungmennum þá fengu þau einnig ýmsa verklega þjálfun og sáu meðal annars um vöflukaffi fyrir hópinn. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru: Ásgeir Pétursson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson og Tómas Torfason. Þátttakendur á námskeiðunum tveimur voru 40.

Leiðtogaráðstefnan GLS

Á hverju ári býðst leiðtogum og starfsfólki KFUM og KFUK að taka þátt í leiðtogaráðstefnunni Global leadership summit (GLS). Í ár nýttu nokkrir starfsmenn og stjórnarmeðlimir ráðstefnuna sem haldin var föstudaginn 4. nóvember á Grand hóteli. Boðið upp á flotta og uppbyggjandi fyrirlestra sem nýttast leiðtogum í starfi og eigin lífi.

Samráðsfundur forstöðufólks

Tvisvar á ári er boðið upp á samráðsfund fyrir forstöðufólk deildarstarfsins. Á samráðsfundinum getur forstöðufólk rætt saman um starfið, nýjar hugmyndir, viðburði sem fram undan eru og farið yfir stöðu mála og þá viðburði sem þegar hafa verið haldnir. Fyrri fundurinn var haldinn 1. september og sá síðari 14. nóvember, báðir á Holtavegi 28. Hreinn Pálsson skipulagði og stýrði fundinum. Fundir sem þessir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk og forstöðufólk getur rætt saman og skipulagt deildastarfið.



Hópavinna í leiðtogaþjálfun fyrir 15-17 ára ungmenni.



Árleg námskeið í skyndihjálpi og brunavörnum eru skyldunámskeið hjá ungmennum sem starfa í sumarþáttum félagsins.



Gunnar Hrafn Sveinsson kenndi sumarstarfsfólki ýmsa útileiki á námskeiði 28. maí 2022.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Þegar ég leiði hugann að starfi KFUM og KFUK þá er það fyrst og fremst kærleikurinn sem kemur upp í hugann. Kærleikurinn sem umlykur starfið og fólkið sem starfar í þessu félagi, sem ég hef verið svo lánsöm að kynnast og vera partur af. Hjá okkur geislar ekkert nema góð orka og gleði.



Þegar ég var 9 ára fór ég í fyrsta skipti í Vindáshlíð. Ég man það eins og það hafi gerst í gær. Eftir að heim var komið, eftir yndislega daga, hélt ég áfram að syngja borðsönginn fyrir matartíma og fara með bænirnar mínar fyrir svefninn. Ég fór strax að undirbúa mig fyrir næstu ferð í Vindáshlíð, því þar leið mér svo vel.

Í Vindáshlíð fékk ég að vera á mínum forsendum, eins og ég er og var aldrei dæmd. Ég fékk að rækta hæfileika mína og fékk þá hvatningu sem ég þurfti. Ef mér leið illa þá fékk ég umhyggju, hlýju og kærleika frá starfsfólkinu. Þar var vel haldið utan um einstaklinginn.

Þegar ég hafði svo aldur til sótti ég um vinnu í Vindáshlíð og fékk starfið. Auðvitað var jafn dásamlegt, ef ekki betra, að starfa þar eins og að vera þar sem barn í sumarbúðum, þó að hlutverkið hefði breyst.

Nú mörgum árum seinna sækist ég en í það að fá að starfa fyrir KFUM og KFUK vegna allrar þessarar jákvæðu orku og kærleika sem umvefur starfsemina. Þar starfar yndislegt fólk sem þekkir góð gildi Guðs. Ég er stolt og þakklát fyrir að vera partur af þessu félagi sem hefur mótað mig frá unga aldri. Ég vona að einhvern daginn get ég kynnt þetta frábæra starf fyrir mínum eigin börnunum.

Elísa Sif Hermannsdóttir

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sumarsins á sem bestan hátt fyrir þau verkefni sem þeirra bíða. Í ár var boðið upp á fjölda námskeiða sem starfsfólk gat sótt en það var Hjördís Rós Jónsdóttir sem hafði yfirumsjón með námskeiðunum en ásamt henni sáu fleiri gestir um fræðsluna. Hér má sjá lista yfir námskeiðin sem haldin voru:

- 25. apríl **Verndum þau** – Þorbjörg Sveinsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur Barnahúss
- 10. maí **Fræðslukvöld um trúarlegt ofbeldi** – Bjarni Randver Sigurvinsson, guðfræðingur og trúarbragðafræðingur
- 19. maí **Námskeið fyrir aðstoðarforingja og foreldra þeirra** – Hjördís Rós Jónsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK
- 19. maí **Foringi í fyrsta skipti** – Hjördís Rós Jónsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK
- 23. maí **Matráðar og veganmat** – Hreiðar Örn Stefánsson Zoega, matráður og kjötiðnaðarmaður
- 28. maí **Allt það helsta í starfi með börnum** – Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Tómas Torfason og Bröstur Árni Gunnarsson
- 31. maí **Skyndihjálp og brunavarnir** – Kristján Sigfússon bráðatæknir og hjúkrunarfræðingur og Jón Pétursson slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður
- 2. júní **Samráðsfundur forstöðufólks** – Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK

Námskeið á Akureyri

Líkt og síðustu tvö ár var boðið upp á sérstök námskeið fyrir sumarstarfsfólk sem búsett er á Akureyri. Miðvikudaginn 4. maí var boðið upp á námskeið fyrir aðstoðarforingja og foreldra þeirra þar sem fjallað var um sumarbúðir KFUM og KFUK, hlutverk starfsfólks og þá sérstaklega hlutverk aðstoðarforingja, farið var yfir siðareglur og fleiri praktísk mál. Fimmtudaginn 5. maí var boðið upp á námskeið um siðareglur og samskipti fyrir forstöðufólk og foringja sumarbúðanna. Hjördís Rós Jónsdóttir sá um fræðslu á námskeiðunum en Tinna Hermannsdóttir sá um undirbúning og skipulag við námskeiðin fyrir norðan.



Grillað í Kjarnaskógi. Myndin er frá leikjanámskeiði KFUM og KFUK á Akureyri.

4. LEIKJANÁMSKEIÐ

HREINN PÁLSSON
TÓK SAMAN



Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á þremur stöðum sumarið 2022, í Lindakirkju í Kópavogi og í Félagsheimli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ Hátúni 36 og í Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri Sunnuhlíð 12. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin sex leikjanámskeið sumarið 2022. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingu og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum um morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir aðstoðarleiðtogar, sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 121 talsins og var biðlisti á flest námskeiðin.

Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju

sumarið 2022: Jakob Freyr Einarsson, Lára Ruth Clausen, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Hálfván Helgi Matthíasson, Ragna Már Halldórsson, Brynjar Már Guðmundsson, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Bjargey Guðmundsdóttir, Daníel Ingi Eyrjólfsen, Tómas Andri Gíslason, Eva Lind Hákonardóttir og Krístrún Lilja Gísladóttir.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2022. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 51. Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2022: Ásdís Birta Magnúsdóttir, Elfa Ingvarsdóttir, Kamilla Rún Jónsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Ólafur Jónsson og Kristinn Arnar Ólafsson

Á Akureyri voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2022. Námskeiðin voru frá kl. 9–15 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin sem haldin voru í fyrsta skipti í sumar og mörg barnanna voru að koma báðar vikurnar. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 62. Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK á Akureyri sumarið 2022: Tinna Hermannsdóttir, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Tara Sól Reynisdóttir og Stefán Andri Björnsson.



Hljómsveitaræfing fyrir tónleikana „Lög unga fólksins“ sem fram fóru 22. apríl 2022.

5. FJÖLSKYLDU- OG FULLORÐINSSTARF

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa. Í hópi félagsmanna á aldrinum 18 til 99 ára er einnig að finna bakland félagsins, þá sem leggja sitt af mörkum sem sjálfbóðaliðar t.d. í stjórnnum og nefndum eða vinnuflokkum sumarbúðanna.

Fjölbreytt félagsstarf

Í KFUM og KFUK er rými fyrir fjölbreytt félagsstarf og verkefni. Fimm verkefni njóta sérstöðu þar sem yfir þau eru til samþykktir og fyrir þeim fer formleg stjórn. Verkefnin eru: Karlakór KFUM, Kvinnakórinn Ljósbrót, Basar KFUK, Jól í skókassa og Sportfélag KFUM og KFUK. Skýrslur þessara verkefna er að finna í kaflum 5.1 til 5.5.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en á öðrum árstímum er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna t.d. feðgaflokkar, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkar, karla- og kvinnaflokkar. Að ógleymdri fjölskylduhátíðinni Sæludagar í Vatnaskógi. Nánar er komið inn á það í skýrslum sumarbúðanna í köflum 11 til 15.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Áralöng hefð er fyrir vikulegum fundum í fullorðinsstarfi félagsins hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Haustið 2022 var gerð sú breyting að fundirnir voru sameinaðir og hafa verið á fimmtudagskvöldum. Umfjöllunarefni fundanna er fjölbreytt, m.a. koma ýmsir gestir með erindi um áhugaverð mállefni. Fundir vetrarins hafa verið

vel sóttir. AD nefndina skipuðu: Gunnar J. Gunnarsson, formaður, Arna Ingólfsdóttir, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Ólafur Sverrisson, Árni Sigurðsson, Ingi Bogi Bogason og Ársæll Aðalbergsson.

Lög ungafólksins

Lög unga fólksins í KFUM og KFUK 1968–1980 var yfirskrift tónleika sem haldnir voru 28. apríl 2022 í Lindakirkju. Hópur fólks sem komið er yfir miðjan aldur dustaði rykið af hljóðfærunum, rifjaði upp og flutti kristilega popptónlist frá fyrrgreindum árum. Meðal flytjenda voru: Bandið, Kristilega drengjahljómsveitin RUT, Svarti hanskin, Jesúbræður, Sólveig Óskarsdóttir og Hilmar Baldursson, Saltkorn, Ingi Gunnar & Sigurður Grétar, Elsa Waage og Dagný Bjarnhéðinsdóttir og Laufey Geirlaugsdóttir. Um 300 manns sóttu tónleikana sem tókust einstaklega vel. Ágóði af miðasölu var um 400.000 kr. og rann til verkefnisins Jól í skókassa. Fjöldi fólks kom að verkefninu en, helstu hvatamenn voru að öðrum ólöstuðum Ingi Bogi Bogason og Gunnar J. Gunnarsson.

Sjálfbært starf

Til fjölda ára hefur verið lögð á það áhersla að fullorðinsstarf KFUM og KFUK sé sjálfbært fjárhagslega. Þannig er starfið borið uppi af sjálfbóðaliðum án þess að starfsfólk félagsins komi að því sérstaklega.

Þakklæti til sjálfbóðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfbóðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkar fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.



5.1 KVENNAKÓRINN LJÓSBROT

Ljósbrots, kvinnakór KFUM er að ljúka sjöunda starfsári sínu. Um er að ræða metnaðarfullan og skemmtilegan kór tuttugu kvenna sem hittist einu sinni í viku í höfuðstöðvum KFUM og KFUK við Holtaveg. Kóræfingar eru á miðvikudögum frá klukkan sautján til átján fimmtán. Keith Reed, stjórnandi Ljósbrots, hefur samið og útsett tónlist sérstaklega fyrir kórinn. Þetta er ómetanlegt. Í kórstarfinu er rík áhersla á raddbeitingu og túlkun. Öllum æfingum lýkur með bænastund. Nýjasta tækni er nýtt í þágu starfsins. Nótum er miðlað rafrænt í gegnum vefsíðuna www.Vocals.is sem þjónar nú hlutverki nótasafns. Kórfélagar Ljósbrots geta því notað spjaldtölvur og hagræðið er mikið. Fésbókarhópur kórsins og vefsíða KFUM og KFUK er einnig notuð til upplýsingamiðlunar um starfseminu.

Aðalfundur Ljósbrots var haldinn á Holtaveginum þann 23. mars síðastliðinn. Stjórn kórsins var endurkjörin en í henni sitja Herdís Ástráðsdóttir formaður, Ásta Þorbjörnsdóttir gjaldkeri og Alfa Kristjánsdóttir ritari.



Herdís Ástráðsdóttir Ásta Þorbjörnsdóttir Alfa Kristjánsdóttir

Heimsfaraldurinn hefur kennt okkur að þátttaka í félagsstarfi eins og Ljósbroti eru ekki sjálfsögð lífsgæði. Fella þurfti niður æfingar í upphafi ársins vegna fjölda Covid smita í samfélaginu. Á vordögum fór kórinn í æfingabúðir og hélt einnig tónleika og kaffisölu til styrktar Vindáshlíð. Tónleikarnir voru liður í hátíðarhöldum vegna 75 ára afmælis Hlíðarinnar. Vindáshlíðarlögin voru flutt í nýjum útsetningum Keiths kórstjóra.


Kórinn söng hjá Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, á aðventukvöldi Gideon félagsins og AD KFUM og KFUK. Jólatónleikar voru haldnir þann 11. desember síðastliðinn í höfuðstöðvum KFUM og KFUK. Á efnisskránni voru meðal annars lögin Jesús, þú ert vort jólaljós, Slá þú hjartans hörpustrengi, Dag í senn og Þú Guð míns lífs í nýjum útsetningum Keiths. Í árslok var notaleg aðventusamvera haldin á heimili Herdísar Ástráðsdóttur formanns. Við erum auðmjúkar og þakklátar fyrir heilsu, krafta, samkennd og samhljóm. Tónlistin er Guðsgjöf. Lokaorð þessara lína frá Ljósbroti eru einkunnarorð kórsins „Drottinn er styrkur minn og lofsöngur.“ (Sálmur 118.14).

ALFA KRISTJÁNSDÓTTIR
RITARI LJÓSBROT



5.2 KARLAKÓR KFUM

Eftir velheppnaðan aðalfund 21. mars 2022, voru kjörnir í stjórn Páll Skaftason formaður, Sigurjón Gunnarsson gjaldkeri og Stefán Sandholt ritari. Starf kórsins hélt áfram sem fyrr. æfingar á mánudagskvöldum undir stjórn Ástu Haraldsdóttur og Bjarna Gunnarssonar meðleikara. Á æfingunum skipta kórfélagar með sér að hafa orð og bæn í hálfleik. Allir eru sammála um að þetta eru gefandi stundir.



Páll Skaftason Sigurjón Gunnarsson Stefán Sandholt

Vorönn 2022

Viðburður sem kórinn tók þátt í á vorönn 2022 var kveðjusamkoma í Breiðholtskirkju þegar sr. Gísli Jónasson kvaddi söfnuðinn. Þá var þátttaka okkar rómuð á sumardaginn fyrsta á hátíðarsamkomu Skógarmanna þar sem Sigurbjörn Þorkelsson og Jóhann Helgason leiku aðalhlutverk, frábært framtak hjá þeim félögum. Vortónleikar voru haldnir 24. maí með frábærri þátttöku fiðlusveitarinnar fögru á vegum Ástu stjórnanda. Vorferð var farin 1. júní og ferðinni heitið að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd þar sem Kristján Valur sá mæti maður tók á móti okkur og fræddi. Eftir góða samveru og frábærar móttöku var haldið í Vatnaskóg til kvöldverðar. Allir voru ánægðir að degi loknum. Þá ber að minnast samveru í Vatnaskógi í ágúst þar sem tekin var skóflustunga að nýjum matskála. Þar lékum við smá hlutverk ásamt ýmsum gestum s.s. biskupi Íslands frú Agnesi Sigurðardóttur, barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni, borgarfulltrúum og fleiri gestum að ógleymdum drengjunum sem þar voru í dvalarflokki. Voru þeir æsku Íslands til mikils sóma. Ógleymanleg stund.

Haut- og vetrarönn 2022-2023

Í september kvaddi okkar kærri meðleikari Bjarni Gunnarsson kórinn og fór til frekara náms. Við tók meðleikari ekki af verri endandum frú Antonía Hevesi og hefur aðkoma hennar að kórnum tekist afar vel. Í byrjun nóvember vorum við svo lánsamir að hafa æfingabúðir í Vindáshlíð þar sem við æfðum jólaprógrammið undir stjórn Ástu og Antoníu. Kórinn söng síðan á aðventukvöldi KFUM og K 1. desember. Árlegir jólatónleikar kórsins voru haldnir 13. desember. Þar var ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þar sem gestasöngvari var enginn annar en Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari, takk fyrir. Trompetleikari var hinn ungi Dagbjartur Elí Kristjánsson. Tónleikarnir heppnuðust í alla staði mjög vel og aðsókn góð. Þann 14. desember söng kórinn við árlega aðventustund í sr. Friðrikskapellu ásamt Valskórnum og karlakórnum Fóstbræðrum. Þar vorum við góðir að vanda. Þann 16. janúar hófust æfingar að nýju. Æft er af krafti fyrir komandi vortónleika. Kórinn tók þátt í kristniboðssamkomu 5. mars í kristniboðsvikunni. Að lokum má geta þess að kórinn söng við tvennar jarðafarir, Karls S. Benediktssonar og Láru Höllu Jóhannsdóttur. Það ætti að vera okkur hjartans mál að fá inn yngri kórmeðlimi, við erum jú margir orðnir svo fullorðnir að við gætum tekið barnabörnin með okkur. Við getum svo sannarlega verið stoltir af starfi kórsins.

STEFÁN SANDHOLT
RITARI KARLAKÓRS KFUM



5.3 BASAR KFUK

Basar KFUK er árlegur jólabasar sem haldinn er laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Markmiðið er fjáröflun fyrir ýmis verkefni félagsins KFUM og KFUK. Hlutverk stjórnarinnar er að koma að undirbúningi og framkvæmd Basar KFUK. Í stjórn verkefnisins eru þær Bára Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir gjaldkeri, Berglind Ósk Einarsdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórnandi. Stór hópur af sjálfboðaliðum koma saman og starfa með stjórn í undirbúningsnefnd. Í þeim hópi þetta árið voru Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir, Salóme Jórunn Bernharðsdóttir, Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, María Sighvatsdóttir, Anna Magnúsdóttir og Guðrún Nína Petersen. Arna Mariúsdóttir Auðunsdóttir sá um að hanna auglýsingar fyrir samfélagsmiðla.

Basarinn var haldinn laugardaginn 26. nóvember 2022. Með frábæru framtaki öflugs félagsfólks þá var hægt að hafa þennan einstaka viðburð í félagshúsinu á Holtavegi 28. Ilmur af nýbökkuðum vöflum mætti fólki þegar það steig inn í hlýjuna því þetta árið var hægt að hafa kaffisölu fyrir gesti basarsins. Mikið magn af glæsilegu handverki fyllti öll borðin í stóra salnum. Skemmtileg viðbót við úrvalið þetta árið voru fallegir handgerðir púðar í öllum litum og gerðum, svo flottir jóladúkar og löberar að þeir ruku

Stjórn Basars KFUK:



Bára
Sigurjónsdóttir



Anna Elísa
Gunnarsdóttir



Hildur Þóra
Hallbjörnsdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir

út á fyrsta klukkutímanum, einstakar handsaumaðar dúkkusængur, koddar og ver, handgerðar figúrur úr Örkinni hans Nóa og svo margt fleira fallegt að lengi mætti telja. Það er svo mikil sköpunargleði í þessum flotta hópi sjálfboðaliða og á hverju ári má sjá og kaupa einstök vönduð handverk á þessum elsta basar landsins. Í enda salarins voru borðin hlaðin af girnilegum kökum, tertum, brauðmeti og sultum sem hægt var að kaupa og njóta síðar. Tilvalið að kíkja á basarinn fyrri part laugardags, styrkja félagið með því að kaupa heimagert góðgæti og bjóða svo fjölskyldu og vinum heim í jólakaffi seinnipartinn.



Margir litu við og sýndu stuðning í verki og kaupum. Stjórnin var mjög ánægð með fjáröflun basarsins þetta árið. Ákveðið hefur verið að láta ágóðann renna til sumarbúðanna í Kaldárseli. Stjórn Kaldársels er með söfnunaráttak í gangi fyrir nauðsynlegum endurbótum á aðstöðu fyrir börnin, til að mynda umbætur um öryggi í brunavörnum í samstarfi við brunahönnuð og slökkviliðið.

Stjórn verkefnisins vill þakka öllum þeim sem lögðu Basar KFUK lið á árinu. Basarinn er ekkert án sjálfboðaliðanna og vinna allra er ómetanleg. Sérstakar þakkir til þeirra sem létu kaffisöluna verða aftur að veruleika. Það gleður okkur mikið að sjá þær gullfallegu vörur sem voru gefnar á basarinn og úrvalið af heimagörðum góðgætinu var glæsilegt. Þakkir fara einnig til allra sem komu og versluðu og gáfu peningagjafir. Basarstjórn þakkar fyrir árið og við erum fullar tilhlökkunar fyrir næsta basar.



BERGLIND ÓSK EINARSDÓTTIR
RITARI BASARS KFUK



5.4 JÓL Í SKÓKASSA

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðastarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður

Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri

Hreinn Pálsson, ritari

Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi

Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi



Björgvin
Þórðarson



Mjöll
Þórarinsdóttir



Hreinn Pálsson



Ingibjörg
Valgeirsdóttir



Áslaug
Björgvinsdóttir

Verkefni stjórnarinnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna og móttaka á jólagjöfum. Önnur verkefni stjórnarinnar voru m.a. samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

Söfnun gjafa

Árið 2022 var nítjándi árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 12. nóvember, 2022 en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsfólk KFUM og KFUK gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum.

Alls söfnuðust 5.575 kassar. Þetta er með því mesta sem safnast hefur og við höfum sent frá okkur. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 14. nóvember 2022 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í Úkraínu. Eimskip styrkti flutninginn innanlands og sá um sjóflutninginn.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Sjálfbóðaliðar okkar í Úkraínu sáu alfarið um dreifingu gjafanna sem lauk í lok janúar 2023. Aðstæður voru krefjandi og allt aðrar en vanalega vegna stríðsins sem er núna í gangi í Úkraínu. Lítið hefur verið sprengt á því svæði sem við höfum helst verið að þjóna en þeim mun fleiri koma þangað á flóttu og hafa lítið sem ekkert á milli handanna. Hver einasti pakki frá Íslandi gerir mikið fyrir hvert barn og ungumenni á þessu svæði.

Sérstök fjársöfnun

Vegna innrásar í Úkraínu var í mars 2022 farið af stað í mars með sérstaka söfnun til að hjálpa fólkinu í Úkraínu sem býr við erfiðar aðstæður. Þátttaka í söfnuninni var mjög góð. Þá var haldið Bingó í Smáralind þar sem öll innkoma fór í söfnunina. Að auki rann allur ágóði af tónleikunum „Lög ungafólksins“ (sjá bls. 20) til söfnunarinnar. Um 3 milljónir söfnuðust sem



voru m.a. nýttar til að kaupa hlýjan útivistarfatnað fyrir börn sem sendur var út í gámnum með jólagjöfunum. Stjórn verkefnisins vill koma á framfæri miklu þakklæti til allra þeirra sem styrktu eða komu að söfnuninni.

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í verkefninu sem sjálfbóðaliðar og til þeirra sem gáfu gjafir. Það er ykkur að þakka að fjöldi barna sem býr við erfiðar aðstæður fær jólagjöf sem gleður.

HREINN PÁLSSON
RITARI JÓL Í SKÓKASSA





Góður hópur tók þátt í gönguferð að Grænahrygg í júlí 2022.

5.5 SPORTFÉLAG KFUM OG KFUK

Sportfélag KFUM og KFUK er opinn útivistarhópur sem stendur fyrst og fremst fyrir göngu- og hjólaferðum. Ferðirnar eru auglýstar í sífellt stækandi facebook hópi Sportfélagsins þar sem meðlimir eru nú hátt á sjötta hundrað. Flestar ferðir eru ókeypis og öllu áhugafólki um útivist og hreyfingu er velkomnið að ganga til liðs við hópinn og taka þátt, óháð því hvort viðkomandi er félagi í KFUM og KFUK eða ekki.

Stjórn Sportfélagsins skipa Pétur Ásgeirsson formaður, Anna Magnúsdóttir ritari og Guðrún Nína Petersen gjaldkeri. Fimm stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2022, allir í formi netfunda, og snerust fundirnir að mestu um skipulagningu ferða og dagskrá.



Pétur
Ásgeirsson



Anna
Magnúsdóttir



Guðrún Nína
Petersen

Árið 2022 var mikil virkni í starfseminni en þá voru 23 viðburðir á dagskrá, eða að meðaltali um tveir viðburðir á mánuði sem er talsverð aukning frá fyrri árum. Langflestir þessara viðburða, 18 talsins, voru gönguferðir, allt frá örstuttum innanbæjargöngum upp í margra daga ferðir.

Þar bar hæst fyrstu utanlandsferð Sportfélagsins um mánaðamót október/nóvember. Hún var í samstarfi við norsku Biblíu- og kristniboðsmiðstöðina Centro Sarepta á Spáni sem bauð upp á tilbúinn pakka með gistingu, mat, göngudagskrá og kristilegum samverustundum. Ánægja var með ferðina, enda fangaði hún það sem Sportfélagið stendur fyrir, útivist, hreyfingu, góðan félagskap og kristið samfélag. Veðrið á Spáni spillti ekki fyrir. Annar hápunktur ársins var nokkurra daga vel heppnuð Hornstrandaferð í júlí þar sem dvalið var í Hornbjargsvita og gengið út frá honum í stórbrotnu landslagi.



Hjólað á milli sumarþúða KFUM og KFUK.

Af dagsferðum má nefna fjölmenna ferð í júlí að Grænahrygg í nágrenni Landmannalauga. Sú ferð var sameiginleg með gönguhópi sem tengist Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu.

Aðrar fjölmennar gönguferðir voru til dæmis í Búrfellsgjá í Heiðmörk í janúar, í nágrenni Straums í Straumsvík í mars, fjölskylduganga í tengslum við vorhátíð Kaldársels í maí og ganga í tengslum við kaffisölu Ölvers í ágúst. Hjólaferðir á árinu voru fjórar, þar af ein helgarferð í júní þar sem hjólað var milli sumarbúðanna Ölvers, Vatnaskógar, Vindáshlíðar og Kaldársels með gistingu í Vatnaskógi og Vindáshlíð.

Í maí var boðið upp á kakaj kennslustund í smábátahöfn Hafnarfjarðar. Meðalmæting á hvern viðburð var 13-14 manns. Það er ekki endilega keppikefli stjórnarinnar að mjög stór hópur mæti í hverja ferð, enda stundum sterkari upplifun að ganga úti í náttúrunni í tiltölulega fámennum hópi fólks.

Sportfélagið hefur líka auglýst og tekið þátt í viðburðum á annarra vegum, eins og bænagöngu í kristniboðsviku SÍK og samkirkjulegri bænagöngu á sumardaginn fyrsta.

Í flestum tilvikum voru stjórnarmenn fararstjórar í ferðunum, en einnig hafa Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Gísli Friðgeirsson, Guðmundur Jóhannsson, Hafliði Kristinsson, Hafsteinn Kjartansson, Stefán Ingi Guðjónsson og Styrmir Magnússon verið fararstjórar eða skipulagt viðburði, auk Arild Melberg fyrir hönd Centro Sarepta á Spáni.

Í KFUM og KFUK er leitast við að gera það sem er uppbyggilegt fyrir líkama, sál og anda og þar hefur Sportfélagið komið sterkt inn í fullorðinsstarfið með ferðum, útivist og hreyfingu í góðum félagskap á kristnum grunni.

ANNA MAGNÚSDÓTTIR
RITARI SPORTFÉLAGS KFUM OG KFUK



Gönguferð um Gálgahraun í mars 2023.



Einn af hápunktum starfsársins var fimm daga gönguvika á Alicante á Spáni.



Úr vel heppnaðri ferð á Hornstrandir í júlí 2022.



Fulltrúar á fundi formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum.

6. ALPJÓÐASTARF

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



Alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi enda er félagið hluti af stærri heild á alþjóðavísu.

Við eigum gott samstarf við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem tengjast öðrum félagasamtökum. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Alþjóðaráð

Alþjóðaráð hefur það hlutverk að efla starf KFUM og KFUK á Íslandi á alþjóðavettvangi. Það hefur umsjón með erlendum samskiptum, fylgist með erlendum viðburðum og verkefnum sem í boði eru og velur þátttakendur á þá viðburði. Einnig leitast ráðið við að kynna félagið á erlendra grundu. Eitt af markmiðum ráðsins er að gefa ungu fólki tækifæri til þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og öðlast þannig alþjóðlega sýn og reynslu sem nýtist þeim m.a. í verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Alþjóðaráðið stuðlar einnig að aukinni vitund félлага að félagið er hluti af alþjóðlegri hreyfingu. Alþjóðaráð skipa: Hilmar Jónsson formaður, Katrín Lea Daðadóttir, Lára Ruth Clausen og Margrét B W Waage Reynisdóttir.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórafundur

Árlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Norðurlöndunum var haldinn í Stokkhólmi 27.–29. janúar 2023. Markmið fundarins er að skerpa á norrænu samstarfi félaganna og efla tengsl forystufólks KFUM og KFUK á Norðurlöndum. Stefán Jónsson og Tómas Torfason sóttu fundinn fyrir hönd Íslands.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu (YMCA Europe), samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi.

Aðalfundur KFUM í Evrópu

Aðalfundur KFUM í Evrópu (YMCA Europe General Assembly) var haldinn í Árósum í Danmörku 1.-3. Júlí 2022. Fulltrúar Íslands á fundinum voru Hilmar Jónsson stjórnarmaður og formaður alþjóðaráðs og Tómas Torfason framkvæmdastjóri.



Um 1.100 þátttakendur frá 1220 löndum voru saman komin í Árósum á heimsþingi KFUM.



Fulltrúar á aðalfundi KFUM í Evrópu sem fram fór í Árósum 1.–3. júlí 2022.

Hefðbundin aðalfundarstörf og stefna hreyfingarinnar til komandi ára var á dagskrá. Þá voru jafnframt fjölbreyttar vinnustofur m.a. um stafrænt ungmennastarf, og hvað felist í sterku KFUM félagi. Viðbrögð KFUM félaga í Evrópu við stríðinu í Úkraínu og aðstoð við fólk á flótta fékk einnig sitt rými á fundinum.

Fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu

Árlegur fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu fór fram í Brussel 21.–23. nóvember 2022. Tómas Torfason framkvæmdastjóri sótti fundinn fyrir hönd félagsins.

Heimsþing KFUM

Heimsþing KFUM (YMCA World council) var haldið 3.–8. júlí í Árósum í Danmörku. Fyrir þinginu lá tillaga að stefnu og áherslum til ársins 2030, sem fékk sína umræðu og afgreiðslu. Um 1.100 þátttakendur frá 120 löndum voru saman komin í Árósum. Álíka stór hópur tók svo þátt í fundum og samkomum sem streymt var á netinu. Tómas Torfason sótti þingið fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi.

Samstarf við KFUM í Úkraínu

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við KFUM í Úkraínu í gegnum verkefnið Jól í skókassa. Er komið nánar inn á það samstarf í kafla 5.4 sem er tileinkaður verkefninu.



Frá fundi framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég kynntist KFUM og KFUK sem unglingur í gegnum skólasystur mínar. Við fórum saman í unglingaflokk í Vindáshlíð og í heila viku fékk ég að njóta alls þess fagra og góða sem Vindáshlíð býður upp á. Síðar fékk ég tækifæri til að vinna í Vindáshlíð og í áratug var ég í stjórn Vindáshlíðar og lærði að reka sumarbúðir með mér eldri og reyndari konum, eins og Betsy Halldórsson og Guðfinnu Guðmundsdóttur. Ég man sjálfa mig tvítuga á aftursætinu á rauðu Löðunni hennar Betsy á leið upp í Vindáshlíð í vinnuflokk, hlusta á reynsluríkt tal þeirra, sem bar vitni um umhyggju þeirra og virðingu fyrir öllu sem snerti Vindáshlíð.

Ég fékk líka að taka þátt í ýmsu öðru sjálfböðastarfi á vegum KFUM og KFUK sem leiðtogi í æskulýðsstarfi félagsins, bæði í Maríubakkanum í Breiðholti, á Holtaveginum og fleiri stöðum í Reykjavík. Stelpan sem þorði ekki að lesa upp ljóð og sögur í skólanum var farin að stjórna fundum og kvöldvökum. Það var líka lærdómsríkt að fá að taka þátt í ýmsum stjórnun, ráðum og nefndum á vegum félagsins sem kenndi mér mikilvægi lýðræðislegra vinnubragða, stjórnun og skipulagningu viðburða og samvinnu um mikilvæg málefni. Félagið hefur haft mótandi áhrif á lífsskoðun mín og trú. Í gegnum starf mitt fyrir KFUM og KFUK á Íslandi hér heima og á alþjóðavísu, hef ég eignast vini fyrir lífstíð sem ég met mikils.

Landlæknisembættið hefur lagt til fimm leiðir að vellíðan. Hvað mig varðar finnst mér KFUM og KFUK hafa gefið mér tækifæri til að leggja rækt við þær allar: Þar hef ég fengið að mynda dýrmæt tengsl sem enn gefa mér mikið. Þar fæ ég tækifæri til hreyfingar og útivistar, lærdóms og núvitarar og síðast en ekki síst tækifæri til að gefa af mér.

Það er mér mikils virði að fá enn að taka þátt í slíkum félagsskap.

Gyða Karlsdóttir

7. INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Stjórn ÆV skipuðu þau Tómas Torfason formaður (KFUM og KFUK), Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg) og Helga Þórey Júlíusdóttir (BÍS). Helga Þórey lét af störfum hjá BÍS á starfsárinu og steig þá Harpa Ósk Valgeirsdóttir skátahöfðingi inn í stjórnina sem fulltrúi BÍS. Sema Erla Serdar framkvæmdastýra ÆV lét af störfum á starfsárinu. Valdís Helga Þorgeirsdóttir var ráðin verkefnastjóri ÆV og kom til starfa haustið 2022.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Starf ÆV felst í að auka gæði og öryggi í íþrótt- og æskulýðsstarfi með hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi. Það gerir ÆV með fræðslustarfi og námskeiðum, með því að miðla þekkingu og reynslu og með því að leggja til verkfæri og verkferla. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.



Valdís Helga
Þorgeirsdóttir,
verkefnastjóri
Æskulýðs-
vettvangsins

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs

KFUM og KFUK á gott samstarf við Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, sem skipaður er af stjórnvöldum. Markmiðið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Sigurbjörg Sigurpálsdóttir gegnir embætti samskiptaráðgjafa.

Eftir að embætti Samskiptaráðgjafa var sett á laggirnar, hefur starfsemi Æskulýðsvettvangsins breyst. Tilkynningar um einelti, kynferðisbrot og aðra óæskilega hegðun færst núna beint til Samskiptaráðgjafa. Fagræð ÆV var því lagt niður. Svigrúm ÆV til að sinna fræðslu- og forvarnarsarfi hefur þannig aukist á ný.

Kristilega skólahreyfingin

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Starf KSS miðast við aldurshópinn 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarfi skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík.

Starfsmaður KSH, Sigurður Már Hannesson lét af störfum í starfsárinu. Við starfi hans tók Rakel Brynjólfssdóttir. Starfsmaður KSH er með starfsaðstöðu á Holtavegi 28 og er hluti af starfsmannateymi KFUM og KFUK. Starfshlutfallið er 50%.



Frá jólatónleikum KSS og KSF, sem haldnir voru í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi í desember 2022.



Friðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

KSS heldur vikulega fundi sína í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og árleg mót sín í sumarbúðum félagsins. Þá fléttast starf KSS saman við leiðtogaþjálfun félagsins. Starf KSF hefur einnig verið blómlegt á starfsárinu. Samverur hafa verið hálfsmánaðarlega. Árleg skíðaferð ungmenna til Akureyrar (sjá kafla 2) er í samstarfi við KSS og KSF.

Þjóðkirkjan

Þræðir KFUM og KFUK og Þjóðkirkjunnar liggja víða saman. KFUM og KFUK á Íslandi á náði og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjánaðmskeið í Kópavogi voru haldin í samstarfi við Lindakirkju og náðmskeiðin á Akureyri í samstarfi við Glerárkirkju. Félagið á mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnáðmskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11). Þá nýta fjölmargir hópar innan þjóðkirkjunnar aðstöðu í sumarbúðum KFUM og KFUK fyrir náðmskeið og aðra viðburði.

Friðrikskapella á Hlíðarendu

Friðrikskapella er eitt af samstarfsverkefnum, en hún er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í Friðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánudögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði og samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í kapellunefnd er Kári Geirlaugsson.



KFUM og KFUK á Íslandi á náði og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Samstarf við Langholtakirkju hófst haustið 2022.

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við Mennta- og barnamálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir og Örvar Ólafsson eru tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og Mennta- og barnamálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. Mennta- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, kom í heimsókn til KFUM og KFUK á starfsárinu eins og greint er nánar frá í kafla 1 í þessari skýrslu.

Sveitarfélög

KFUM og KFUK á gott samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þjónustusamningar eru á milli KFUM og KFUK Suðurnes (sjá kafla 18) og Reykjanesbæjar annarsvegar og milli KFUM og KFUK á Akureyri (sjá kafla 16) og Akureyrarbæjar. Hafnarfjarðarbær styður starfið í Kaldáseli auk þess sem KFUM og KFUK á gott samstarf við Kópavogsbæ vegna leikjánaðmskeiða í Lindakirkju. Leikskólinn Vinagarður (sjá kafla 19) á gott samstarf við fræðslusvið Reykjavíkurborgar og Vinasetrið í Kaldárseli (sjá kafla 20) á gott samstarf við félagsþjónustur sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins.

Almannaheill

KFUM og KFUK er fullgildur aðili að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans. Samtökin vinna að sameiginlegum hagsmunarmálum almannaheillafélaga, meðal annars að skattaleg staða þeirra verði bætt.

Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Starf KFUM og KFUK hefur alltaf verið hluti af lífi mínu frá því ég man eftir mér. Fjölskyldan mín hefur verið mikið í starfi KFUM og KFUK og þannig kynnist ég félaginu.



Ég fékk að fylgja mömmu upp í Ölver á hverju sumri, þar sem hún var ráðskona, og fékk að dvelja í flokknum. Ölver á alveg sérstakan stað í mínu hjarta, þar hef ég verið foring seinustu þrjú sumur og hefur það verið svo ótrúlega skemmtilegt en krefjandi. Fyrir hvert sumar finn ég Ölversstelpuna í mér byrja að þróa að komast upp í Ölver og ég get ekki ímyndað mér sumar án Ölvers.

Einnig hef ég líka fengið að koma að ýmsu öðru innan KFUM og KFUK, verið leiðbeinandi í deildarstarfi, skipulagt mót og viðburði, setið í stjórn og farið á ýmis náðmskeið. Ég hef lært svo ótal margt í starfi KFUM og KFUK og þetta félag hefur mótað mig í þann einstakling sem ég er í dag.

En það sem er langbest við KFUM og KFUK er fólkið. Allt það magnaða og frábæra fólk sem kemur að starfi KFUM og KFUK er ástæðan af hverju starf þess er svona æðislegt. Ég þakka Guði fyrir allt það fólk sem ég hef fengið að kynnast í þessu starfi og að ég fái að kalla þetta fólk vini mína.

Krístrún Lilja Gísladóttir

8. ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfbóðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar við gefum út kynningarblað fyrir sumarþúðirnar.

Nýtt merki og grafísk ásjúnd

Í fyrra var ákveðið að fylgja systur hreyfingum okkar í Noregi og Danmörku sem uppfærðu merki sitt og alla grafíska ásjúnd fyrir nokkrum árum. Innleiðing á nýju merki og útliti hófst á vordögum 2022. Nýtt merki og útlit hefur smátt og smátt verið að taka yfir grafíska ásjúnd félagsins.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom tvisvar sinnum út á starfsárinu, í október 2022 og í byrjun janúar 2023. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, margra kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa og fleiri velunnara. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Í fréttabréfinu er bæði greint frá liðnum viðburðum í starfi félagsins og dagskrá komandi vikna og mánaða kynnt.



Ársskýrsla

Vorið 2022 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2021–2022 og var send til félagsfólks ásamt boðsbréfi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins.

Rafrænar útgáfur af ársskýrslum síðustu ára má skoða á slóðinni <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni www.kfum.is. Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á www.kfum.is, samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Rúmlega 80 einstaklingar koma að því að skrifa fréttir og upplýsingar inn á vefsvæðið.

Halldór Elías Guðmundsson sem haldið hefur utan um vefsvæði félagsins lét af því starfi í ársbyrjun 2023. Við verkefninu tók nýr kynningarfulltrúi félagsins Nathalia Imelda.

Facebook síða KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan hefur rúmlega 2500 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrundar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almenning. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins. KFUM og KFUK notar einnig samfélagsmiðilinn Instagram til að kynna starfið, undir heitinu kfumkfukiceland. Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.

KFUM og KFUK notar vef YouTube til að birta myndbönd, vef issuu.com til birtingar á útgefnu prentefni og myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-island/>. Hægt er að nálgast myndböndin, prentefnið og ljósmyndirnar í gegnum heimasíðu félagsins.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfjor.is sem er sérsníðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.

Efnisveita, námsvefur og handbók sumarþúða

Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni www.kfum.is/efnisveita. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til dagsins í dag. Handbók sumarþúðanna er á slóðinni www.kfum.is/handbok. Þar má nálgast fjölbreyttar upplýsingar og fræðslu fyrir starfsfólk sumarþúðanna. Loks má nefna Námunu - námsvef KFUM og KFUK (<https://kfum.is/naman>), en þar má nálgast vefnámskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi félagsins.

Netfréttir

Í hverri viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrunn Garðarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2023 var gefið út 16 síðna sumarþúðablað þar sem sumarþúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2023 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað í 75.000 eintökum og dreift á öll heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Auk þess var blaðið sent í pósti til skráðra þátttakenda í starfinu sem búsett eru í öðrum pósthúsum. Samhliða útgáfu- og umfangsmikill dreifing sumarþúðablaðsins var auglýst aðeins í sjónvarpi og útvarpi, þó með minna móti en undanfarin ár.

Þunginn af útgáfu sumarþúðablaðsins 2023 og samræmda sumarþúðaauglýsinga var í höndum Ársæls Aðalbergssonar og Tómasar Torfasonar. Auk þeirra komu Helga Sóley Björnsdóttir, Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Jón Ómar Gunnarsson að söfnun auglýsinga og styrkja fyrir blaðið.

Í framhaldi af samræmdum sumarþúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarþúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarþúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.



Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég kynntist starfi félagsins líklega fyrst þegar ég fór með mömmu sem ungur strákur í Hlíðina þar sem hún starfaði sem forstöðukona. Í kjölfarið fór ég sjálfur í sumarþúðir bæði í Kaldársel og svo Vatnaskóg. Á veturna sótti ég barnastarfið í kirkjunni minni á vegum félagsins sem leiddi til þess að ég fór að starfa í Vatnaskógi. Fyrst sem aðstoðarforingi, síðan vinnumaður og þegar ég hafði aldur til þá tók hlutverk foringjans við. Í gegnum félagið hef ég kynnst fullt af fólki og eignast mikið af vinum, marga af mínum bestu vinum. Það eitt og sér er ómetanlegt!



Í starfi KFUM og KFUK hef ég þroskast, fengið fullt af ómetanlegum tækifærum til að vaxa og rækta mína trú og það finnst mér einn af mikilvægustu þáttum félagsins. Eitt stendur þó uppúr í starfsemi félagsins og það eru þau fjölmörgu tækifæri sem ungu fólki eru gefin. Styrkurinn felst í fjölbreytileikanum og hann er það sem gerir félagið að því sem það er í dag. Það er ómetanlegt að fá að taka þátt í starfsemi félagsins og er mér mikils virði alla daga.

Mig langar til þess að deila að lokum versni sem er mér mjög dýrmætt og hefur fylgt mér í gegnum tíðina: Fel Drottni vega þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá. (Sálmarnir 37:5)

Ögmundur Ísak Ögmundsson

9. HÚSNÆÐI OG STARFSAÐSTAÐA

TÓMAS TORFASON
TÓK SAMAN



KFUM og KFUK á og rekur húseignir á átta stöðum á landinu, á 27 fastanúmerum sem telja samtals 8.572 fm. Auk þess að bera ábyrgð á umfangsmiklu, vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi, ber stjórn félagsins og stjórnir starfsstöðvanna því einnig ábyrgð á fjölda húseigna, viðhaldi þeirra og starfsaðstöðu þeim tengdum.

Hér er ekki um að ræða eignir í hefðbundinni merkingu, þ.e. húsinn ganga ekki kaupum og sölum, heldur er um að ræða starfsaðstöðu og umgjörð um það fjölbreytta starf sem kynnt er í þessari skýrslu.

Við tölum um að bera ábyrgð á, því húseignir og starfsaðstaða kalla á umsjón, rekstur og reglubundið viðhald. Sum húsanna eru líka komin til ára sinna og þurfa viðhald og endurbætur í samræmi við aldur. Þá þarf stöðugt að horfa til framþróunar, en með hverju árinu gerir samfélagið auknar kröfur til öryggis, gæða og aðgengis þegar kemur að húsnæði sem nýtt er fyrir æskulýðsstarf. Samhliða reglubundnu viðhaldi þarf því einnig að uppfæra eldra húsnæði og bæta starfsaðstöðu í samræmi við ný viðmið.

Til viðbótar við húsnæði mældu í fermetrum, bera stjórnir sumarbúðanna fimm einnig ábyrgð á vatnsveitum og frárennslismálum, á útisvæðum, t.d. leiksvæðum, íþróttastöðum, vegum, plönnum o.s.frv. Húsnæði og starfsaðstaða, viðhald og umbætur er því jafnan veigamikill liður í stjórnarstörfum og jafnframt stór útgjaldaliður. Á árinu 2022 var heildarkostnaður vegna viðhalds húseigna og lóða samtals 80,2 milljónir kr.

Með því að taka þetta saman hér, í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins, viljum við undirstrika þá miklu vinnu og þá fjármuni sem fara í að viðhalda og bæta starfsaðstöðuna í starfi KFUM og KFUK. Verkefni sem að mestu hvílir á herðum sjálfboðaliða.



27 húseignir
samts 8.572 fm.



80,2 milljónir kr.

fóru í viðhald og endurbætur fasteigna
árið 2022.

1.997 fm.

Reykjavík - aðalstöðvar



Fjöldi húsa: 3

Aðrar viðhaldsskyldur: Tveggja hektara lóð á Holtavegi 28, bílplan og leikskólaleiksvæði.

2.722 fm.

Vatnaskógur



Fjöldi húsa: 7

Aðrar viðhaldsskyldur: Íþróttasvæði, bryggja og bátar, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

668 fm.

Kaldársel



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, fráveita o.fl.

1.460 fm.

Vindáshlíð



Fjöldi húsa: 5

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

Virðisaukaskattur þyngir róðurinn

Hvorki uppbygging né viðhald húsnæðis KFUM og KFUK er undarþegið virðisaukaskatti. 24% virðisaukaskattur leggst á allar slíkar framkvæmdir, bæði vinnu og efniskaup. Þyngir það vissulega róðurinn við fjármögnun slíkra verkefna.

Með nýjum lögum um almannaheillafélög, hefur KFUM og KFUK tækifæri á 60% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum, vegna bygginga eða endurbóta húsnæðis. Ætla má að það jafngildi u.þ.b. 30% alls þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna viðhalds og endurbóta húsnæðis. Því ber vissulega að fagna og þakka fyrir.

En betur má ef duga skal. KFUM og KFUK hvetur því stjórnvöld til að skapa glugga í lögum um virðisaukaskatt, svo félagasamtök sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir æskulýðsstarf, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis. Við teljum ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsaðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðafélögum og eingöngu nýtt undir starf sömu félaga, til fjárflounar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er.

Áskoranir framundan

Fyrir utan allt hefðbundið viðhald sem sinna þarf á hverju ári, bíða margar umfangsmiklar áskoranir í húsnæðismálum innan félagsins. Hér nefndum við nokkrar þeirra:

Ónýtt hús á Holtavegi 28

Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Húsið er 540 fm og fasteigamat þess er 235.100.000 kr. Ljóst er að rífa þarf húsið, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað. Fyrstu teikningar að nýju húsi hafa verið gerðar, svo hægt sé að taka umræðu um þarfir félagsins og þá möguleika sem eru í stöðunni.



Flestar starfsstöðvar félagsins glíma við áskoranir í húsnæðismálum. Á starfsárinu hefur suðurgallinn á gamla skálanum í Vindáshlíð verið endurnýjaður og einangraður. Þar þarf einnig að setja upp nýjan brunastiga. Ljóst er að yfirfara þarf fleiri útveggi á skálanum í Vindáshlíð.

231 fm.

Akureyri - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Þátttaka í sameign í Sunnuhlíð 12.

897 fm.

Ölver



Fjöldi húsa: 6

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, hitaveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

160 fm.

Reykjanesbær - félagsheimili



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Lóð og bílastæði.

436 fm.

Hólavatn



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, bryggja og bátageymsla, vatnsveita, frárennsliskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.



Elsti hluti höfðustöðva KFUM og KFUK við Holtaveg er ónýtur vegna myglu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær húsið verði rífið eða hvað verði byggt í staðinn.

Nýr matskáli í Vatnaskógi

Skógarmenn KFUM hafa hafið framkvæmdir við nýjan matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968. Kostnaður við nauðsynlegt viðhald og endurnýjun, einkum á eldhúsi, er það mikill að það borgar sig frekar að byggja nýjan skála. Áætlaður kostnaður við að byggja nýjan matskála er nálægt 200 milljónum króna. Sjá nánar í kafla 11.

Nýtt starfsmannahús í Vindáshlíð

Fellin, hús fyrir starfsfólk Vindáshlíðar var rífið haustið 2020, enda ónýtt vegna raka og myglu. Það er mikil þörf fyrir slíkt starfsmannahús, svo ljóst er að úr því þarf að bæta á næstu árum í Vindáshlíð.

Endurnýja gafl á húsi í Vindáshlíð

Á starfsárinu hefur gaflinn á gamla skálanum í Vindáshlíð verið endurnýjaður og einangraður. Þar þarf einnig að setja upp nýjan brunastiga. Ljóst er að yfirfara þarf fleiri útveggi á skálanum í Vindáshlíð.

Margskonar endurbætur í Kaldárseli

Í Kaldárseli voru gerðar umfangsmiklar og nauðsynlegar endurbætur veturinn 2020-2021 sem kosta Kaldársel um 40 milljónir kr. Framundan býða umfangsmiklar viðgerðir eldhúsi, matsal og fleiru í elsta hluta skálans.

Leikskáli í Ölveri

Forystufólk sumarbúðanna í Ölveri hefur um langt skeið dreymt um að bæta starfsaðstöðuna með leikskála eða litlu íþróttahúsi. Í mörg ár hefur staðið yfir söfnun í Sveinusjóð til að fjármagna þann draum. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum Ölveri á síðustu áum hafa hinsvegar tafið það verkefni.

Aðgengismál í félagsheimilinu á Akureyri

Félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12. Þar er engin lyfta sem takmarkar aðgengi að félagsheimilinu. Sú áskorun hvílir á stjórn félagsins á Akureyri að bæta úr því.

Endurnýjun íþróttahúsins í Vindáshlíð

Þörf er á að endurnýja íþróttahúsið í Vindáshlíð, einkum vesturhluta hússins, leikherbergi, búningasklefa og sturtur. Þá langar stjórn Vindáshlíðar að koma upp palli og pottasvæði utan við húsið.

Þær áskoranir sem hér eru nefndar eru til viðbótar því hefðbundna viðhaldi sem sinna þarf með reglubundnum hætti. Ætla má að félagið þurfi að verja til þess 50 til 60 milljónum kr. árlega á komandi árum.

Það er ljóst á ofangreindu að það munar um þær skattaívilnanir sem fylgja nýrri löggjöf um almannaeiðisfélag. En þrátt fyrir þann skattaafslátt er KFUM og KFUK að greiða mikinn virðisaukaskatt þegar tekist er á við nauðsynlegt viðhald og uppbyggingu á starfsaðstöðu.




10. STARFSSTÖÐVAR KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarbúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hvernar starfsstöðvar fyrir sig.

Sameiginlegt starf sumarbúða

Sumarbúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarbúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu krafna sem félagið gerir



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.

11. VATNASKÓGUR

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2022.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi.“

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga.“

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 24. mars 2022.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður
Gunnar Hrafn Sveinsson, ritari
Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
Ögmundur Ísak Ögmundsson, vararitari
Hreinn Pálsson, varagjaldkeri
Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Tinna Dögg Birgisdóttir, varamaður og umhverfisfulltrúi
Sigurður Grétar Sigurðsson, varamaður



Ólafur Sverrisson Jón Ómar Gunnarsson Páll Skaftason Gunnar Hrafn Sveinsson Ögmundur Ísak Ögmundsson



Hreinn Pálsson Davíð Örn Sveinbjörnsson Tinna Dögg Birgisdóttir Sigurður Grétar Sigurðsson

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi) og Bjarni Árnason

Stjórnin hélt 12 fundi á árinu: 12. janúar, 9. febrúar, 9. mars, 6. apríl, 3. maí, 30. maí, 27. júní, 10. ágúst, 14. september, 11. október, 15. nóvember og 15. desember.

Starfsmenn allt árið

Ársæll Aðalbergsson var framkvæmdastjóri í fullu starfi. Valborg Rut Geirsdóttir vann við eldhússtjórnun og fl. verkefni mestan hluta ársins. Þá voru sem fyrr sjálfboðaliðarnir Þórir Sigurðsson og Sigurður Jóhannesson sem sinntu umhirðu, viðhaldi og þjónustu við staðinn.



Ársæll Aðalbergsson Þórir Sigurðsson Sigurður Jóhannesson

Framkvæmdir

Á árinu var austurhlið íþróttahússins endurnýjuð, eldri klæðning fjarlægð, húsið einangrað, krossviðsklætt og hliðin klædd með bárujárn, sambærilegu og eru á langhliðum hússins. Sett var upp hurð sem neyðarútgangur í stað glugga á efri hæð hússins og skipt um þá glugga hússins sem átti eftir að endurnýja. Að lokum var bráðabirgða stigi settur upp en endanlegur stigi verður settur upp vorið 2023. Einnig fór fram viðgerð í sal íþróttahússins.

Unnið var að nýrri flöt ofan við Lerkiskála og stígar gerðir frá henni að Lerkiskála og Birkiskála. Þá var hellu- og þökulagt á svæðinu á milli Birkiskála og stígsins. Auk þess mörg minni verkefni til að bæta aðstöðu staðarins.



Sigvaldi Björgvinsson, Gunnar Jóhannes Gunnarsson og Sigurbjörn Þorkelsson hlutu Gullmerki Skógarmanna 17. ágúst 2022, fyrir trúmennsku og frábært framlag til starfsins í Vatnaskógi.



Nýr matskál í Vatnaskógi verður glæsilegt 433 fm. hús.



Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra tók fyrstu skóflustunguna af nýjum Matskála þann 17. ágúst 2022.



Rýmt fyrir nýjum matskála. Tré (það sem eftir er af því) rífið upp með rótum. Hér duga ekki handskóflur til, enda um áratuga gömul tré að ræða.

Nýr Matskáli

Á árinu hélt undirbúningur vegna byggingar á nýjum matskála áfram. Lokið var við hönnun hússins og fyrstu skóflustunguna tók Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra þann 17. ágúst að viðstöddu fjölmenni og frú Agnes M. Sigurðardóttir flutti bæn og blessaði verkefnið, Karlakór KFUM tók lagið og drengir 13. flokks settu mikinn og skemmilegan svip á stundina. Í Karlaflokki sem var 2. - 4. september voru þau tré sem voru eftir á svæðinu fjarlægð. Síðar um haustið var skipt um jarðveg, lagnir fjarlægðar og lóðin gerð klár fyrir grunn hússins. Talsverðar tafir voru á byggingarleyfi, fyrst þurfti að sækja um undanþágu til innviðaráðherra

vegna breytingu á deiliskipulagi sem var að lokum samþykkt. Nú er beðið eftir að formlegt byggingarleyfi verði gefið út og þá hefjast framkvæmdir við sökkul hússins.

Gullmerki

Við fyrstu skóflustungu af nýjum Matskála þann 17. ágúst voru þrír einstaklingar sæmdir Gullmerki Skógarmanna. Það voru þeir Gunnar Jóhannes Gunnarsson, Sigvaldi Björgvinsson og Sigurbjörn Þorkelsson sem hlutu Gullmerki Skógarmanna, fyrir trúmennsku og frábært framlag til starfsins í Vatnaskógi.



Bikarafhending í unglingaflokki. Þessi vaski hópur bar sig úr bítum í einni af fjölmörgu keppnum Vatnaskógar.



Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ hélt erindi á Sæludögum.



Örn Árnason skemmti gestum á Herrakvöldi Vatnaskógar.

SUMARSTARF

Dvalarflokkar sumarsins 2022 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
1	9.–13. júní	10–12	5	20	Gauraflokkur
2	14.–18. júní	9–11	5	106	
3	19.–24. júní	10–12	6	106	
4	25.–30. júní	12–14	6	98	Ævintýraflokkur I
5	1.–5. júlí	9–11	5	105	
6	6.–10. júlí	10–12	5	103	
7	11.–16. júlí	12–14	6	99	Ævintýraflokkur II
8	17.–21. júlí	11–13	5	98	Blandaður flokkur
9	22.–26. júlí	10–12	5	77	
10	2.–7. ágúst	14–17	6	90	Unglingaflokkur
11	8.–12. ágúst	9–11	5	106	
13	15.–19. ágúst	10–13	5	108	

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum sumarsins var 1116 en þeir voru 1089 árið áður.

Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna :

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	11. – 13. febrúar	0–99 ára	2	28
Fjölskylduflokkur II	8. – 10. apríl	0–99 ára	2	47
Feðginaflokkur	6. – 8. maí	6–99 ára	2	27
Mæðraflokkur	20. – 22. maí	0–99 ára	2	67
Feðgaflokkur I	12. – 14. ágúst	6–99 ára	2	64
Feðgaflokkur II	26. – 28. ágúst	6–99 ára	2	101
Karlaflokkur	2. – 4. september	18–99 ára	2	51
Aðventuflokkur	9. – 11. desember	10–12 ára	2	18

Fjöldi dvalargesta á þessum viðburðum var 403 en var 408 árið áður. Heildarfjöldi dvalargesta í sumarstarfi og nefndum viðburðum Skógarmanna var því samtals 1519 samanborið við 1497 árið áður.

Starfsfólk sumarþúðastarfsins

Forstöðufólk:

1. Flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
2. Flokkur: Hreinn Pálsson og Pétur Ragnarsson
3. Flokkur: Hreinn Pálsson
4. Flokkur: Hreinn Pálsson
5. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson
6. Flokkur: Jón Ómar Gunnarsson og Práinn Haraldsson
7. Flokkur: Hreinn Pálsson
8. Flokkur: Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Þórdís Hafþórsdóttir
9. Flokkur: Sigurður Pétursson
10. Flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
11. Flokkur: Hreinn Pálsson
13. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Þorsteinn Arnórsson

Eldhússtjórn:

1. Flokkur: Ingibjörg Lórey Zimsen Friðriksdóttir
2. Flokkur: Ingibjörg Lórey Zimsen Friðriksdóttir
3. Flokkur: Ingibjörg Lórey Zimsen Friðriksdóttir
4. Flokkur: Ingibjörg Lórey Zimsen Friðriksdóttir
5. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
6. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
7. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
8. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
9. Flokkur: Sverrir Hákon Marteinsson
10. Flokkur: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson
11. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
13. Flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru þeir Ársæll Aðalbergsson, Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson.

Annað starfsfólk

Agnes Porkelsdóttir, Almar Tristan Almarsson, Baldur Ólafsson, Bára Sigurjónsdóttir, Benedikt Guðmundsson, Benjamín Jafet Sigurðarson, Birna Júlía Björnsdóttir, Birta Líf Hannesdóttir, Davíð Guðmundsson, Einar Aron Fjalarsson, Eiríkur Skúli Gústafsson, Elfa Björk Ágústsdóttir, Eva Sigurðardóttir, Fannar Logi Hannesson, Greipur Þ. Gíslason, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Guðmundur Tómas Magnússon, Gunnar Hrafn Sveinsson, Gunnar M Sandholt, Hálfán Helgi Matthíasson, Helga Vigdís Thordersen, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Hrannar Ása Magnúsar, Hreinn Pálsson, Ísak Jón Einarsson, Jakob Freyr Einarsson, Jóhannes B Gunnlaugsson, Lára Ruth Clausen, Karen Sól Halldórsdóttir, Kristján Runólfsson, Krístrún Guðmundsdóttir, María Rut

Arnarsdóttir, Markús Guðmundsson, María Margrét Gísladóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir, Matthías Guðmundsson, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Nói Pétur Ásdísarson Guðnason, Ólafur Gunnar Long, Pétur Bjarni Sigurðarson, Ragnar Bjarni Zoëga Hreiðarsson, Svandís Halldórsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sindri Sigurjónsson, Snorri Rúnarsson, Sverrir Hákon Marteinsson, Tómas Ingi Halldórsson, Þórarinn Darri Ólafsson, Þórdís Hafþórsdóttir, Þuríður Anna Reynisdóttir, Ögmundur Ísak Ögmundsson og Örnólfur Sveinsson.

Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar

Elva Hjálmarsdóttir, ráðgjafi og Þorsteinn Otti Jónsson, meðferðarráðgjafi. Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri.

Ráðsmenn og vinnumenn

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir sá Albert E. Bergsteinsson um slátt á staðnum og grisjun meðfram girðingu umhverfis svæðið í sjálfböðavinnu. Auk þeirra komu þeir Jóhann Jónsson og Sigurður Stefánsson, starfsmenn KFUM og KFUK og sáu um nokkur viðhaldsverkefni. Þá störfuðu hinir ýmsu vinnumenn yfir sumarið við fjölbreytt verkefni.

Sjálfböðaliðar:

Nokkrir af áðurnefndum starfsmönnum voru sjálfböðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Vatnaskógar hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski, umhirðu staðarins og dagskrá með þáttakendum, í sjálfböðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfböðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við viðhaldsverk, skógrækt og fleira.



Fjörugarðeldur og sykarpúðar í feðgaflokki.



Ahorfendapallar fyrir aftan Birkiskála. Þessir svöngu sveinar biðu eftir grilluðum pylsum að hætti Skógarmanna í rjómalíðu.

VIÐBURÐIR Í STARFI SKÓGARMANNA

Sæludagar

Eftir að hafa neyðst tvö ár í röð að fella niður stærsta árlega viðburð Skógarmanna, sökum samkomutakmarkana, gat Vatnaskógur loks opnar hliðið fyrir gesti Sæludaga um verslunarmannahelgina. Um 800 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar, líkt og fyrri ár, var að höfða til sem flestra aldurshópa. Meðal atriða á Sæludögum þetta árið má nefna Siggu og Grétar úr Stjórninni og Eypór Inga, sem sungu og skemmtu gestum. Ársæll Aðalbergsson stýrði undirbúningi hátíðarinnar. Fjöldi starfsfólks og sjálfbóðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og ljóst er að þessi vímuefnalausa hátíð hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur um verslunarmannahelgina.

Karlaflokkur

Helgina 2. til 4. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var Gísli Freyr Valdórsson með erindi um ófrið í Evrópu. Á laugardegnum var biblíulestur í umsjón sr. Guðmundar Guðmundssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna að tré voru felld á byggingarreit fyrir nýjan matskála, trjákur sett á skógarstíga, þrif innan sem utandyra, málingavinna, hnifar brýndir og margt fleira. Á sunnudeginum var farið í guðsþjónustu í Hallgrímskirkju í Saurbæ, sem var tileinkuð sr. Sigurjóni Guðjónssyni prófasti sem þjónaði Hallgrímskirkju í Saurbæ frá 1931 – 1966 og var stundin í umsjón sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 15. sinn. Í ár voru 20 drengir í flokknum. Að venju voru mun fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna. Ljóst er að Gauraflokkur skipar sérstöðu í starfi Skógarmanna, þar sem komið er sérstaklega til móts við þarfir þeirra drengja sem þangað sækja, m.a. hvað varðar fæði og dagskrá.

Aðventuflokkur

Aðventuflokkur var haldinn í annað sinn. 18 drengir mættu og nutu Vatnaskógar í vetrarríki yfir eina helgi um miðjan desember. Heitt súkkulaði, grillaðir sykurpúðar við varðeld út í skógi og leikur á ísilögðu Eyrarvatni, ásamt mörgum skemmtilegum leikjum og uppákomum voru á dagskrá.

Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Vatnaskógar skipulögðu og stýrðu. Alls komu 626 leikskólabörn vorið 2022.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 3. mars 2022.

Stínusjóður

Skógarmenn starfrækja Stínusjóð til minningar um Kristínu Guðmundsdóttur ráðskonu í Vatnaskógi til áratuga. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við börn sem ekki hafa tök á að fara í Vatnaskóg vegna fjárhagsaðstæðna heima fyrir. Framlög í sjóðinn hafa í flestum tilvikum komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og er það mikið þakkarefni. Árið 2022 fengu 10 einstaklingar dvöl að gjöf fyrir tilstilli sjóðsins.



Byggt var handrið við pall hjá bátaskýlinu til að tryggja betra öryggi. Hér er smiðurinn sjálfur, Jóel Kristjánsson.



Unnið var að endurnýjun á austurhlið íþróttahússins síðastliðið sumar og fram á haust. Verkið tókst vel til og nú er beðið eftir nýjum brunastiga.

FERMINGARNÁMSKEIÐ OG SKÁLALEIGA

Fermingarnámskeið

Námskeiðin voru eins dags til fimm daga og eins og fyrr í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu. All komu 2468 börn á fermingarnámskeið ársins. Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru Anna Elísabet Gestsdóttir, Ársæll Aðalbergsson og Sigurður Grétar Sigurðsson. Fastráðnir starfsmenn allt haustið voru: Ásta Isabella Kent, Davíð Guðmundsson, Ísak Jón Einarsson, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sverrir Hákon Marteinsson og Valborg Rut Geirsdóttir.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi.

Skólahópar:

Alls komu 11 skólar, 7 um vorið og 4 um haustið og tóku þau þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar. Samtals komu 932 börn með þessum hætti í Vatnaskóg

KFUM og KFUK:

Unglingamót
Leiðtogahelgi
YD ferð að hausti
Miðnæturmót að hausti

Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar:

ÆSKR unglingamót
Börn úr Útskála- og Hvalsnessókn og sóknunum frá Norðurlandi vestra heimsóttu staðinn
Örninn, hópur á vegum Vídalínskirkju

Aðrir hópar:

Skólamót KSS
Íslenska Kristskirkjan og SÍK með helgarmót
Menntavísindasvið Háskóla Íslands, námskeið
Miðnæturmót Björgunarsveita Landsbjargar

100 ára afmæli Vatnaskógar 2023 – undirbúningur

Árið 2023 eru 100 ár frá því að fyrsti hópurinn á vegum KFUM kom í Vatnaskóg. Skógarmenn hafa hug á að minnast tímamótanna með ýmsum hætti. Afmælisnefnd var skipuð og þeir Ársæll Aðalbergsson, Jón Ómar Gunnarsson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Ögmundur Ísak Ögmundsson skipa nefndina.

Afmælisviðburður

Hafinn var undirbúningur afmælisviðburðar sem mun verða haldinn á Sæludögum um verslunarmannahelgina árið 2023, á sunnudeginum. Hátíðin öll verður með besta móti til að fagna tímamótunum. Verkefnastjóri Sæludaga er Ögmundur Ísak.

Kvikmynd

Unnið er að gerð kvikmynda í tilefni tímamótanna og hefur Þorleifur Einarsson leikstjóri samið handrit og unnið að undirbúningi en óljóst er með verklok á því verkefni.

Sjónvarpsþáttur

RÚV vinnur að gerð sjónvarpsþátta í Skógarmenn og er Sigurður Grétar tengiliður Skógarmanna við það verkefni.

Afmælisrit

Á árinu var unnið að afmælisriti Vatnaskógar „Hér á ég heima“ Vatnaskógur í 100 ár. Ritnefnd hefur verið að störfum undir forystu Gunnars Jóhannesar Gunnarssonar en auk hans skipa þeir Ársæll, Guðmundur Guðmundsson, Jón Ómar, Sigurður Grétar og Þórarinn Björnsson nefndina.

FJÁRÖFLUN

Kaffisala og tónleikar

Sumardaginn fyrsta var kaffisala til stuðnings byggingu á nýjum matskála í Vatnaskógi. Gekk dagurinn vel, fyrst streymdu kökur frá velunnurum og síðar gestir þannig að um tíma var fullt út úr dyrum. Um kvöldið voru tónleikar þar sem fjölmargir listamenn komu fram. Meðal þeirra sem komu fram voru Karlakór KFUM, Jóhann Helgason tónlistamaður og flutti hann ásamt fleirum lög af nýjum disk „Lífi lífið“ sem eru lög Jóhanns við ljóð Sigurbjörns Þorkelssonar.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Línuhappdrætti Skógarmanna hófst að þessu sinni á netinu undir lok sumars og einnig var hægt að kaupa línur í feðgaflokkunum. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokki í byrjun september og seldust allar þær 500 línur sem voru í boði.

Herrakvöld KFUM

Herrakvöld KFUM var haldið með pomp og prakt fimmtudagskvöldið 3. nóvember á Holtavegi 28. Um 120 manns mættu á kvöldið, sungu þar datt, nutu góðs matar og ánægjulegrar samverustundar.

Sörubakstur

Á aðventunni voru bakaðar í Vatnaskógi tæplega 5000 sörrur til fjáröflunar fyrir nýjum matskála, og voru seldar 50 stk. í hverjum pakka. Voru viðbrögð góð og allir pakkar seldust. Sigurður Sigurðsson leiddi verkefnið.

Styrkir

Eins og fyrri ár hafa Skógarmenn fengið styrki vegna starfseminnar, frá ríkisvaldinu og einstaklingum vegna starfsins m.a. Gauraflokks. Einnig hafa Kirkjuráð og einstaklingar styrkt Skálasjóð vegna uppbyggingar á nýjum Matskála. Þá hefur kapellusjóður notið stuðnings, aðallega frá einstaklingum.

Í lok ársins var sótt um áframhaldandi stuðning ríkisvaldsins vegna hins nýja Matskála. Fjárlaganefnd tók vel í erindið og gerir tillögu um 60 milljón króna framlag árið 2023.

Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint, málið sækist hægt, fundað var með fulltrúum Skógræktarinnar á árinu og eftir þann fund er næsta mál að ræða aftur við ríkisvaldið. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu.

Annað

Skógarmenn sömdu eins og fyrri ár við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2022.

Lokaorð

Óhætt er að segja að árið 2022 hafi verið viðburðaríkt í Vatnaskógi. Frábær skráning í sumarstarfið, fjölmennir skólahópar og vel sótt fermingarnámskeið, ásamt langþráðum Sæludögum, einkenndu þetta ár. Fastagestir létu sig ekki vanta í Skóginn en einnig var mikið um ný andlit meðal þátttakenda, sjálfboðaliða og starfsfólks. Endurfundir eru ætíð

ánægjulegir, því þá er víst að viðkomandi hefur liðið vel í Skóginum og vildi koma aftur. Ný kynni eru ekki síður ánægjuleg, enda geta þau verið til marks um góð meðmæli og vilja einstaklings til að prófa eitthvað nýtt. Þá var dugnaður starfsfólks og fjölda sjálfboðaliða áberandi á árinu, sem og gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og opinberum aðilum, sem studdu við starfsemi Vatnaskógar, ásamt ríkum styrk fyrirbæna fólks í garð starfs og staðar. Færir stjórn Skógarmanna öllum þeim sem heimsóttu Skóginn á þessu ári og lögðu hönd á plóg með einum eða öðrum hætti, sínar bestu þakkir. Ykkar stuðningur og traust skiptir okkur miklu máli.

Nú er 100 ára afmælisár Vatnaskógar að ganga í garð, stund sem eflaust mörg okkar höfum beðið eftir og sum lengur en önnur. En sama hversu lengi við höfum beðið eftir þessu ári, eigum við það sammerkt að fá að vera hluti af sögu Vatnaskógar. Á meðan við fögnum þessum merku tímamótum skulum við ekki gleyma að minnst allra þeirra er gengu hér á undan, tóku áhættur og ruddu leiðina fyrir því starfi eins og við þekkjum það í dag. Þessu fólki eigum við Skógarmenn mikið að þakka og heiðrum minningu þess með markvissri vinnu. Traustið sem okkur Skógarmönnum er sýnt er ekki sjálfsagt, en fyrir það erum við mjög þakklát og stolt. Óeigingjörn vinna og kristin gildi hafa leitt okkur áfram í heila öld. Vatnaskógur er hluti af sögu landsins og Skógarmenn hluti af íslensku þjóðinni.

Fögnum tímamótunum, lítum til baka á árangurinn sem náðst hefur og höldum svo ótrauð áfram, áfram að markinu.

Guð blessi Vatnaskóg.

GUNNAR HRAFN SVEINSSON
RITARI STJÓRNAR



ÁRSÆLL AÐALBERGSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI





12. VINDÁSHLÍÐ

Vindáshlíð í kjós eru sumarbúðir fyrir stelpur á aldrinum 8 til 16 ára. Vindáshlíð var stofnuð árið 1947 og hefur verið starfandi sem kristilegar sumarbúðir síðan. Á svæðinu eru fimm byggingar: aðalskáli þar sem matsalurinn er staðsettur, Viðbygging við aðalskálana sem hýsir svefnálm og kvöldvökusal, Íþróttahús, Hallgrímskirkja í kjós og svo gilsbakk. Í Vindáshlíð getur tekið á móti 82 stelpum í senn og er alltaf líf og fjör í húsnu.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn mánudaginn 15. mars 2022 í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Kristín Sverrisdóttir og ritari Anna Elísa Gunnarsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru Guðrún Nína Petersen og Ásta Björg Þorbjörnsdóttir. Á fundinn mættu 24. Breytingar urðu á skipan stjórnar. Anna Bergljót Böðvarsdóttir og Bryndís Reed Schram gengu úr stjórn. Nýir meðlimir stjórnar voru Alfa Kristjánsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Hulda Guðlaugsdóttir og Hildur Margrét Arnbjargardóttir bauð sig fram sem varamann.

Skipuð stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu:

- Dagný Dögg Sigurðardóttir, formaður
- Ásgeir Pétursson, varaformaður
- Styrmir Magnússon, gjaldkeri
- Helga Magnúsdóttir, varagjaldkeri
- Andrea Anna Arnardóttir, ritari
- Alfa Kristjánsdóttir, vararitari
- Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningafulltrúi
- Hildur Margrét Arnbjargardóttir, varamaður
- Hulda Guðlaugsdótti, varamaður

Helstu verkefni stjórnar

Árið 2022 héldum við áfram með lagfæringar á húsnæðinu og hefur það verið aðal verkefni stjórnar. Einnig var haldið áfram að leigja út staðinn til ýmissa hópa og taka á móti skólahópum. Vinna við að fylla gömlu sundlauginu í íþróttahúsinu var hafin. Ákveðið var að prófa að halda páskaflokk í Vindáshlíð og var hann 11. til 13. apríl. Flokkurinn gekk vel og ákveðið var að halda hann aftur að ári liðnu.

Til að koma til móts við eldri aðstoðarforingja var ákveðið að prófa nýtt



Dagný Dögg
Sigurðardóttir



Ásgeir
Pétursson



Styrmir
Magnússon




Andrea Anna
Arnardóttir



Helga
Magnúsdóttir



Alfa
Kristjánsdóttir



Elísa Sif
Hermannsdóttir



Hildur Margrét
Arnbjargardóttir



Hulda
Guðlaugsdóttir

fyrirkomulag sem felst í því að þeir aðstoðarforingjar sem voru orðnir 17 ára fengu að vinna í eldhúsinu í einn flokk á launum gegn því að þeir hefðu unnið einn flokk sem aðstoðarforingjar fyrr um sumarið.

Á starfsárinu voru haldnir tólf stjórnarfundir og voru níu þeirra haldnir eftir aðalfund. Einnig eru samskipti á milli stjórnarmeðlima á Messenger tekin með, á þeirri síðu gátu meðlimir komið mikilvægum skilaboðum á milli sín án þess að þurfa að kalla til fundar.

Starfsmenn

Tinna Rós Steinsdóttir framkvæmdastjóri Vindáshlíðar. Tinna hefur verið í 50% starfshlutfalli frá ráðningu og lauk störfum í lok janúar 2023. Helga Sóley Björnsdóttir tók við starfi verkefnastjóra 1. september 2022. Helga var í 50% starfshlutfalli til áramóta. Helga sinnir nú starfi framkvæmdastjóri Vindáshlíðar í 100% starfi og tók við því í janúar 2023. Þorbjörg Skúladóttir starfar hjá Vindáshlíð sem staðarhaldari í 50% starfi.



Helga Sóley
Björnsdóttir



Tinna Rós
Steinsdóttir



Þorbjörg
Skúladóttir



Uppskriftabók
Vindáshlíðar var gefin
út í lok nóvember og
seldist vel fyrir jólin.

STARFSEMI OG SUMARSTARF

Lýsing sumarstarfsins

Í sumar var boðið upp á tólf flokka fyrir stelpur á aldrinum 8 til 16 ára. Eins og önnur sumur er flokkunum skipt eftir aldri og er mismunandi dagskrá sem fylgir þeim. Við bjóðum upp á hefðbundna dvalarflokka fyrir stelpur á aldrinum 9 til 12 ára sem eru vinsælir meðal annars hjá þeim stúlkum sem eru að koma í sumarþúðir í fyrsta skipti. Ævintýraflokkarnir eru ætlaðir fyrir 11 til 14 ára stúlkur og eru þeir afar vinsælir hjá stelpum sem komnar eru með reynslu af sumarþúðadvöl. Í ævintýraflokkum er ýmislegt brallað. Þar er meiri og þéttari dagskrá en í hefðbundnum flokkum og öðruvísi sumarþúðarævintýri fyrir eldri Hlíðarmeyjar. Einnig erum við með unglingaflokk fyrir stelpur á aldrinum 13 til 16 ára.

Flokkar sumarsins

Flokkur	Dags.	Aldur	Dagar
1. Flokkur	9.-13. júní	9-11	5
2. Ævintýraflokkur I	14.-19. júní	12-14	6
3. Flokkur	20.-25. júní	10-12	6
4. Ævintýraflokkur II	26. júní-1. júlí	11-13	6
5. Flokkur	2.-6. júlí	9-11	6
6. Ævintýraflokkur III	7.-12. júlí	12-14	6
7. Flokkur	13.-18. júlí	9-11	6
8. Flokkur	19.-23. júlí	12-14	5
9. Unglingaflokkur	24.-28. júlí	13-16	5
10. Flokkur	2.-7. ágúst	10-12	6
11. Ævintýraflokkur IV	8.-13. ágúst	11-13	6
12. Stubba Flokkur	13.-15. ágúst	8-9	3
13. Mæðgnaflokkur I	19.-21. ágúst	6-99	3
14. Mæðgnaflokkur II	26.-28. ágúst	6-99	3
15. Kvennaflokkur	2.-4. september	18-99	3

Skráning

Árið 2022 komu 1.080 stelpur til okkar í Vindáshlíð og eru þar með taldir páska- og jólaflokkar. Í mæðgnaflokkum voru 143 skráðar og í kvennaflokk mættu 46 konur á öllum aldri.

Starfsfólk

Forstöðukonur árið 2022:

Páskaflokkur	Hanna Lára Baldvinsdóttir
1. Flokkur	Jóhanna Kristín Steinsdóttir
2. Flokkur	Þorgerður Guðrún Garðarsdóttir
3. Flokkur	Hanna Lára Baldvinsdóttir
4. Flokkur	Jóhanna Kristín Steinsdóttir
5. Flokkur	Hanna Lára Baldvinsdóttir
6. Flokkur	Andrea Anna Arnardóttir
7. Flokkur	Elísa Sif Hermannsdóttir
8. Flokkur	Erla Sigurþórsdóttir
9. Flokkur	Marta Kristín Friðriksdóttir
10. Flokkur	Erla Sigurþórsdóttir
11. Flokkur	Jóhanna Kristín Steinsdóttir
12. Stubbaflokkur	Elísa Sif Hermannsdóttir
13. Mæðgnaflokkur I	Hanna Lára Baldvinsdóttir
14. Mæðgnaflokkur II	Hanna Lára Baldvinsdóttir
15. Kvennaflokkur	
16. Jólaflokkur I	Elísa Sif Hermannsdóttir
17. Jólaflokkur II	Erla Sigurþórsdóttir
18. Jólamæðflokkur	Hanna Lára Baldvinsdóttir

Ráðskonur flokka 2022

Páskaflokkur	Marta Kristín Friðriksdóttir
1. Flokkur	Dagný Dögg Sigurðardóttir
2. Flokkur	Kolbrún Þorlákssdóttir
3. Flokkur	Gunnfríður Katrín Tómasdóttir
4. Flokkur	Dagný Dögg Sigurðardóttir
5. Flokkur	Helga Sóley Björnsdóttir
6. Flokkur	Helga Sóley Björnsdóttir
7. Flokkur	Marta Kristín Friðriksdóttir
8. Flokkur	Marta Kristín Friðriksdóttir
9. Flokkur	Elísa Sif Hermannsdóttir
10. Flokkur	Helga Sóley Björnsdóttir
11. Flokkur	Dagný Dögg Sigurðardóttir
12. Stubbafl.	Dagný Dögg Sigurðardóttir
13. Mæðgnaflokkur I	Kolbrún Þorlákssdóttir
14. Mæðgnaflokkur . II	Dagný Dögg Sigurðardóttir
15. Kvennaflokkur	Sólrun Ásta Steinsdóttir
16. Jólaflokkur I	Kolbrún Þorlákssdóttir
17. Jólaflokkur II	Dagný Dögg Sigurðardóttir
18. Jólamæðflokkur	Kolbrún Þorlákssdóttir



Umsjónarforingjar 2022:

Páskaflokkur	Andrea Anna Arnardóttir
1. Flokkur	Helga Sóley Björnsdóttir
2. Flokkur	Edda Sigrún Jónsdóttir og Dögg Magnúsdóttir
3. Flokkur	Edda Sigrún Jónsdóttir og Andrea Anna Arnardóttir
4. Flokkur	Andrea Anna Arnardóttir
5. Flokkur	Andrea Anna Arnardóttir
6. Flokkur	Thelma Rós Arnardóttir
7. Flokkur	Helga Sóley Björnsdóttir
8. Flokkur	Andrea Anna Arnardóttir
9. Flokkur	Helga Sóley Björnsdóttir
10. Flokkur	Andrea Anna Arnardóttir
11. Flokkur	Andrea Anna Arnardóttir
12. Stubbaflokkur	Andrea Anna Arnardóttir
13. Mæðgnaflokkur I	Andrea Anna Arnardóttir
14. Mæðgnaflokkur II	Andrea Anna Arnardóttir
15. Kvennaflokkur	Tinna Rós Steinsdóttir
16. Jólaflokkur I	Helga Sóley Björnsdóttir
17. Jólaflokkur II	Andrea Anna Arnardóttir
18. Jólamaðflokkur	Andrea Anna Arnardóttir

Aðrir foringjar og eldhústarfsfólk 2022:

Alda Ósk Jónsdóttir (3 flokkar), Aldís Kvaran (1 flokkur), Alice Victoria Kent (1 jólaflokkur), Andrea Anna Arnardóttir (1 flokkur), Aníta Daðadóttir (1 flokkur), Áslaug Lárusdóttir (1 flokkur), Ásta Isabella Kent (3 flokkar + stubbaflokkur + 2 jólaflokkar), Birna Sigríður Á. Haraldsdóttir (3 flokkar + 1 mæðgnaflokkur), Brynhildur Eva Thorsteinson (6 flokkar), Daníela Björg Stefánsdóttir (5 flokkar + 1 jólaflokkur), Dögg Magnúsdóttir (6 flokkar + 1 mæðgnaflokkur), Edda Sigrún Jónsdóttir (4 flokkar og stubbaflokkur), Elísa Inger Jónsdóttir (6 flokkar), Elma Rún Kristinsdóttir (2 flokkar + stubbaflokkur + 1 mæðgnaflokkur + páskaflokkur), Eva Míttra Derayat (4 flokkar), Freyja Fönn Traustadóttir (4 flokkar + páskaflokkur + kvennaflokkur + 2 jólaflokkar), Guðbjörg Yr Hilmarisdóttir (2 flokkar), Guðrún Skúladóttir (kvennaflokkur), Halldóra Elín Einarsdóttir (3 flokkar), Hekla Sóley Magnúsdóttir (1 flokkur + jólamaðgnaflokkur), Helga Sóley Björnsdóttir (stubbaflokkur + 2 mæðgnaflokkar), Helga Vígdís Thordersen (1 jólaflokkur), Hrafnhildur Benediktsdóttir (2 flokkar + 1 jólaflokkur), Hrafnhildur Hólm (4 flokkar), Inga Margrét Bragadóttir (1 flokkur), Isabella Rós Þorsteinsdóttir (1 flokkur), Karen Sól Halldórsdóttir (2 flokkar +

stubbaflokkur + 1 mæðgnaflokkur), Katrín María Ólafsdóttir (4 flokkar), Kolbrún Þorlákssdóttir (1 flokkur), Kristín Hanna Guðmundsdóttir (3 flokkar + 1 jólaflokkur), Kristjana Guðbjartsdóttir (1 jólaflokkur), Lára Ruth Clausen (2 flokkar + stubbaflokkur), Lena Stefánsdóttir (1 jólaflokkur), Lilja Rós Gunnarsdóttir (7 flokkar + stubbaflokkur), Margrét Unnur Ólafsdóttir (4 flokkar), Marta Karítas Ingibjartsdóttir (2 flokkar), Nadia Nótt Björnsdóttir (1 mæðgnaflokkur + jólamaðgnaflokkur), Ólína Rún Þórarinsdóttir (2 flokkar), Sandra Tómasdóttir (3 flokkar), Sóley Adda Egilsdóttir (1 flokkur), Steinunn Lóa Lárusdóttir (2 flokkar), Telma Ívarsdóttir (3 flokkar + stubbaflokkur + 1 jólaflokkur), Tetiana Korolenko (1 flokkur), Thelma Rós Arnardóttir (7 flokkar + páskaflokkur + 2 mæðgnaflokkar + 2 jólaflokkar + jólamaðgnaflokkur), Theodora Sveinsdóttir (1 flokkur), Tinna Yr Sverrisdóttir (3 flokkar), Valgerður Eyja Eypórsdóttir (2 flokkar), Þorbjörg Skúladóttir (2 flokkar + kvennaflokkur + 2 mæðgnaflokkar + jólamaðgnaflokkur), Þórarinn Darri Ólafsson (1 jólaflokkur), Þuríður Anna Reynisdóttir (3 flokkar + páskaflokkur + 2 jólaflokkar).

Aðstoðarforingjar sumarið 2022:

Andrea Ósk Halldórsdóttir (1 flokkur), Áslaug Rún Davíðsdóttir (1 flokkur), Eyrún Una Arnarsdóttir (1 flokkur), Freyja Fönn Traustadóttir (1 flokkur), Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir (1 flokkur), Guðrún Helga Árnadóttir (1 flokkur + 1 jólaflokkur), Helga Berglind Guðmundsdóttir (1 flokkur), Helga Hrunn Ólafsdóttir (1 flokkur), Herdís Hörn Eggertsdóttir (1 flokkur), Hugrún Eva Haraldsdóttir (1 flokkur), Inga Margrét Bragadóttir (1 flokkur), Ingunn Arnardóttir (1 flokkur + 1 jólaflokkur), Jórunn Elenóra Haraldsdóttir (1 flokkur), Karítas Halla Gunnarsdóttir (1 flokkur + páskaflokkur + 1 jólaflokkur), Kolbrún Soffía Þórsdóttir (1 flokkur), Krista Guðrún Kristjánsdóttir (1 flokkur), Kristín Oddný (1 flokkur), Lena Rut Gígja (1 flokkur), María Guðmundsdóttir (1 flokkur), María Kristín Laufdal Jónsdóttir (1 flokkur), María Ólafía Þómar (1 flokkur), Refur Leó Ólafsson (1 flokkur), Salka Þorgerður J. Stelludóttir (1 flokkur), Sigurbjörg Guðmundsdóttir (1 flokkur), Sólveig Hjörleifsdóttir (1 flokkur), Steinunn Eva Ólafsdóttir (1 flokkur), Stella Dís Finnsdóttir (1 flokkur), Þuríður Anna Reynisdóttir (1 flokkur)

ÝMSIR VIÐBURÐIR Í STARFI VINDÁSHLIÐAR

Kvennaflokkur

Kvennaflokkur Vindáshlíðar var haldin 2. til 4. september 2022. Yfirskrift helgarinnar var "Vertu trú - Vindáshlíð í 75 ár." Þessa helgi komu tæplega 50 konur saman og nutu helgarinnar í góðum félagsskap. Í tilefni af því að 75 ár voru liðin frá því að fyrst var gíst í Vindáshlíð var dagskrá flokksins miðuð að sögu Vindáshlíðar. Konurnar fengu tækifæri til að taka þátt í gerð minningabókar Vindáshlíðar þar sem þær gátu sagt sína sögu í formi myndar



Kvennaflokkur var vel sóttur. Hluti hópsins stílti sér upp fyrir myndatöku.



og frásagna í úrklippubók sem verður varðveitt. Mikið var sungið, hlegið, spjallað og að sjálfsögðu dekrað við konurnar með góðum mat. Farið var í göngur í dásamlegu veðri og skartaði Hlíðin sínu fegursta.

3.2 Mæðgnaflokkar

Ákveðið var að bjóða upp á tvo mæðgnaflokka í lok sumars þar sem þessir flokkar eru mjög vinsælir. Fullt var í báða flokkana. Í mæðgnaflokkum koma mæðgur saman og njóta í Hlíðinni, stelpur sem hafa komið til okkar áður eru spenntar að sýna mæðrum sínum lífið í Vindáshlíð og það er alltaf jafn gaman að sjá kynslóðirnar saman.

Samráðsþing KFUM & KFUK

Helgina 21. til 23. október var haldið samráðsþing í Vindáshlíð fyrir allar stjórnir og starfsstöðvar KFUM og KFUK. Þar mættu um 40 starfsmenn og stjórnarmeðlimir ásamt mökum og börnum. Helgin var uppfyll af góðum fyrirlestrum, frábærum mat, góðum umræðum og skemmtilegri dagskrá fyrir börnin.

Jólatréssala

Jólatréssala Vindáshlíðar var haldin þann 11. desember og var hún vel sótt. Þar gat fólk komið og fengið tré og veitingar fyrir fast verð. Jólatréssalan gekk vel og allir ánægðir með daginn.

Árshátíð Hlíðarmeyja

Vegna aðstæðna í samfélagi var ákveðið að halda ekki árshátíð í ár.

Kaffisala og 75 ára afmælishátíð Vindáshlíðar

Kaffisala Vindáshlíðar var haldinn 22. maí. Í tilefni af 75 ára afmæli Vindáshlíðar var slegið upp afmælishátíð á kaffi sölnunni sem sló svo sannarlega í gegn. Fjölmenn var í Hlíðinni þann daginn eða um 300 manns. Veðrið var dásamlegt og gekk allt að óskum. Dagskráin bauð upp á ýmsa skemmtun eins og brennó, vinabandagerð, FOLF, ratleik, hoppukastala, andlitsmálningu og margt fleira. Um kvöldið héldu Ljósbrót, kvennakór KFUK, tónleika til styrktar Vindáshlíð og voru þeir vel sóttir.

Vinnuflokkar

Þrír vinnuflokkar voru haldnir á laugardögum í maí. Þar komu saman velunnarar Vindáshlíðar og réðust í verkefni sem þurfti að klára fyrir sumartímann. Meðal verkefna var að yfirfara útileiktæki og útlíós ásamt því að gera húsið tilbúið til þess að taka á móti hressum stelpum.

Skólabúðir í Vindáshlíð

Við tókum á móti fimm skólahópum á vormánuðunum sem komu allir til okkar í nokkra daga. Flokkarnir voru mismunandi og var dagskráin samin í samráði við skólastjórnendur. Þeir skólar sem komu í skólabúðir Vindáshlíðar voru Setbergsskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði, Víðistaðaskóli, Kársnesskóli og alþjóðadeild Verzlunarskóla Íslands, Forstöðufólk skólahópa voru Andrea Anna Arnardóttir (3 hópar), Erla Steinþórsdóttir (1 hópur) og Ástráður Sigurðsson (1 hópur). Ráðskonur skólahópa voru Elísa Sif Hermannsdóttir (1 hópur), Thelma Rós Arnardóttir (1 hópur), Helga Sóley Björnsdóttir (1 hópur) og Þorbjörg Skúladóttir (2 hópar)

Aðrir starfsmenn skólahópa voru: Andrea Anna Arnardóttir (1 hópur), Thelma Rós Arnardóttir (2 hópar), Halldór Óli Arnarsson (2 hópar), Marta Karítas Ingibjartsdóttir (1 hópur), Svanhildur Reynisdóttir (2 hópar), Kristín Hanna Guðmundsdóttir (1 hópur), Aron Gauti Kristinsson (1 hópur), Freyja Fönn Traustadóttir (3 hópar), Hekla Sóley Magnúsdóttir (1 hópur), Valgerður Eyja Eypórsdóttir (2 hópar), Þuríður Anna Reynisdóttir (3 hópar), Þórarinn Darri Ólafsson (2 hópar), Elísa Sif Hermannsdóttir (1 hópur), Sóley Adda Egilsdóttir (1 hópur), Edda Sigrún Jónsdóttir (1 hópur), Fannar Logi Hannesson (1 hópur) og Dögg Magnúsdóttir (1 hópur).

Jólaflokkar

Þrír jólaflokkar voru í boði í aðdraganda adventu. Tveir flokkar voru fyrir stúlkur og einn fyrir mæðgur. Fyrsti flokkurinn var haldinn 18. til 20. nóvember fyrir stelpur á aldrinum 9 til 11 ára. Seinni jólaflokkurinn var haldinn 25. til 27. nóvember og var fyrir stelpur á aldrinum 12 til 14 ára. Að lokum var jólaflokkur fyrir mæðgur og var hann haldinn fyrstu helgina í desember eða 2. til 4. desember. Þar komu mæðgur saman á öllum aldri og áttu huggulegar stundir í jólalandi Vindáshlíðar. Góð skráning var í alla flokkana.



Annar glugginn í kór kirkjunnar var illa farinn og teygðu skemmdir sig inn í útveggi.



Gluggar á kirkjunni voru yfirfarnir og lagaðar. Á myndinni eru feðgarnir Guðlaugur Gunnarsson og Gunnar Örn Jónsson.



Vegna rakaskemmda hófst vinna við að endurbyggja útveggina á austurhlíð gamla skála.

Útleigur

Framkvæmdarstjóri Vindáshlíðar, Tinna Rós, sá um útleigur á staðnum. Hægt var að leigja Vindáshlíð bæði með eða án fæðis. Þorbjörg (Tobba) tók á móti hópnum og sá um matinn hjá þeim hópum sem óskuðu eftir því. Meðal útleiga voru fermingarveislur, æfingahelgi hjá kvennakór KFUK, karlakórs KFUM og æskulýðs helgi Lágafellskirkju.

FRAMKVÆMDIR

Húsnæði

Vegna rakaskemmda hófst vinna við að endurbyggja útveggina á austurhlíð gamla skála. Þar var einnig skipt um glugga og settur upp nýr brunastigi. Kom svo í ljós að skemmdirnar ná víðar og er því vinna hafin við að endurbyggja framhlíð skálans. Trésmiðja Þráins sér um verkefnið. Vegna umfangs og kostnaðar framkvæmdanna er reiknað með að það taki nokkur ár að ljúka þessum framkvæmdum.

Það var einnig farið í ýmsar minni framkvæmdir eins og að breyta salernisaðstöðu á foringja hæð. Einnig voru gerðar út bætur á salernisaðstöðu stelpnanna. Hljóðkerfi og skjávarpi var settur upp í kvöldvöku sal sem opnar möguleika á útleigum til námskeiða eða vinnustaða.

Byrjað var að fylla upp í gömlu sundlauginni sem er staðsett í innra herbergi íþróttahússins.

Kirkjan

Vinnu við sex glugga á kirkjuskipinu er lokið. Vegna leka var suður glugginn í kórnum kannaður. Í ljós kom að bæði glugginn og grindin á þeirri hlíð er illa farin. Grindin var endurbætt og einangruð. Hins vegar vaknar sú spurning hvort grindin sé fúin á fleiri stöðum og verður það kannað í vor. Einnig var skipt um einangrun í hluta turns, þ.e. steinull var sett í stað plasts. Ekki tókst að mála kirkjuna vegna rigninga s.l. sumar. Húsafriðunarsjóður styrkti viðgerðirnar um rúma milljón. Búið er að fá 70% styrksins, 735.000 kr. Eftirstöðvar verða greiddar á næsta ári. Viðgerðarkostnaður kirkjunnar var 1.143.285 kr.

ANNAÐ

Gjafir og styrkir

Kirkjunefndin okkar, undir stjórn Ragnheiðar Sverrisdóttur, hefur fengið gjafir og styrki til þess að gera upp kirkjuna okkar og er nákvæmari skýring á þeirra styrkjum undir Kirkjan hér að ofan. Vindáshlíð fékk að auki veglegan styrk frá Samfélagssjóði KKÞ uppá 1.500.000 kr. Einnig höfum við verið heppin með velunnara sem hafa styrkt okkur bæði með gjöfum og vinnu.

Varningur

Vindáshlíð seldi varning fyrir sumarið og má þar nefna stuttermaboli, brúsa, hatta, sund- og taupoka. Um haustið var hafin sala á endurprentun af málverki af Vindáshlíð til styrktar Huldurjóðri. Huldurjóður er verkefni sem Helga Sóley Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Vindáshlíðar, hefur verið að vinna í og er áætlað að rjóðrið verði tilbúið fyrir sumar 2024. Fyrir jóln gáfum við svo út Uppskriftabók Vindáshlíðar sem Helga Sóley setti saman og fór hún í sölu í lok nóvember. Í uppskriftabókinni er að finna uppskriftir af fræga Vindáshlíðar bakstrinum.

Lokaorð

Árið einkenndist af miklum framkvæmdum og uppbyggingu á húsnæðinu okkar. Við erum heppin með fólkið í kringum okkur og getum alltaf treyst á að einhver svari kalli okkar. Breytingar voru gerðar á uppröðun flokka sumarsins til þess að nýta staðinn betur. Það vantar ekki hugmyndaflæðið hjá starfsfólkinu okkar og án þeirra yrði Vindáshlíð ekki eins lífleg og skemmtileg. Við í stjórninni erum ævinlega þakklát öllum þeim sem hafa kíkt upp í Hlíð á þessu ári hvort sem það var í vinnuflokk, afmælishátíðinni eða jólatrésölnunni okkar. Við erum mjög spennt fyrir komandi verkefnum og tökum þeim fagnandi.

ANDREA ANNA ARNARDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





13. ÖLVER

Ölver stendur á skemmtilegum stað í nágrenni Hafnarfjalls. Þar eru sumarbúðir á sumrin og þar er hver dagur nýtt ævintýri, sambland af ómissandi hefðum, nýjum leikjum og uppákomum. Í starfinu er unnið með hin góðu gildi Biblíunnar, mikið sungið og boðið upp á hollan og góðan heimalagaðan mat. Á veturna er staðurinn leigður út fyrir hópa af ýmsu tagi. Í aðalskálanum, sem tekinn var í notkun árið 1952, eru rúmpláss fyrir 60 manns ásamt gistiþlássi í sumarbústað sem er í eigu Ölvers skammt frá skálanum. Í skálanum er stór matsalur, eldhús, kvöldvökusalur, bænaherbergi, starfsmannaaðstaða, svefnherbergi barnanna og þvottasalernis- og sturtuaðstaða.

STJÓRN OG STJÓRNARSTARF

Aðalfundur

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 9.mars 2022 að Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og voru 11 manns sem mættu. Anna Guðný Hallgrímsdóttir var fundarstjóri og Hjördís Rós Jónsdóttir fundarritari. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt af Erlu Björgu Káradóttur gjaldkera. Í kjörnefnd voru þær Ásdís Björnsdóttir og Petra Eiríksdóttir, Petra gat þó ekki mætt á fundinn. Engin var í framboði til stjórnarsetu og gáfu allir stjórnarmeðlimir kost á sér áfram. Var áframhaldandi seta allra stjórnarmeðlima samþykkt með lófaklappi.

Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2022-2023 var þannig skipuð:

Erna Björk Harðardóttir, formaður
 Erla Björg Káradóttir, varaformaður
 Aníta Eir Einarsdóttir, ritari
 Alla Rún Rúnarsdóttir, gjaldkeri
 Hrafnhildur Garðarsdóttir, meðstjórnandi
 Heiðrún Ólöf Jónsdóttir, vararitari
 Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, varagjaldkeri.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2022-2023 voru Guðmundur Pálsson og Einar Helgi Ragnarsson.



Erna Björk
Harðardóttir



Alla Rún
Rúnarsdóttir



Aníta Eir
Einarsdóttir



Erla Björg
Káradóttir



Hrafnhildur
Garðarsdóttir



Heiðrún Ólöf
Jónsdóttir



Ásta Sóllilja
Sigurbjörnsdóttir

Stjórnarfundir

Stjórnarfundir á starfsárinu voru sex talsins og haldnir þann 8. apríl 2022, 13. september 2022, 19. október 2022, 2. nóvember 2022, 23. janúar 2023 og 20. febrúar 2023. Stjórnin er þó í vikulegum samskiptum allt árið um kring.

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, panta mat, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira.

Einnig sá stjórnin um fjáröflun, útleigu, viðhald á staðnum, leit eftir styrkjum ásamt fleiri verkum sem upp koma hvert ár.

Framkvæmdir

Fyrir utan almennt viðhald á staðnum var farið í nokkrar framkvæmdir á staðnum, sum verk eru rétt að byrja en öðrum verkum er lokið. Þetta starfsár var farið í framkvæmdir á þaki aðalskálans, var það Trésmiðja Þráins sem sá um verkið.

Fljótlega eftir áramót var byrjað á framkvæmdum á salernisaðstöðu á neðri hæðinni. Var Lára Gunnarsdóttir, arkitekt og velunnari, fengin til að teikna upp og gera fjárhagsáætlun framkvæmdarinnar. Upp verða sett ný klósett, nýir vaskar og lagður nýr dúkur til að byrja með. Enn er unnið að þeim framkvæmdum og er markmiðið að klára þær fyrir vorið.

Stefnt er að því líkt og fyrri ár að hefja uppbyggingu á nýjum leikskála. Ákvað stjórnin að bjóða til hugarflæðisfundar, sem stjórnað var af Runólfi Þór Ástþórssyni. Var fundurinn opinn öllum, og var mætingin góð. Á fundinum sköpuðust góðar umræður og frábærar hugmyndir komu fram. Í framhaldinu óskaði stjórnin eftir setu velunnara í svokallaðri byggingarnefnd til þess að byrja á sjálfri uppbyggingunni. Hafa nú þegar nokkrir boðið sig fram til þess að sitja í nefndinni.



Góðar umræður sköpuðust á hugflæðisfundi um húsnæðismál Ölvers, sem stjórnin boðaði til 2. nóvember 2022.



Farið var í framkvæmdir á þaki aðalskálans sumarið 2022, var það Trésmiðja Þráins sem sá um verkið.



Sú hefð hefur skapast að bjóða starfsfólki sumarsins í þakkmáltiltið í lok hvers sumars. Var kvöldverðurinn haldinn í heimahúsi, mætingin var góð og skapaðist notarleg kvöldstund.



Stjórnarkonurnar Erla Káradóttir og Anita Eir Einaradóttir í eldhúsinu á kaffisölu Ölvers 21. ágúst 2022.

SUMARSTARFIÐ

Flokkar

Það voru samtals 480 börn á aldrinum 6-16 ára sem dvöldu í Ölveri sumarið 2022. Líkt og fyrri ár var unnið að fjölbreytni í flokkaskránni til að stuðla að því að allir gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Stelpur í stuði flokkurinn var haldinn í þriðja skipti og bætist í skráningartölur í þeim flokki hvert ár, einu aldursári var bætt við í þann flokk þetta sumarið. Ævintýraflokkarnir eru ávallt jafn vinsælir og ákvað stjórnin að halda inni fjórum ævintýraflokkum sem gafst vel líkt og í fyrra. Leikjaflokkarnir voru tveir fyrir mismunandi aldurs hópa. Unglingaflokkurinn var á sínum stað fyrir 13-15 ára stelpur, en hann hefur notið gríðarlegra vinsælda síðustu ár undir öruggri forystu Öllu Rúnar Rúnarsdóttur. Ákveðið var að bjóða upp á helgarflokk fyrir unglingssstúlkur á aldrinum 14-16 ára, var það nýjung sem gekk vonum framar. Mikil ánægja hefur verið með leikjanámskeiðið seinustu tvö sumur og var því ákveðið að halda það aftur þetta sumarið fyrir öll kyn á aldrinum 6-9 ára. Þökkum við fyrir hverja einustu barnsperlu sem hjá okkur dvaldi þetta sumarið.

Flokkaskrá 2022 og nýting pláss

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Stelpur í stuði	9.-12. júní	11-13 ára	17	85%
2. Ævintýraflokkur 1	13.-19. júní	10-12 ára	48	102%
3. Listaflokkur	21.-26. júní	11-13 ára	48	102%
4. Leikjaflokkur 1	27.júní- 1. júlí	8-10 ára	49	104%
5. Ævintýraflokkur 2	4.- 10. júlí	10-12 ára	47	101%
6. Unglingaflokkur	11.-17. júlí	13-15 ára	47	101%
7. Ævintýraflokkur 3	19.- 24. júlí	10-12 ára	48	102%
8. Leikjaflokkur 2	25.-28. júlí	7-10 ára	31	78%
9. Ævintýraflokkur 4	2.-7.ágúst	10-12 ára	48	102%
10. Listaflokkur 2	8.-12. ágúst	8-10 ára	46	100%
11. Helgarparty	12.-14.ágúst	14-16 ára	21	81%
12. Leikjanámskeið	15.-19.ágúst	6-9 ára	30	94%

Kvöldnámskeið fyrir starfsfólk sumarsins

Stjórn Ölvers hefur staðið fyrir stuttu kvöldnámskeiði fyrir sumarstarfsfólk sitt undanfarin ár, var ekki breyting á þetta árið. Var það haldið á Holtavegi 28 þann 7.júní frá 18:00-20:00. Farið var yfir ýmis hagnýt atriði fyrir sumarið einnig var gott fyrir hópinn að hrista sig saman og eiga góða kvöldstund.

Boðið var uppá pantaðar flatbökur og gos.

Var virkilega góð mæting og skapaðist góð stemming fyrir sumarið.

Starfsmenn

Síðustu ár hafa umsóknir starfsmanna verið fjölmargar og ekki varð breyting á þetta sumarið. Margir hæfir og reyndir starfsmenn sóttu um og nokkrir nýir voru teknir inn. Hann er mjög þakkarverður sá dýrmæti mannauður sem að Ölveri stendur. Umsóknir aðstoðarforingja hafa aldrei verið fleiri, þrátt fyrir að umsóknarmet hafi verið slegið í fyrra, og er það ekki síður þakkarvert. Starf aðstoðarforingjanna er gríðarlega mikilvægt og höfum við lagt okkur mikið fram við að halda vel utan um þá, hvatt þá til að taka þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og K, að sækja námskeiðin sem í boði eru fyrir þá og passað upp á þeir finni sig sem hluti af hópnum. Í fyrrasumar ákvað stjórnin að bæta við einum foringja í stærri flokkana, líkt og lista- og ævintýraflokk og gafst það mjög vel þar sem álagið er oft mjög mikið í þessum flokkum. Var því ákveðið að halda því áfram þetta sumarið. Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og önnur sumur. Verður það aldrei of oft sagt að



Tími var kominn á upplýftingu í kvöldvökusal. Keyptur var nýr sófi og stólar í salinn.

Það er lán Ölvers að hafa fengið til liðs við sig framúrskarandi starfsfólk sem sá til þess að dvöl barnanna varð eftirminnileg, lærdómsrík og ekki síst gleðileg.

Forstöðukonur sumarsins voru Gríma Katrín Ólafsdóttir, Rósa Jóhannesdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Alla Rún Rúnarsdóttir, Þóra Jenný Benónýsdóttir, Erna Björk Harðardóttir og Áróra Helgadóttir.

Ráðskonur voru Erla Björg Káradóttir, Telma Ýr Birgisdóttir, Hrafnhildur Garðarsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Gríma Katrín Ólafsdóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Krístrún Guðmundsdóttir, Ásta Haraldsdóttir og Agnes Þorkelsdóttir.

Foringjar voru Krístrún Lilja Gísladóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Anna Birna Kjartansdóttir, Krístrún Guðnadóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Salóme Pálsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Margrét Helga Kristjánsdóttir, Messíana Halla Kristinsdóttir, Gunnhildur Lovísa Snorradóttir, Áróra Helgadóttir, Katrín Lea Daðadóttir, Matthildur María Jónsdóttir, Emilía Ósk Hrannarsdóttir, Mirra Kristín Ólafsdóttir, Unnur Eir Guðbjörnsdóttir, Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir (bakari), Birta Líf Hannesdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Eva Sigurðardóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Ásdís Ægisdóttir, Andrea Rut Halldórsdóttir, Ásgerður Erla Kristinsdóttir, Gertruda Paceviciute, Theódóra Brynja Sveinsdóttir, Marta Karítas Ingibjartsdóttir og Helga Bryndís Einarsdóttir.

Aðstoðarforingjar voru Kristín Salka Auðunsdóttir, Kristbjörg Ásta Gunnarsdóttir, Hekla Sif Sævaldsdóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Helena Guðjónsdóttir, Katrín Hekla Magnúsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Guðrún María Bjarnadóttir, Lína Rut S. Halldórsdóttir, Andrea Ósk Halldórsdóttir, Halldóra Soffía Jónsdóttir, Arna Sara Guðmundsdóttir, Sara Björk Þórðardóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Eyrún Una Arnarsdóttir, Júlía Rún Þórarinsdóttir, Iðunn Helga Zimsen, Gréta Petrína Zimsen, Bríet Saga Kjartansdóttir, Ragnheiður Anna Jónsdóttir, Marín Rut Sigurðardóttir, Dagmar Edda Guðnadóttir, Karítas Halla Gunnarsdóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Messíana Baldvinsdóttir og Katla Magnea Magnúsdóttir.

Sérfræðingar í flokknum Stelpur í stuði voru Ester Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur Óli Anderson, Unnur Rún Sveinsdóttir, Birkir Bjarnason ásamt þeim sérfræðingum sem tóku að sér forstöðuhlutverkið en það voru þær Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir.



Þakkarmáltíð fyrir starfsmenn sumarsins að sumri loknu

Sú hefur hefur skapast að bjóða starfsfólki sumarsins í þakkarmáltíð í lok hvers sumars. Var kvöldverðurinn haldinn í heimahúsi, mætingin var góð og skapaðist notarleg kvöldstund. Matur var pantaður frá Serrano og voru svo ýmsir smábitar í eftirrétt.

Kaffisalan

Loksins eftir tveggja ára hlé, var kaffisala haldin í Ölveri í blíðaskaparveðri þann 21. ágúst 2022, en engin kaffisala hafði verið haldin síðustu tvö árin vegna Covid faraldursins. Kaffisalan gekk vel og var mæting mjög góð eða um 270 manns. Kaffisölunefnd þessa árs var að stærstum hluta mynduð af stjórnarmeðlimum en í hópinn bættust við góðir velunnarar sem aðstoðuðu stjórnina við að gera staðinn gestahæfan og sáu til þess að kaffiborðið væri hið glæsilegasta. Þakkar stjórnin framlag allra sem lögðu hönd á plóg. Söfnuðust í kringum 720.000 kr.

Vetrarleiga

Vetrarleigan hefur gengið vel seinasta árið, hafa ýmsir hópar komið og leigt staðinn út. Vorið var þétt bókað en líkt og önnur ár hefur veturinn verið minna nýttur í leigur en þó verða útleigurnar sífellt fleiri. Hefur Lilja Sævarsdóttir séð um eftirlit og þríf á staðnum seinustu ár, einnig hefur Þuríður Þórðardóttir og Guðmundur Hafsteinn Kjartansson séð um eftirlit og hafa þau reglulega kíkt í heimsókn á staðinn. Þuríður Þórðardóttir lést þann 5.mars. Við í stjórn sumarbúðanna í Ölveri fyllumst fyrst og fremst djúpu þakkæti fyrir allt sem Þóra hefur gert fyrir staðinn og starfsemina í gegnum árin. Verk sem unnin voru af alúð, auðmýkt og kærleika. Dugnaður hennar, óeigingirnin, trúmennskan og trygðin verður seint full metin. Stórt

skarð hefur myndast í hóp velunnara Ölvers og verður hennar sárt saknað. Við þökkum þuru fyrir allt sem hún gaf og trúum því að hún muni halda áfram að vaka yfir Ölveri á sinn einstaka hátt eins og hún hefur alltaf gert. Enn og aftur fá þau mikið þakklæti fyrir ómetanlegt starf og umhyggju fyrir Ölveri. Í haust tók Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir við starfi Lilju og er stjórnin innilega þakklát fyrir að fá hana til liðs við okkur.

FJÁRAFLANIR, GJAFIR OG STYRKIR

Bolir, húfur, brúsar og handklæðasett

Lagerstaða á vörunum frá fyrri árum var það mikil að ákveðið var að halda áfram sölu á þeim varningi og ekki brydda upp á nýjungum þetta árið. Boðið var uppá stuttermabolina sívinsælu, langermaboli, húfur, vatnsbrúsa og handklæðasett.



Gjafir og styrkir

Á síðasta ári fengum við styrk frá ríkisvaldinu fyrir Stelpur í stuði. Þá styrkti Rúmfatalagerinn okkur um 500.000 krónur sem notaðar voru til að bæta starfsmannaaðstöðu og til að kaupa nýjan sófa upp í sal og er mikill fengur í því. Söfnun í Sveinsjóð fyrir nýjum leiksskálum heldur áfram, nokkrir eru að gefa mánaðarlega þar inn. Í desember kom fram velunnari Ölvers sem lofaði að tvöfalda allar gjafir til Sveinsjóðs upp að 500.000 þúsund krónum. Margir gáfu í þá söfnun sem að lokum skilaði um 1.100.000 krónum, samstillt og flott átak þar.

Ný lagasetning um Almannaheillafélög sem Alþingi hefur samþykkt veitir öllum þeim sem styðja Ölver eða önnur almannaheillafélög um 10.000 krónur eða meira á ári skattaendurgreiðslu. Einstaklingar mega gefa allt að 350.000 krónur á ári og hjón 700.000 krónur á ári og fá því einstaklingar endurgreiðslu allt að 161.875 krónum og hjón endurgreiðslu allt að 323.750 krónum á ári. Þetta þýddi að gamla Sveinsjóðs kennitalan var ekki ekki gild fyrir almannaheillafélög og var því stofnaður nýr reikningur fyrir Sveinsjóð. Þetta eru sannarlega góðar fréttir fyrir þá sem vilja styrkja við starfsemina okkar.

Árið 2021 fengum við líka höfðinglega gjöf frá einstaklingi upp á 1.000.000 krónur og viljum við koma á framfæri miklu þakklæti fyrir þá gjöf sem og allan þann stuðning sem við fáum með einum eða öðrum hætti. Án stuðnings velunnara megnum við lítið.



Konukvöld Ölvers var haldið í fyrsta sinn. Á myndinni er undirbúningsnefndin: Krístrún Lilja Gísladóttir, Fanney Rún Ágústadóttir, Krístrún Guðnadóttir og Nanna Birgisdóttir Hafberg.

Konukvöld

Sett var á laggirnar skemmtinefnd sem skipuð er af sumarstarfsstúlkum Ölvers. Hafa þær verið duglegar að bjóða upp á skemmtikvöld fyrir sumarstarfsfólk að vetri til, er stjórnin afar þakklát fyrir þeirra framlag. Þann 10. febrúar stóð skemmtinefndin fyrir fjóröflunarkvöldi, var það konukvöld með hlaðborði og góðum skemmtiatriðum. Rúmlega 30 konur tóku þátt og var mikil ánægja meðal þeirra sem mættu. Þakkar stjórnin skemmtinefndinni enn og aftur fyrir.

Lokaorð

Eins og fyrri ár þakkar stjórn Ölvers fyrir virkilega gott starfsár, erum við stjórnarmeðlimir óendanlega þakklátir. Sumarstarfið var blessunarríkt og er það ekki síst að þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfboðaliðum og velunnurum. Vill stjórnin koma á framfæri líkt og á hverju ári ástkæru þakklæti til þeirra allra sem hafa aðstoðað í gegnum árin. Þeir skipta tugum sem hafa lagt eitthvað af mörkum til starfsins í ár, hvort sem það er að biðja fyrir starfinu, vekja athygli á því, taka þátt í framkvæmdunum og ýmiskonar viðhaldsvinnu, sjá um staðinn yfir vetrartímann, taka þátt í sumarstarfinu og margt, margt fleira.

Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo kær.

ANITA EIR EINARSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



ERNA BJÖRK HARÐARDÓTTIR
FORMADUR STJÓRNAR





14. KALDÁRSEL

Sumarbúðirnar í Kaldárseli hafa verið starfræktar frá árinu 1925, eða í 97 ár. Á þessum tíma hafa mörg börn fengið að njóta þess að dvelja í Kaldárseli og um leið fengið dýrmæt tækifæri til að rækta líkama, sál og anda. Umhverfi Kaldársels er ævintýri líkast, þar er fjöldi hella og annarra fallegra staða sem gaman er að skoða. Hraunið umhverfis Kaldársel og Kaldáin hafa verið verið uppspetta ótalmargra gleðistunda hjá börnunum sem dvelja í Kaldárseli. Sumarbúðirnar í Kaldárseli voru fyrstu íslensku sumarbúðirnar til að vera með fastan skála. Mikið hefur verið byggt við skálann í Kaldárseli síðan þá og í dag skiptist hann niður í tvo hluta, gamla og nýja skálann. Í gamla skálanum er matsalur, eldhús, sameiginlegt rými og tvö svefnherbergi fyrir börn sem og starfsmannaherbergi. Í nýja skálanum eru 4 svefnherbergi fyrir börn, starfsmannaherbergi, íþróttasalur og samkomusalur. Í Kaldárseli er aðstaða fyrir 40 börn, 8 starfsmenn og 4 aðstoðaforingja.

Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur var haldinn 11. mars 2022 í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Styrmir Magnússon og fundarritari var Guðni Natan Gunnarsson.

Haldin var auka aðalfundur 31. maí 2022 þar sem ekki náðist að full manna stjórnina í mars.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Sigurður Helgi Pálmason, formaður
Jóna Þórdís Eggertsdóttir, ritari
Sveinn Elliði Björnsson, gjaldkeri

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi
Kristman J. Ágústsson, meðstjórnandi
Dávíð Örn Ingason, varamaður
Guðni Natan Gunnarsson, varamaður

Á árinu voru haldnir 7 stjórnarfundir en milli funda átti stjórnin í virkum samskiptum í gegnum facebookhóp stjórnar. Skoðunarmenn reikninga voru þeir Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Guðmundur Jóhannsson.



Sigurður Helgi Pálmason



Jóna Þórdís Eggertsdóttir



Sveinn Elliði Björnsson



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir



Kristmann J. Ágústsson



Guðni Natan Gunnarsson



Dávíð Örn Ingason

Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinni á starfsárinu voru:

Undirbúningur sumarstarfs: Undirbúningur sumarstarfsins hófst með góðu auglýsingaáttaki á samfélagmiðlum þar sem Guðrún Þóra Gunnarsdóttir teiknaði fallegar myndir af umhverfi Kaldársels til að minna á skráningu í sumarbúðirnar. Keypar voru á auglýsingar á Facebook og Instagram og skilaði átakið ásamt sameiginlegum auglýsingum sumarbúða KFUM og KFUK sér í frábærri skráningu sem komin var í tæp 67% nýtingu á fyrsta sólahringi. Starfsmannmál voru ekki eins góð. Ráðningarferlið var erfitt og tæplega tókst að finna nægt starfsfólk fyrir sumarið. Fyrir sumarið þurfti að ganga frá ýmsum verkum eftir framkvæmdir 2021 og mikil þörf á góðum þrifum. Keyptur var ýmis búnaður til að mynda grill. Annar hefðbundinn undirbúningur átti sér stað að venju svo sem starfsmannabjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

Samskipti við Hafnarfjarðarbæ: Við eigum í góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Líkt og undanfarin ár greiddi Hafnarfjarðarbær laun þriggja starfsmanna 18 ára og eldri í 238 klst., samtals 714 klst. Þessi styrkur er mikil blessun fyrir starfið og ánægjulegt að árið 2022 fengum við þrjár starfsumsóknir í gegnum vef Hafnarfjarðabæjar. Í vetur stikaði Hafnarfjarðarbær veginn að Kaldárseli sem reyndist nauðsynlegt fyrir veturinn. Einnig hefur Hafnarfjarðarbær séð um að láta tæma rotþróna á hverju vori sem og gefið góðan afslátt af fasteignagjöldum.

Samskipti við starfsmenn: Stjórn Kaldársels tók alla starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem mestu máli skiptir fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útivist, eftirlit og hlutverk foringja. Starfsmannablandan var því miður ekki alltaf nógu góð og ekki tókst að skapa nægilega mikla samstöðu í starfsmannahóp Kaldársels. Því er það forgangsatriði fyrir sumarið 2023 að ráða vant forstöðufólk og leggja metnað í að skapa þéttan starfsmannahóp í Kaldárseli.

Eftirfylgni með starfsemi Vínasetursins: Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vínasetursins sem samanstóð af Helga Gíslasyni, formanni, Arnóri Heiðarssyni, gjaldkera og Jónu Þórdísi Eggertsdóttur sem tengilið við Kaldársel. Framkvæmdastjóri Vínasetursins, Guðrún Elva Arinbjarnadóttir, og stjórn Vínasetursins hefur haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

STARFSEMI – SUMARSTARF

Flokkar sumarsins 2022

Flokkur	Dags.	Aldur	Fjöldi
1. Leikjanámskeið	13.-17. júní	6-9 ára	40
2. Dvalaflokkur	20.-24. júní	8-11 ára	41
3. Leikjanámskeið	27. júní- 1. júlí	6-9 ára	41
4. Æ.dvalaflokkur	4.-8. júlí	9-12 ára	42
5. Leikjanámskeið	11.-15. júlí	6-9 ára	16
6. Æ.Leikjanámskeið	25.-28. júlí	8-11 ára	40
7. Leikjanámskeið	2.-5. ágúst	6-9 ára	40
8. Dvalaflokkur	8.-12. ágúst	8-11 ára	41
9. Leikjanámskeið	15.-19. ágúst	6-9 ára	39
		Samtals	336

Eina breytingin sem gerð var milli áranna 2021 og 2022 var að boðið var upp á eitt leikjanámskeið fyrir 8-11 ára en áður hafa þau einungis verið fyrir 6-9 ára. Það var eftirspurn eftir leikjanámskeiði fyrir eldri börn og reyndist það vel.

Tölfræði þátttöku

Heildarnýting: Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur voru samtals 340 í sumarstarfinu árið 2022 sem er 94,44% nýting á þeim plássum sem auglýst voru. 42% þátttakenda voru drengir og 58% stúlkur.

Aldur barna í Kaldárseli

78% barna í Kaldárseli voru 7-9 ára. Aðeins 8% voru 6 ára og 13% voru eldri en 9 ára. (Sjá nánar töflu hér á opnunni).

Búseta

Flest börnin í Kaldárseli koma úr Hafnarfirði eða 46%. Því næst koma börn úr Reykjavík, Kópavogi og Garðabæ. (Sjá nánar töflu hér á opnunni).

Endurkoma:


Yfir sumarið er nokkuð jafnt hlutfall milli þeirra sem eru að koma í fyrsta skipti og þeirra sem hafa áður dvalið í Kaldárseli. 53% þátttakenda eða 180 börn voru að koma í fyrsta skipti í Kaldársel. Þar af var dvölin í Kaldárseli fyrsta reynsla 164 þeirra af starfsemi KFUM og KFUK. Einnig er ánægjulegt að vera með 47% endurkomu hlutfall en það voru 160 börn sem höfðu áður komið í Kaldársel.





Aldur barna í Kaldárseli sumarið 2022:


Flokkar sumarið 2022	6 ára	7 ára	8 ára	9 ára	10 ára	11 ára	12 ára
1. Leikjanámskeið	8	12	10	10			
2. Dvalaflokkur		10	17	8	4	2	
3. Leikjanámskeið	4	20	15	2			
4. Ævintýra-dvalarflokkur		2	6	14	9	6	4
5. Leikjanámskeið	6	3	4				
6. Ævintýra-leikjanámskeið	1	4	8	13	10	4	
7. Leikjanámskeið	7	12	16	4			
8. Dvalarflokkur			14	22	5		
9. Leikjanámskeið	2	12	22	3			
Samtals	28	75	112	76	28	12	4
	8%	22%	33%	23%	8%	4%	1%



Í töflunni má sjá að í öllum flokkum eru 8 ára þátttakendur og í heild eru þeir 33% af þátttakendum. Síðan er 22% 7 ára og 9 ára. Þannig að 77% þátttakenda er á aldrinum 7-9 ára. 10 % eru yngri en 7 ára og 13% eldri en 9 ára.

Búseta þátttakenda í sumarbúðunum í Kaldárseli 2022:

Flokkar sumarið 2022	HFJ	RVK	KÓP	GRB	MOS	Suðurn.	Annað
1. Leikjanámskeið	20	12	4			3	1
2. Dvalaflokkur	8	15	12	2		4	
3. Leikjanámskeið	24	5	7		1		4
4. Ævintýra-dvalarflokkur	4	5	15	10	1	7	
5. Leikjanámskeið	10	1	3	1		1	
6. Ævintýra-leikjanámskeið	23	7		3		1	6
7. Leikjanámskeið	27	7	4	1			1
8. Dvalarflokkur	35		5				1
9. Leikjanámskeið	6	10	6	16			1
Samtals	157	62	56	33	2	16	14
	46%	18%	16%	10%	1%	5%	3%



Í töflunni má sjá úr dreifingu á búsettu þátttakenda. Flestir þátttakendur koma úr Hafnarfiðri eða 46%, 18% koma úr Reykjavík, 16% Kópavogi, 10% Garðabæ, 5% Suðurnesjum og 1% úr Mosfellsbæ, 3% annarsstaðar af landsbyggðinni og 1% er búsett erlendis.



Pallur og rampur var settur upp við nýja hurð á austurgafli skálans.



Viðá þarf að laga og endurnýja elsta hluta skálans í Kaldárseli.

Starfsmenn

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Sumarið 2022 störfuðu eftirtaldir starfsmenn á leikjanámskeiðum og dvalarflokkum Kaldársels.

Starfsmaður	Hlutverk	Fjöldi flokka
Alesia Kovalova	Foringi	2
Anna Kristín Jóhannesdóttir	Foringi	1
Anna Þóra Ísfold	Forstaða	1
Aron Charlie Inaba	Foringi	2
Atli Rafnsson	Forstaða	1
Beata Jónsdóttir	Ráðskona	9
Bernardo Tino	Aðstoðarforingi	5
Bríet Saga Kristjánsdóttir	Aðstoðarforingi	2
Bryndís Bjarnadóttir	Foringi	5
Eva Lind Hákonardóttir	Foringi	1
Francis Laufkvist Kristinsbur	Foringi	7
Guðni Natan Gunnarsson	Foringi	2
Guðrún Gígja Villhjálmisdóttir	Foringi	4
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Foringi	1
Herdís Hörn Eggertsdóttir	Aðstoðarforingi	3
Hrannar Ása Magnúsar	Foringi	2
Jóna Þórdís Eggertsdóttir	Forstaða, foringi	4
Kristel Elva Þórðardóttir	Foringi	3
Lena Inaba	Foringi	2
Monika Jónsdóttir	Forstaða	2
Nina Grazia Haensel	Aðstoðarforingi	4
Ólöf Sara Sigurðardóttir	Foringi	3
Rannveig Ögn Jónsdóttir	Foringi	2
Rebekka Yvonne Rogers	Foringi	2
Sara Björk Þórðardóttir	Aðstoðarforingi	1
Sigríður Stella Gunnarsdóttir	Foringi	4
Sigurður Már Hannesson	Forstaða	1
Sólveig Hjörleifsdóttir	Aðstoðarforingi	2
Svanhildur Reyndsdóttir	Foringi	3
Sveinn Elliði Björnsson	Foringi	1
Tanya Korolenko	Foringi	3
Tinna Rós Pálsdóttir	Forstaða	1
Vigdís Erla Davíðsdóttir	Aðstoðarforingi	2
Þóra Jenny Benónýsdóttir	Forstaða	2
Þórhildur Arna Kristjánsdóttir	Aðstoðarforingi	1

Annað

Beata Jónsdóttir starfaði allt sumarið í eldhúsinu í Kaldárseli og sá um leið um öll matainnkaup. Það er mikil og góð gjöf fyrir Kaldársel að hafa hana hjá okkur þriðja árið í röð.

Það gekk því miður ekki nógu vel að manna og mikil breytileiki milli flokka á starfsfólki þannig að ekki tókst að mynda eins og góðan mórál og oft áður.

Viðburðir

Vorhátíð Kaldársels var haldin á Uppstigningardag, fimmtudaginn 26. maí 2022, og hátt í 400 manns komu á staðinn. Boðið var upp á pylsur og safa, candyfloss, popp, andlistmálningu og leik í hoppuköstulum úti. Ásgeri Páll og Sigurður Helgi settu upp skemmtiatriði og fengu Ómar Ragnarsson til að flyta erindi fyrir gestina. Gestir fengu þarna tækifæri til að kynna staðnum. Skipulagning var í höndum stjórnar og tóku makar og sumarstarfsfólk einnig þátt í undirbúningi og framkvæmd.



Framkvæmdir og starfsaðstaða

Árið 2022 hefur verið mikið um almennt viðhald á staðnum. Klára þurfti nokkur atriði í austurhluta húsins eftir framkvæmdirnar 2021. Einnig voru sett upp ný útljós við Kaldársel. Ýmsum öðrum viðhaldsverkefnum var einnig sinnt af Vinasetrinu, stjórninni og mökum stjórnar en þau verða ekki öll talin upp hér.

Rúmfatalagerinn gaf inneign upp á 300.000 kr. Sem stjórnin nýtti til að kaupa skápa og rúm sem gera starfsmanna aðstoðuna snyrtilegri og betra geymslupláss.

Gamli skálinn í Kaldárseli kom ekki vel undan hörðum vetri og var nokkuð um leka. Þá fannst raki í veggjum í Gamla skálanum og ljóst er að slá hluti hússins þarf miklar endurbætur. Framundan eru stór viðhaldsverkefni í gamla skála sem stjórn Kaldársel í samstarfi við KFUM og KFUK verður að bregðast við. Það er nóg af verkefnum fyrir stafni og öllum þeim sem áhuga hafa á að leggja starfinu lið á einn eða annan hátt er tekið fagnandi.

Lokaorð

Eins og skýrsla þessi ber með sér var starfsárið 2022 í heildina mjög ánægjulegt. Við erum sérstaklega þakklát fyrir góða skráningu í sumarbúðirnar og fyrir hið góða starfsfólk sem hefur tekið þátt í enduruppbyggingu staðarins þessi síðastliðnu ár. Það er dýrmætt traust sem foreldrar sýna okkur þegar þau senda börnin sín í sumarbúðirnar okkar og við munum vinna hörðum höndum áfram að því að gera dvöl barnanna sem ánægjulegasta og að orðspor sumarbúðanna megi blómstra og þátttökan einnig um ókomin ár. Samstarfið við Vinasetrið hefur einnig gengið vel og það hefur verið gott að sjá rekstur þess vaxa á liðnu ári. Samstarf stjórnar Kaldársels við Hafnarfjarðarbæ er okkur líka mikilvægt og við munum halda áfram að sinna því af alúð. Loks voru ýmsar misstórar

framkvæmdir gerðar á staðnum og við horfum björtum augum til framtíðar um að halda áfram að bæta og þróa staðinn og starfsemina í Kaldárseli á komandi árum.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfbóðaliðum, velunnurum og gestum.

JÓNA ÞÓRDÍS EGGERTSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



SIGURDUR HELGI PÁLMASSON
FORMADUR STJÓRNAR





15. HÓLAVATN

Hólavatn er staðsett innarlega í Eyjafirði, 37 kílómetra frá Akureyri. Þar er góð aðstaða fyrir hópa og umhverfið allt í kring býður upp á fjölmarga möguleika. Ný bygging var tekin í notkun árið 2012 og í henni eru þrjú 6 manna herbergi, tvö 8 manna, eitt tveggja manna og eitt þriggja manna. Alls er því gístaðstaða fyrir 39 manns í rúmum. Starfræktar hafa verið sumarbúðir fyrir börn frá árinu 1965 og enn í dag geta öll börn á aldrinum 7. – 16. ára komið og átt góðar stundir þar.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 9. mars 2022.

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Eydís Ösp Eypórsdóttir, formaður
Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, gjaldkeri
Guðmundur Bragason, ritari
Bára Dís Sigmarsdóttir, kynningarfulltrúi
Þórður Daníelsson, meðstjórnandi
Davíð Ingi Guðmundsson, varamaður
Valborg Rut Geirsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Davíð Ingi Guðmundsson og Kolbrún Harðardóttir

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 9 og fóru þeir fram í félagsheimilinu í Sunnuhlíð, Gleráarkirkju og á Teams. Tinna Hermannsdóttir svæðisfulltrúi sat fundina sem starfsmaður.

Formaður sótti sameiginlega formannafundi sumarbúðanna í gegnum Teams.

Verkefni stjórnar voru þau sömu og árið á undan. Stjórnin sér aðallega um undirbúning og skipulag starfsársins, framkvæmdir og viðhald á staðnum.

Skráning í flokka fór rólega af stað en tók við sér þegar leið á.



Eydís Ösp
Eypórsdóttir



Guðmundur
Bragason



Bára Dís
Sigmarsdóttir



Þórður
Daníelsson



Guðlaugur
Sveinn
Hrafnsson



Davíð Ingi
Guðmundsson



Davíð Ingi
Guðmundsson

Starfsfólk sumarsins:

Forstaða: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Hreinn Pálsson, Laufey Aðalsteinsdóttir, Einar Aron Fjalarsón.

Ráðskonur: Bára Dís Sigmarsdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Hanna Þórey Guðmundsdóttir, Ómar Logi Kárasón, Gunnar Hrafn Sveinsson.

Foringjar: Ólafur Björgvin Jónsson, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Þórður Daníelsson, Guðmundur Bragason, Tinna Hermannsdóttir, Eydís Ösp Eyþórsdóttir, Rákel Sara Sverrisdóttir, Helena Ósk Hilmarsdóttir, Daníel Orri Helgason, Ísak Jón Einarsson, Sigurður Bjarni Gísladóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir.

Aðstoðarforingjar: Dagbjartur Elí Kristjánsson, Klaudia Anna Jablonska, Ásta María Viðarsdóttir, Guðrún Karen Sigurðardóttir, Hafdís, Stefán Andri Björnsson, Katrín Sverrisdóttir, Alexía Lind Ársælsdóttir, Þyri Ágústadóttir, Alma Jahita Klörudóttir.

Sumarstarf á Hólavatni 2022

Flokkar sumarsins 2022 voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1 Frumkvöðlaflokkur	9.–11. júní	7–9	Öll	28
2 Drengjaflokkur	13.–17. júní	8–11	Kk	20
3 Stúlknaflokkur	20.–24. júní	8–10	Kk	34
4 Stúlknaflokkur	27. júní–1. júlí	9–11	Kvk	34
5 Drengjaflokkur	4.–8. júlí	9–11	Kk	0
6 Blandaður flokkur	11.–15. júlí	11–13	Öll	33
7 Ævintýrafl. bland.	18.–22. júlí	12–14	Öll	33
8 Meistaraflokkur	25.–29. júlí	14–16	Öll	0

Yfirlit starfs

Sumarið 2022 var boðið uppá átta dvalarflokka líkt og fyrri ár. Aðsókn var heldur minni en síðastliðið sumar en það dvöldu 182 börn á Hólavatni. Það var breyting á röðum flokkana þetta sumarið en vegna fótboltaþota þá var fyrri drengjaflokkurinn færður viku fyrr. Í sumar voru í boði tveir drengjaflokkar, tveir stúlknaflokkar og fjórir blandaðir flokkar. Haldið var áfram að nýta samfélagsmiðla í kynningarstarfi sem og auglýsingar settar í helstu pappírsmiðla á Akureyri.

Starfið á Hólavatni gekk vel þó að það hafi komið upp nokkrir hnökrar. Það gekk ágætlega að manna alla flokkana fyrir utan forstöðu en það tókst fyrir rest eftir allnokkur símtöl. Það var mikil endurnýjun á starfsfólki þetta sumarið og komu frábærir ungleiðtogar til leiks. Stjórn Hólavatsns var mjög ánægð með starfsfólkið og erum við þeim afar þakklát fyrir þeirra mikilvæga starf.

Vegna dræmrar skráningar þá var tekin ákvörðun um að fella niður tvo flokka, 5. flokk sem var 9–11 ára drengjaflokkur og 8. flokk sem var 14.–16 ára Meistaraflokkur.

Fjárafánir

Ekki var farið í neinar fjárafánir fyrir Hólavatn þetta árið.

Árleg kaffisala

Loksins gat hin árlega kaffisala Hólavatsns átt sér stað og var hún haldin þann 14. ágúst. Var hún auglýst á samfélagsmiðlum, í helstu pappírsmiðlum á Akureyri og sett voru upp skilti við Leiruna. Var mætingin fram úr öllum vonum en það komu um 130 manns sem áttu yndislega og skemmtilega stund á Hólavatni.



Framkvæmdir

Farnar voru 6 vinnuferðir í lok apríl fram í maí þar sem ýmislegt var gert. Neðri hæð hússins í eldri hlutanum var tekin í gegn en farið var í endurbætur á herbergi forstöðumanns og herbergi ráðskonu. Þar var málað, skipt um gardínur og fengnar nýjar mublur. Fékkst styrkur frá Rúmfatalagernum til þess að festa kaup á innanstokksmunum. Salurinn niðri var einnig málaður og farið var í gegnum alla hluti þar. Var ákveðið að geyma þakviðgerðir fram til ársins 2023.

Svo að sjálfsögðu þurfti að standsetja húsið

Áhrif Covid-19 á starf Hólavatsns

Fyrsta sumarið þar sem engar takmarkanir voru og allt að færast í eðlilegt horf. Skráning í sumarþúðirnar fór hægt af stað og náði ekki þeim hæðum sem vonir stjórna voru.

Fermingarnámskeið

Skapast hefur sú hefð hjá Glerárkirkju að fara í fermingarferðir á Hólavatn og var farið í ár. Fyrirkomulagið var það sama en gist var í eina nótt. Hafa aðrir söfnuðir einnig verið að nýta sér aðstöðuna.

Lokaorð

Varðveit hjarta þitt framar öllu öðru því að þar eru uppsprettur lífsins. (Ok. 4.23)

Ró í hjarta – gleði í sál eru orð sem lengi hafa fylgt Hólavatni. Í einstakri fegurð Eyjafjarðar, þar sem Hólavatn hvílir svo fallega í faðmi umvefjandi hólanna má segja að ró í hjarta sé óumflýjanleg. Í góðu sumarveðri er fátt dásamlegra en glaðlynd börn sem njóta alls þess sem Hólavatn hefur upp á að bjóða. Við erum einstaklega þakklát fyrir börnin sem koma á Hólavatn og vonum að þau verði svo miku fleiri í framtíðinni. Að börnin sem frá okkur fara eftir sumardvöl minnst tímans á Hólavatni, með gleði og hlýju í hjarta og taki með sér góðar minningar. Öllum þeim sem rétt hafa hjálparhönd við starfið á Hólavatni, með bænum eða verkum þökkum við stjórnin af heilum hug.

GUÐMUNDUR BRAGAASON
RITARI STJÓRNAR



16. KFUM OG KFUK Á AKUREYRI

Stjórn og stjórnarstörf

KFUM og KFUK á Akureyri hefur aðsetur í björtum sal á 2. hæð í verslunarkjarnanum Sunnuhlíð 12. Félagið var stofnað 1951 og hefur haft aðsetur í Sunnuhlíð frá 1986.

Stjórn og stjórnarstörf

KFUM og KFUK á Akureyri hefur aðsetur í björtum sal á 2. hæð í verslunarkjarnanum Sunnuhlíð 12. Félagið var stofnað 1951 og hefur haft aðsetur í Sunnuhlíð frá 1986.

Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri árið 2022 var haldinn 9. mars í félagsheimili KFUM og KFUK á Akureyri í Sunnuhlíð. Katrín Harðardóttir var kosinn fundarstjóri og fundarritari var Ragnheiður Harpa Arnardóttir.

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður,

Eydís Ösp Eypórsdóttir, gjaldkeri

Hanna Þórey Guðmundsdóttir, ritari.

Varamenn: Gunnar Einar Steingrímsson og Elín Svava Ingvarsdóttir



Brynhildur
Bjarnadóttir

Eydís Ösp
Eypórsdóttir

Hanna Þórey
Guðmundsdóttir

Gunnar Einar
Steingrímsson

Elín Svava
Ingvarsdóttir

Haldnir voru 10 stjórnarfundir, flestir í fundaraðstöðu félagsins í Sunnuhlíð, en þó funduðum við líka annars staðar m.a. í netheimum. Tinna Hermannsdóttir svæðisfulltrúi sat fundina sem starfsmaður.

Helstu verkefni stjórnar

Þó megin hlutverk félagsins snúi að barnastarfi koma ýmiss önnur verkefni á borð stjórnar, t.d. mál sem snúa að rekstri félagsheimilisins í Sunnuhlíð. Vorið 2021 hafði Reginn fasteignafélag samband, sem átti þá um 70% af húsnæðinu í Sunnuhlíð 12, og kynnti fyrirhugaðar breytingar en hugmynd var uppi um að koma Heilsugæslu að í Sunnuhlíð. Þeir höfðu áhuga á að kaupa sameign félagsins af okkur fyrir heilsugæslustöðina. Þegar þessi



Fyrir og eftir breytingar á salernum í félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð á Akureyri.

beiðni lá fyrir ákváðu eigendur húsnæðis í Sunnuhlíð aðrir en Reginn að ráða til sín lögfræðing. Nokkrir fundir voru haldnir með þessum aðilum. Grunnstefið við þessa vinnu hjá okkur var að þetta myndi ekki setja okkar starfsemi skorður á neinn hátt né verða til þess að okkar rekstrarkostnaður myndi aukast. Reginn mun standa straum af nýjum neyðarútgangi á austurenda salarins. Á vormánuðum var svo gengið frá sölu á okkar sameign og sölu á byggingarétti sem fylgir húsinu til norðurs. Hið selda var: 1) 49,36% hlutdeild í sameign sumra Y5 og 13,49% hlutdeild í sameign sumra Y8, og sameign í kjallara vegna fastanúmers 215-1131 (rými „Y“ 0213). 2) Hlutdeild í byggingarrétti á lóð fasteignarinnar að Sunnuhlíð 12 á Akureyri (sameign allra X samtals 6,14% hlutdeild vegna fastanúmers 215-1131 rými „Y 0213) vegna 813,6 m² nýbyggingar sem samanstendur af 768,8 m² viðbyggingar við núverandi verslunarmiðstöð auk 44,8 m² bílskylis. Umsamið kaupverð var 6.868.413. Allir í stjórn voru sammála um að þetta væri farsælt skref og síðasti aðalfundur hafði samþykkt að stjórn myndi skrifa undir þennan kaupsamning. Guðmundur Ómar var stjórninni ráðgefandi í þessu ferli og var hans þáttur okkur mjög mikilvægur þar sem okkur skorti reynslu á þessu sviði.

Á síðasta starfsári var ákveðið að fara í endurbætur á baðherbergjunum við innganginn, enda þörf á því. Þá voru keyptar loftplötur og flísar en svo var ákveðið að fresta þessum framkvæmdum til ársins 2022. Guðmundur Ómar Guðmundsson og Jóhann Þorsteinsson sáu um hitann og þungann af þessum framkvæmdum. Við héldum gömlu gólfhlísunum en máluðum panelinn hvítann og flísalögðum veggj ljósa, keyptum nýja innréttingu og vaska. Þetta er mikil upplýfting og mun bjartara er á baðherbergjunum núna. Við tókum niður skilrúm sem voru inn á báðum snyrtingum og því er aðgengi fyrir fatlaða orðið mun betra. Menntamálaráðuneytið styrkti þessa framkvæmd um 1.000.000 kr. Guðmundur setti handlaug í eldhúsið en heilbrigðisfulltrúinn hafði krafist þess. Sturtubotninn á snyrtingunni inn af setustofu var rifinn og settur geymsluskápur í staðinn. Allar hurðir í félagsheimilinu voru málaða gráar, fengnir voru málara í verkið, nýjar gardínur voru keyptar í setustofuna þannig að töluvert er búið að endurnýja félagsheimilið okkar þetta starfsárið. Í febrúar kom í ljós að vegna framkvæmda við nýja heilsugæslu var eldri einangrun á þaki skipt út og var hagstæðast fyrir okkur að nýta tækifærið og endurnýja líka. Tíu sjálfbæðaliðar tóku þátt í að bera gömlu einangrunina út ásamt uppsöfnuð rusli af háalofti og munum við fá verktaka í að setja nýju einangrunina upp. Félagsfólk er þakklátt fyrir alla þá sem hafa aðstoðað í framkvæmdum ársins en ber þó sérstaklega nefna Jóhann og Guðmund Ómar.

Útleiga

Í upphafi árs voru enn samkomutakmarkanir og því útleigur aðeins færri en í venjuleg árferði. Eftir sumarfrí komu fleiri útleigur og gott er að geta leigt út salinn fyrir veislur. Félagið er þó enn með tvo fasta leigjendur. Héraðsprestur leigir eina skrifstofu með aðgengi að salnum endrum og eins og Tónlistarskóli Eyjafjarðar nýtir salinn þá seinni parta sem við erum ekki með barna- og æskulýðsstarf. Það munar um þessar leigutekjur fyrir félagið og þessi útleiga er í góðum takti við starf félagsins.

Barna- og æskulýðsstarf

Barna- og æskulýðsstarfið okkar hefur gengið mjög vel á árinu. Tinna Hermannsdóttir, svæðisfulltrúi KFUM og KFUK á norðurlandi, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Helena Ósk Padmavati Hilmarisdóttir æskulýðsfulltrúar



Félagsheimili KFUM og KFUK er á annarri hæð í Sunnuhlíð 12.

hafa verið að sjá um yngri deildirnar. Það hefur verið gríðarlega góð mæting í báðar yngri deildirnar og sérstaklega í Leikjafjörið (10-12 ára) þegar við breyttum tímasetningunni. Þeim til halds og traust eru ungleiðtogar sem hjálpa til með fundina. Við erum í góðu samstarfi við Glerárkirkju með unglingastarfið Ud-glerá en það hefur einnig gengið mjög vel Samstarfið við Laufásprestakall hélt áfram á vormánuðum en þá hélt Guðlaugur Sveinn uppi Leikjafjöri á Grenivík og á Svalbarðseyri. Einnig vorum við með deild á Húsavík NTT (9 til 12 ára) og sá Guðlaugur Sveinn einnig um þá deild.

Á starfsárinu hafa eftirfarandi deildir verið starfræktar á Norðurlandi:

- Vinadeild KFUM og KFUK – skráð voru 67 börn, en meðaltalsmæting um 25 börn. Leiðtogar: Tinna Hermannsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Helena Ósk Hilmarsdóttir Padmavati. Ungleiðtogar: Ásta María Viðarsdóttir, Guðrún Karen Sigurðardóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK – skráðir voru 30, en meðalmæting um 15 börn. Leiðtogar: Tinna Hermannsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Helena Ósk Hilmarsdóttir Padmavati. Ungleiðtogar: Ásta María Viðarsdóttir og Guðrún Karen Sigurðardóttir.
- Unglingadeild í samstarfi við Glerárkirkju, UD-Glerá – skráðir þátttakendur alls 20, meðaltalsmæting á fund var um 12 unglingar. Leiðtogar: Eydis Ösp Eypórsdóttir og Tinna Hermannsdóttir.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Grenivík, – skráð 12 börn og meðaltalsmæting 5. Leiðtogi Guðlaugur Sveinn Hrafnsson.
- Leikjafjör KFUM og KFUK á Svalbarðseyri, – skráð 15 börn meðaltalsmæting 7. Leiðtogi Guðlaugur Sveinn Hrafnsson
- NTT starf KFUM&K Húsavík – Skráðir þátttakendur 20, meðalmæting 15. Leiðtogar: Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og Tinna Hermannsdóttir

Viðburðir

Helgina 30. september - 2. október fór Tinna Hermannsdóttir með 9 stelpur á leiðtogahelgi í Vatnaskógi. Við erum með sterkan kjarna í unglingastarfinu hjá okkur sem hefur bæði verið að sækja leiðtogaþjálfun til KFUM&K og í farskóla leiðtogaefna hjá Þjóðkirkjunni.

Um miðjan október fór verkefnið Jól í skólkassa á fullt og barna- og unglingastarfið tók virkan þátt í því. Einnig tók Tinna Hermannsdóttir á móti í 7. bekk í Síðuskóla og kynnti verkefnið fyrir þeim og tók á móti jólapökkum sem þau voru búin að gera. Dagana 29. – 30. október tóku Eydis Ösp Eypórsdóttir, Tinna Hermannsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson og ungleiðtogar á móti pökkum á Glerártorgi. Það fóru um 492 pakkar frá Akureyri í ár.



Leikjafjör KFUM og KFUK í Sunnuhlíð, fyrir 10-12 ára börn, hefur verið vel sótt.

Leikjanámskeið

Síðasta sumar bauð KFUM&K á Akureyri í samstarfi við Glerárkirkju upp á leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-9 ára. Haldin voru þrjú vikur námskeið og um 23 krakkar voru á hverju námskeiði. Leiðtogar á námskeiðinu voru Tinna Hermannsdóttir og Eydis Ösp Eypórsdóttir og ungleiðtogar Tara Sól Reynisdóttir og Stefán Andri Björnsson.

Fullorðinsstarf

Á vormánuðum þegar samkomutakmörkunum létti héldum við endurfundi (re-union) og spiluðum og spjölluðum. Fundurinn var opinn fyrir alla en markhópurinn var fólk sem hafði tekið þátt í unglingastarfinu frá 1985-2000. Skapaðist góð stemning og rætt var um að endurtaka þetta aftur að ári. Á haustmánuðum 2022 var ákveðið að halda eina samverur fyrir fullorðna ásamt aðventustund fyrir fjölskyldur. Á vormisseri vorum við með eina samveru fyrir aðalfund en stefnt er á aðra samveru með vorinu. Þessar samverur hafa verið notalegar og okkur þykir mikilvægt að koma saman á slíkum stundum.

Áhrif Covid-19 á starfið

Eftir tvo vetur þar sem covid-19 hefur sett strik í reikninginn varðandi starfs félagsins kom vetur þar sem við gátum haldið starfinu með eðlilegum hætti. Mikil gleði er með að geta leyft börnum að koma saman án þess að hafa áhyggjur af samkomutakmörkunum og yfirvofandi veikindum.

Gjafir og styrkir

Akureyrarbær styrkti okkur um 1.500.000 krónur líkt og undanfarin ár. Einnig fengum við styrk frá KEA eins og oft áður, að þessu sinni upp á 150.000 krónur og verður styrkurinn nýttur í æskulýðsstarfið. Félagið hlaut einnig styrk upp á 150.000 kr. frá Norðurorku til kaupa á búnaði og tækjum. Slíkir styrkir gera gæfumun fyrir félagið og gera okkur kleift að halda uppi metnaðarfullu barna- og æskulýðsstarfi.

Lokaorð

Okkur er þakklæti efst í huga fyrir þá hluti sem hafa gengið vel. Þó að félagið sé lítið þá erum við stolt af okkar starfi og þökkum Guði fyrir að enn getum við boðið börnum að koma og njóta þess sem KFUM og K hefur uppá að bjóða. Við erum líka þakklát fyrir góðan starfsmann og félagsfólk sem er tilbúið að gefa af tíma sínum, sérstaklega þegar kemur að verklegum framkvæmdum. Þó að félagið sé ekki mannmargt þá skiptir hver og einn félagi máli og áfram höldum við ótrauð áfram í skjóli Drottins.

HANNA PÓREY GUÐMUNDSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



17. KFUM OG KFUK Í VESTMANNAEYJUM

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum heldur úti unglingadeild í samstarfi við Landakirkju og nefnist hún Æsland, Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Félagið hefur verið rekið í þessari mynd frá árinu 1991 er KFUM og KFUK starf sem legið hafði í dvala í nokkurn tíma var endurreist af Hreiðari Erni Zoëga Stefánssyni.

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF


Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 23. mars 2022 kl. 12:00 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sóttu 5 manns. Fundarstjóri var Gísli Stefánsson og Guðmundur Örn Jónsson ritaði fundargerð. Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
Gísli Stefánsson, gjaldkeri
Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt tvo stjórnarfundi á starfsárinu í safnaðarheimili Landakirkju. Stjórnin hittist einnig við óformleg tilefni þar sem mál félagsins voru rædd.



Guðmundur
Örn Jónsson

Ragnheiður
Perla
Hjaltadóttir

Gísli Stefánsson

Brynja
Halldórsdóttir

Snorri
Rúnarsson

Helstu verkefni stjórnar

Á starfsárinu einbeitti stjórnin og félagið sér að því að bæta enn frekar aðstöðu og aðföng félagsins í safnaðarheimili Landakirkju. Þegar félagið fékk aðgang að umræddri aðstöðu og tók að sér að innrétta hana, ákvað stjórn félagsins að leggja til við önnur félög og hópa innan Landakirkju, svo sem Kvenfélag Landakirkju, Orðið, 12 spora starfið, foreldramorgnana, Kirkjustarf fatlaðra sem og fermingafraeðsluna, að nýta aðföng félagsins í sína starfsemi. Það hefur gengið afar vel og aukið samskipti og samstarf milli allra hópanna, öllum til góða.

Stjórnin hélt áfram, eins og fyrr, að styrkja þátttakendur og leiðtoga í starfinu til þátttöku á mótum og leiðtoganámskeiðum.

STARFSEMI OG VIÐBURÐIR

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild fyrir 8. 9. og 10. bekk og fyrsta ár í framhaldsskóla. Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju undir stjórn Gísla Stefánssonar æskulýðsfulltrúa og leiðtoga.



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánu samstarfi við Landakirkju.


Máttarstólpi starfsins er hópur fæddur 2008 en að meðaltali hafa 25 krakkar verið að taka þátt í fundum á sunnudagskvöldum. Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum bindur miklar vonir við þennan öfluga hóp og sjáum við flest þessara krakka sem framtíðarleiðtoga í starfinu. Nýr fermingarhópur sem kom inn sl. haust lofar einnig góðu þó færri þátttakendur séu úr þeim hópi í starfi okkar.

Opin hús í safnaðarheimili Landakirkju

Á miðvikudagskvöldum var opið hús í fræðslustofu safnaðarheimilis Landakirkju og sóttu það um 8-10 unglingar að jafnaði í hverri viku. Aðstaðan hefur verið bætt nokkuð. Ný leikjatölva, píluspjöld og ný spil og skemmtileg þemakvöld hafa lífgað upp á aðstöðu og stemninguna. Leiðtogarnir Arnar Gauti Egilsson og Snorri Rúnarsson hafa haldið utan um kvöldin með aðstoð Sigurbjargar Sigurfinnsdóttir og Trausta Mar Sigurðarsonar og eiga þau heiður skilið fyrir það.

Sjálfboðaliðar í starfinu

Sjálfboðaliðar í starfinu: Arnar Gauti Egilsson, Brynja Halldórsdóttir, Gísli Stefánsson, Guðmundur Örn Jónsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Sigurbjörg Sigurfinnsdóttir, Snorri Rúnarsson og Trausti Mar Sigurðarson.



Friðriksmótið í Vatnaskógi

21 þátttakandi og 2 leiðtogar á vegum Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum fóru á Friðriksmótið sem haldið var í Vatnaskógi dagana 25. – 27. mars 2022. Okkar öflugi hópur naut sín eins og vant er á Sr.Friðriksmótinu í Vatnaskógi. Mótið var vel heppnað og vel skipulagt og eiga þeir leiðtogar sem stóðu að mótinu mikinn heiður skilið.

Framkvæmdir og starfaðstaða

Ekki var um neinar stjórar framkvæmdir á árinu. Aðstaða var bætt með aðföngum eins og fyrr segir.

Lokaorð

Eftir erfið ár hefur unglingastarfið loks náð fyrri styrk og er það svo sannarlega ekki sjálfsagt. Við hér í Vestmanneyjum höfum ekki frekar, en önnur bæjarfélög í landinu, farið varhluta af þeim erfiðleikum sem

félags- og sjálfbóðaliðastarf urðu fyrir sökum faraldursins. Víða hefur þurft mikið átak og jafnvel breyttar áherslur til að virkja félagsmenn á ný og fá nýja. Það að við höfum náð vopnum okkar svona fljótt ber ekki aðeins að þakka sjálfbóðaliðum í starfinu heldur einnig velvild samfélagsins alls í Vestmannaeyjum gagnvart félaginu. Við fáum t.d. að kynna starf okkar í skólum og stofnunum og getum því náð fyrr og betur til unga fólksins sem er okkar mikilvægasta auðlind. Það er okkur ómetanlegt.

RAGNHEIÐUR PERLA HJALTADÓTTIR
RITARI STJÓRNAR



GÍSLI STEFÁNSSON
GJALDKERI STJÓRNAR





18. KFUM OG KFUK SUÐURNES

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK Suðurnes var haldinn 8. mars 2022.

Stjórn KFUM og KFUK Suðurnes á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir – formaður
Sveinn Valdimarsson – gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – ritari
Erla Guðmundsdóttir – varamaður
Þóra Jenny Benónýsdóttir – varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson



Sigurbjört
Kristjánsdóttir



Sveinn
Valdimarsson



Margrét Jóhanna
Guðjónsdóttir



Erla
Guðmundsdóttir



Þóra Jenny
Benónýsdóttir

Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin hélt 6 fundi á starfsárinu og voru verkefni stjórnarinnar margvísleg. Fólust þau meðal annars í almennri umsjón með deildastarfi félagsins á Suðurnesjum, en starfsstöðvarnar eru 3 talsins: Félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, Safnaðarheimili Innri- Njarðvírkirkju og safnaðarheimili Grindavíkursóknar. Fjórar deildir eru starfræktar í félagsheimili KFUM og KFUK, tvær deildir í safnaðarheimili kirkjunnar í Innri-Njarðvík í samstarfi við Njarðvíkursókn og tvær deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ og gekk það mjög vel. Haldin voru þrjú leikjanámskeið sumarið 2022. Einnig bar stjórnin ábyrgð á umsjón og viðhaldi félagsheimilisins að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.

Starfsemi og viðburðir

Skráðir þátttakendur í deildastarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum haustið 2022 voru 175 talsins sem er töluvert færri en starfsárið 2021-2022.

Deildastarfi og leiðtogar

Leiðtogar og ungleiðtogar starfsins í Reykjanesbæ og Grindavík voru 31.

Keflavík

- Vínadeild – 20 skráðir en meðalmæting er 10 börn. Leiðtogar: Brynja Eiríksdóttir og Þóra Jenny Benónýsdóttir.
- Yngri deild KFUM – 20 skráðir en meðalmæting 7 drengir. Leiðtogar: Sveinn Valdimarsson, Kristinn Arnar Ólafsson og Ólafur Jónsson.
- Yngri deild KFUK – 63 skráðar en meðalmæting 20 stúlkur. Leiðtogar: Sigurbjört Kristjánsdóttir, Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir, Eyrún Una Kristjánsdóttir og Hildigunnur Kristjánsdóttir.
- Unglingadeild – 35 skráðir en meðalmæting 15 unglingar. Leiðtogar: Thelma Rósa Arnarsdóttir, Ásdís Birta Magnúsdóttir, Þórarinn Darri, Helga Sveinsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Sólveig Hjörleifsdóttir og Eyrún Una Kristjánsdóttir.

Njarðvík

- Yngri deild KFUM og KFUK í Innri Njarðvík – 5 skráðir. Leiðtogar: Halla Marie Smith, Þórey Una Arnlaugsdóttir og Natallía Dögg Brynjarsdóttir.
- Unglingadeild í Innri Njarðvík – 5 skráðir. Leiðtogar: Halla Marie Smith

Grindavík

- Yngri deild KFUM og KFUK – 12 skráðir. Leiðtogar: Pétur Bjarni Sigurðarson, Björn Atli Hylldahl Guðmundsson, Lilja Rós Jónsdóttir, Sigurjón Samved Adhikari, Pálína Ósk og Thelma Rut Þorvaldsdóttir.
- Unglingadeild KFUM og KFUK – 15 skráðir. Leiðtogar Pétur Bjarni Sigurðarson, Agnar Ingi Hylldahl Guðmundsson, Flóvent Rígvéd Adhikari, Emillía Þóra Ólafsdóttir, Eva Tirone, Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson, Helgi Guðmundsson, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir og Hrafnkell Heiðar.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK Suðurnes

Í maí var Barnahátíð Reykjaneshæjar. Leiðtogar starfsins tóku þátt í hátíðinni með því að skipuleggja og halda utan um fjölskylduratleik. Ratleikurinn var á ýmsum stöðum miðbæjarins og nutu foreldrar ratleiksins með börnum sínum.

Í október var samráðsþing KFUM og KFUK á Íslandi haldið í Vindáshlíð. Fóru tveir stjórnarmeðlimir KFUM og KFUK Suðurnes á þingið og fannst þeim það mjög áhugavert.

Í október var KFUM og KFUK messa haldin í Keflavíkurkirkju þar var Helga Vigdís Thordensen með hugveku og sungin voru nokkur KFUM og KFUK lög undir stjórn Sigurbjartar Kristjánssdóttir.

Í nóvember var haustferð yngri deilda haldin í Vatnaskógi. Stór hópur frá Keflavík og Grindavík fóru í ferðina og heppnaðist hún mjög vel. Börnin voru mjög ánægð með mótið enda langþráður draumur eftir Covid.

Einnig fóru unglingadeildarnar í Keflavík og Grindavík á miðnæturiþróttamót sem haldið var í Vatnaskógi sömu helgi og haustferð yngri deilda. Unglingarnir voru mjög ánægðir með ferðina og gekk allt vel. Í nóvember hélt stjórn KFUM og KFUK á Íslandi fund í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík. Eftir fundinn buðu þau stjórn KFUM og KFUK Suðurnes út að borða.

Í janúar hvert ár er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í máltíð og huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið á starfsárinu. Leiðtogar undir 20 ára fengu jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf.

Í febrúar fóru unglingadeildirnar í Keflavík og Grindavík á Friðriksmótið sem haldið var í Vatnaskógi. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð og skemmtu allir sér konunglega.

Leiðtogafræðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum sóttu leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem haldin er í sumarþingum KFUM og KFUK bæði í janúar og október ár hvert. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfi.

Leikjanámskeið

Þrjú leikjanámskeið voru haldin í júní 2022 og gengu þau vel. Forstöðukonur voru Ásdís Birta Magnúsdóttir og Elfa Ingvadóttir. Auk þeirra unnu á námskeiðunum Kamilla Rún Jónsdóttir, Kristinn Arnar Ólafsson, Guðrún Gísladóttir, Ólafur Jónsson og Vigdís Birta Guðmundsdóttir. Þátttakendur á námskeiðunum voru 51.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár hefur húsið verið lánað fyrir fáein afmæli og veislur. Eins hefur Reykjaneshæð haft afnot af húsin í nokkur skipti yfir starfsárið. Samstarf við Reykjaneshæð

Haldið var áfram með samstarfsverkefni Reykjaneshæjar „Allir með“ sem hefur það markmið að auka tækifæri allra barna til að iðka íþróttir eða taka þátt í tómstunda – og æskulýðsstarfi við hæfi. Tekin hafa verið upp kynningarmyndbönd og viðtöl við forstöðufólk í íþrótt – og æskulýðsstarfi í Reykjaneshæ.

Þann 7. desember fóru tveir úr stjórn KFUM og KFUK Suðurnes, á kynningu á framhaldi þessa verkefnis en vegna Covid hefur framkvæmd þess frestast töluvert.

Stefnt er að því að sýna börnum og unglingum í Reykjaneshæ öll myndböndin, leggja áherslu á sjálfbærastarfið og bæta eldra fólki í verkefnið. Viðhald félagsheimilisins að Hátúni 36

Viðhald hússins var með minna móti undanfarið starfsár. Settir voru upp skápar í leiðtogaherbergið og unnið að minniháttar viðhaldi. Á dagskrá er að klára að ganga frá gluggum, loftlistum og ljósum í innri sal ásamt því að kaupa borð og hillur fyrir leiðtogaherbergið.



Gjafir og styrkir

Reykjaneshæð og Keflavíkursókn eru helstu styrktaraðilar félagsins. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Er það félaginu ómetanlegt að njóta jákvæðs viðhorfs í samfélaginu og hafa sterkan hóp sjálfbæðaliða sem kemur að starfinu.

Lokaorð

Að starfa sem leiðtogi og sjálfbæðaliði í starfi KFUM og KFUK er krefjandi en um leið ótrúlega gefandi. Að boða trú og kenningar Jesú Krists, hafa áhrif og vera fyrirmynd er köllun frá Guði. Að fá að eiga og starfa í okkar eigin félagsheimili eru forréttindi og blessun sem gefa ótal tækifæri til boðunar sem nær til bæði barna og unglinga. Guð gefi að starf KFUM og KFUK megi dafna og vaxa í lifandi trú til eilífs lífs.

„Óttast þú eigi, því að ég er með þér. Lát eigi hugfallast, því að ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með hægri hendi réttlætis míns“ Jes. 41:10

Kærleikskveðja, stjórn KFUM og KFUK Suðurnes

MARGRÉT JÓHANNA GUÐJÓNSDÓTTIR
RITARI STJÓRNAR





19. VINAGARÐUR - LEIKSKÓLI KFUM OG KFUK

STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs leikskóla KFUM og KFUK var haldinn 16. Mars 2022 á Holtavegi 28, en 12 manns sóttu fundinn. Magnús Viðar Skúlason var settur fundarstjóri og Matthildur Bjarnadóttir ritaði fundargerð. Jón Ómar Gunnarsson og Bára Sigurjónsdóttir voru í kjörnefnd fyrir aðalfund.

Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

Matthildur Bjarnadóttir, formaður
 Birgir U. Ásgeirsson, ritari
 Jóhanna Klara Stefánsdóttir, gjaldkeri
 Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
 Sigríður Ýr Aradóttir, fulltrúi foreldra
 Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir, varamaður
 Áslaug Dóra Einarsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru Einar Helgi Ragnarsson og Anna Kristín Guðmundsdóttir og Klara Valdís Þórhallsdóttir til vara.

Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir.

Helstu verkefni stjórnar

Utan við hefðbundin verkefni stjórnar leikskólans tókst stjórnin á við það verkefni að gera nýjan leigusamning við KFUM og KFUK. Einnig var ráðist í endurskoðun á lögum leikskólans og þau uppfærð.

Samið var upp á nýtt um sameiginlegan skrifstofukostnað á milli leikskólans Vinagarðs og KFUM og KFUK.

Gerð var ítarleg úttekt á viðhaldspörf húsnæðis leikskólans og hafist handa við að vinna eftir þeim niðurstöðum.

Starfsfólk leikskólans

Við leikskólann eru að jafnaði um 22 stöðugildi. Hildur Björk Svavarsdóttir var leikskólastjóri og Hulda Björg Jónasdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Deildarstjórar voru Eva Dögg Sveinsdóttir, Ingibjörg Leifsdóttir, María Jónsdóttir, María Sigurðardóttir og Sesselja Kristinsdóttir. Deildarstjórar eru allir kennarar með leyfisbréf. Sérkennslustjóri var Ragnhildur Gunnarsdóttir kennari, Aðrir kennarar við skólann voru Gerður Bolladóttir leikskóla- og



Matthildur
Bjarnadóttir



Birgir U.
Ásgeirsson



Jóhanna Klara
Stefánsdóttir



Berglind Ósk
Einarsdóttir



Sigríður Ýr
Aradóttir



Berglind Ólöf
Sigurvinsdóttir



Áslaug Dóra
Einarsdóttir

tónlistarkennari, Þórunn Helga Þorkelsdóttir leikskólakennari, Branislav Fricek íþróttakennari og Sveinbjörg Björnsdóttir leikskólakennari. Í starfsmannahópnum voru einnig Anna Peta Guðmundsdóttir leikskólaliði, Aðalheiður Sighvatsdóttir, Afonso de Almedia Esteves, Dario Thomas Bardales Arayo, Erika Macková, Freyja Hafþórsdóttir, Grumnesh Lenechesa, Gyða Rut Arnmundsdóttir, Nathalia Bardales, Sigríður Nanna Egilsdóttir og Þorbjörg Tómasdóttir. Aðstoð í eldhúsi var Aurora de Jesu Almeida. Leikskólinn býr yfir miklum mannaúði, bæði háu hlutfalli kennara og reynslumiklu starfsfólki sem á stóran þátt í að gera skólann að einum eftirsóttasta leikskóla borgarinnar.

Fjármál

Rekstur leikskólans árið 2022 gekk vel og skilaði hagnaði. Haustið 2022 var innleitt til reynslu nýtt vinnufyrirkomulag vegna áhrifa styttingar vinnuvikunnar á leikskólastarfið með það að leiðarljósi að fækka því starfsfólki sem fer í styttingu yfir vetrartímann en kjarasamningar kennara heimila að henni sé safnað upp og tekin í heilu lagi. Kennarar taka því sína styttingu út í tengslum við sumarlokun þegar auðveldara er að fá inn starfsfólk til afleysinga. Annað starfsfólk tekur út heila daga í tengslum við helgar yfir veturinn. Í starfi með ungum börnum er augljóst að starfsfólk þarf að koma í stað þeirra sem fara út úr starfi á deildum og hefur ákvörðun stjórnar frá því 2021 um að heimila ráðningar hlutastarfsfólks til þess að styttingin komi ekki niður á gæðum starfsins verið heillaskref sem hefur jákvæð áhrif á starfsfólkið og minnkar álag. Þetta leiðir þó til þess að starfsmannakostnaður er meiri heldur en úthlutun borgarinnar segir til um.

Stækkun leikskólans og framtíðarsýn

Hugmyndir um stækkun leikskólans hefur verið mikið til umræðu innan stjórnar og verið er að skoða breytingar á húsnæði Uglugarðs þannig að næst elsta deildin, Kópagarður, flytji þar yfir og yngsta deildin, Lambagarður komi yfir í leikskólabygginguna. Mikið hagræði yrði af þeirri breytingu þar sem Lambagarður gæti þá verið 15 barna deild með þremur kennurum sem er mun ákjósanlegri rekstrareining heldur en hún er í dag. Auk þess yrði samstarf deilda með börn á svipuðum aldri mun einfaldara. Ein af helstu áskorunum leikskólastigsins á landsvísi er að laða kennara til starfa í umhverfi þar sem fjölgun leikskólakennara hefur ekki haldið í við fjölgun leikskólalássa. Á Vinagarði er mikil áhersla á að bæta starfsaðstæður og starfsumhverfi þannig að leikskólinn verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir fjölbreyttan hóp kennara og starfsfólks sem hefur áhuga á að vinna þessu skólastigi. Hluti af þeirri vinnu er tilraun með breytt vinnuskipulag þar sem deildarstjórar sinna kennslu á deildum til kl. 14 á daginn og eru í undirbúningi og skipulagsvinnu frá 14-16. Þetta hefur aukið samstarf deildarstjóra og styrkt fagstarf skólans. Á starfsárinu 2022-2023 stendur yfir heildstæð endurskoðun skólanámskrár skólans sem er nauðsynlegt til að styrkja faglega sýn og sérstöðu skólastarfsins. Allt starfsfólk hefur tekið þátt í endurskoðuninni og munu foreldrar og börn einnig koma að því verkefni á síðari stigum.

LEIKSKÓLASTARFIÐ

Á Vinagarði er vináttan í víðum skilningi rauði þráðurinn í starfinu og eitt af sérkennum skólans. Markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu, sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargæði. Gildi leikskólans eru trú, von og kærleikur.

Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja.

Börnunum er kennt að við erum hluti af sköpunarverki Guðs og að bera skuli umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er



Aðalheiður H. Sighvatsdóttir



Afonso de Almedia Esteves



Anna Peta Guðmundsdóttir



Aurora de Jesus Almeida



Branislav Fricek



Dario Tomas Bardales Arayo



Erika Macková



Eva Dögg Sveinsdóttir



Freyja Hafþórsdóttir



Gerður Bolladóttir



Grumnesh Lechesa



Gyða Rut Arnmundsdóttir



Hildur Björk Svavarsdóttir



Hulda Björg Jónasdóttir



Ingibjörg Leifsdóttir



María Jónsdóttir



María Sigurðardóttir



Nathalia Bardales



Ragnhildur Gunnarsdóttir



Samúel Jóhann Nyman



Sesselja Kristinsdóttir



Sigríður Nanna Egilsdóttir



Sveinbjörg Björnsdóttir



Þorbjörg Björk Tómasdóttir



Þórunn Helga Þorkelsdóttir

lögð áhersla á að börnin beri umhyggju og virðingu fyrir öðrum og að þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfmynd. Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði (þema) sem hefur áhrif á allt starf leikskólans hvort sem það er hópastarf, hreyfing, málörvun, myndsköpun, tónlist o.s.frv. Þema starfsársins er jörðin sem gefur fjölbreytta möguleika á áhugaverðum verkefnum og tengingum við kristilega fræðslu. Elstu börnin halda hugarflugsfundir í tengslum við þema vetrarins og ákveða þannig viðfangsefni sín sjálf að miklu leyti. Yngri börnin hafa val um efnivið í sinni sköpun og geta þannig fengið að tjá sínar áherslur og áhuga.

Á Vinagarði er stöðugt unnið með umhverfisvitund enda er skólinn og leiksvæði hans sérstaklega vel úr garði gert fyrir slíkt starf og má segja að náttúran sé mikilvægur hluti af leikfni skólans. Kristinfræðsla skipar alltaf stóran þátt þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Farið er í heimsókn í Áskirkju bæði fyrir jól og páska, þar sem starfsfólk kirkjunnar tekur einstaklega vel á móti hópnum. Börnin á Vinagarði tóku sem fyrr þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að kenna börnunum samkennd og ábyrgð, að okkur komi náunginn við.



Leikskólabörnin tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa í nóvember 2022.

Stuðningur í leikskólastarfinu

Í Vinagarði er stutt vel við málþroska og tjáningu barna. Málörvunarefnið Lubbi finnur málbein er virkt á öllum deildum og þeim börnum sem þurfa aukinn stuðning er boðið í málörvunarhópar undir stjórn sérkennslustjóra. Á starfsárinu var flokkun stuðningsgagna endurbætt og vinna hafin við að setja verkferla fyrir snemmtæka íhlutun fram á greinargóðan hátt. Hæfnirammar fyrir stöðu barna í íslensku sem hafa annað móðurmál voru innleiddir og þau börn fá einnig sérstaka orðaforðaþjálfun í leikskólanum. Sérkennslustjóri er tengiliður leikskólans vegna farsældarlaganna og tekur þátt í þeirri vinnu sem nú stendur yfir í öllu skólasamfélaginu á að útfæra verkferla og vinnubrögð hvað þau snertir.

Mat á leikskólastarfi

Helstu niðurstöður innra mats árið 2022 voru eftirfarandi:

Stjórnun og faglegt samstarf: Styrkleikar: Stefna skólans er skýr, ýmsar áætlanir hafa verið endurskoðaðar og virkjaðar. Tækifæri til umbóta: Stjórnendateymi þarf að fylgjast með útfærslu á stefnu skólans í daglegu starfi, finna þarf svigrúm fyrir faglegt samstarf.

Skipulag leikskólastarfsins: Styrkleikar: Frjálsi leikurinn hefur gott rými í dagskipulagi og hugmyndir barnanna fá að flæða. Skráningar á frjálsum leik leiddu til aukinnar faglegrar umræðu hjá starfsfólki. Tækifæri til umbóta: Skoða efnivið og aðgengi að honum, auka uppeldisfræðilegar skráningar og endurgjöf til foreldra um stöðu og framfarir í þroska og námi.

Mannauður: Styrkleikar: Starfsfólk þekkir stefnu og gildi skólans og telur faglega sýn sterka. Góður stuðningur frá samstarfsfólki á vinnustað

og vinnuskipulag gott. Tækifæri til umbóta: Auka enn frekar endurgjöf til starfsfólks og vinna skipulega með samskipti og traust til að viðhalda góðum starfsanda.

Leikskólabragur: Styrkleikar: Foreldrar ánægðir með starfið og starfsfólkið. Barninu líður vel í skólanum og þau verkefni sem fengist er við eru áhugaverð. Börnin eru ánægð með frjálsa leikinn og mikla útiveru í starfinu og sækjast í nærveru starfsfólks. Tækifæri til umbóta: Foreldrar vilja fá auknar upplýsingar um viðfangsefni barnsins og framfarir þess. Skoða þarf útisvæði skólans, bæði efnivið og skipulag.

Skipulag innra mats: Styrkleikar: Matsteymi hefur gert matsáætlun til fjögurra ára byggða á viðurkenndum gæðaviðmiðum. Fjölbreyttar gagna er aflað í matinu og starfsfólk er meðvitað og tekur þátt í gagnaöfluninni. Tækifæri til umbóta: Fá fulltrúa foreldra inn í matsteymi skólans og skoða hvernig samtal um umbætur í kjölfar mats verður virkara.

Foreldrasamstarf og foreldrafélag

Haustfundur fyrir foreldra um áherslur starfsársins var loksins haldinn á ný eftir takmarkanir. Með innleiðingu nýs upplýsingakerfis, Völu, hefur orðið auðveldara að miðla ýmsum upplýsingum um skólastarfið og deildirnar senda til dæmis regluleg fréttabréf til foreldra í gegnum það kerfi. Stjórnendur skólans senda einnig reglulega upplýsingapósta til foreldra. Foreldrasamtöl eru árleg en auk þess er alltaf hægt að fá samtal við kennara barnanna utan þeirra. Á aðalfundi foreldrafélagsins haustið 2022 höfðu margir foreldrar áhuga á því að starfa í stjórn félagsins sem er frábært og áhugaverð dagskrá fyrir starfsárið sett í gang. Viðburðir félagsins eru alltaf í samstarfi við leikskólann og hefur það samstarf gengið vel. Haustferð í



Góður sumardagur á Vinagarði.

Vatnaskóg heppnaðist mjög vel að vanda og jólaball í desember var vel sótt. Auk þess stendur foreldrafélagið fyrir ýmsum öðrum uppákomum í starfinu svo sem leiksýningu, páskaeggjaleit, vorhátíð svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt fyrir leikskólastarfið að eiga svona öfluga foreldra sem styðja við starf skólans.

Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefninu „Farsæl skil leik- og grunnskóla“ ásamt Langholtsskóla og leikskólunum í hverfinu: Brákarborg, Langholti og Sunnuási. Markmið verkefnisins er að stuðla að jákvæðri upplifun barnanna af flutningi milli skólastiga, að börnin fái að kynnast Langholtsskóla og hvert öðru áður en grunnskólagangan hefst. Deildarstjórar hittu umsjónarkennara 1.bekkjar Langholtsskóla haustið 2022 og skipulögðu ýmsar uppákomur þar sem hæst ber að hópurnir hittist í hverjum skóla til skiptis og kynnir starfið með elstu börnunum. Auk þess hafa börnin hist á degi íslenskrar tungu og á leiksvæðum í nágreininu.

Lokaorð

Leikskólinn er mikilvægt skólastig þar sem í gegnum leikinn er grunnur lagður að þroska og lífsgildum yngstu barnanna. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru gott veganesti inn í framtíð þar sem allt er breytingum háð. Á síðasta starfsári hélt starfsfólk leikskólans áfram að þróa og efla starf Vinagarðs af mikilli fagmennsku. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki hans fyrir framúrskarandi störf á árinu og fyrir að hafa skapað börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.

BIRGIR U. ÁSGEIRSSON
RITARI STJÓRNAR VINAGARÐS



HILDUR BJÖRK SVAVARSDÓTTIR
LEIKSKÓLASTJÓRI



20. VINASETRIÐ Í KALDÁRSELI

Vinasetrið er samfélagslegt velferðarverkefni sem rekur helgardvöl fyrir börn í sumarbúðum KFUM og KFUK í Kaldárseli. Vinasetrið hefur verið starfrækt frá árinu 2012 fyrst í Ásbrú í Reykjanesbæ en hefur verið síðustu 5 ár í Kaldárseli í Hafnarfirði. Kaldársel (KFUM og KFUK) er eigandi Vinasetursins. Gildi Vinasetursins eru gleði, traust og nánd.

Börnin sem koma í helgardvöl í Vinasetrinu eru á aldrinum 6-13 ára en þeim skipti eftir aldri á helgarnar. Félagsþjónustur Sveitarfélaganna sækja um pláss fyrir börnin sem flest eiga það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðningsfjölskyldu. Það er greitt fyrir hvert barn sem samsvarar stuðningsforeldra launum.

Í dag starfa um 12 helgarstarfsmenn í Vinasetrinu auk framkvæmdarátjóra í fullu starfi. Í starfsmannahópnum er fólk með marvíslega menntun og reynslu en flestir starfsmenn eru með háskólamenntun í uppeldis, félags- og heilbrigðisvísindum. Lagt er áherslu á að starfsmenn séu með hreina sakaskrá og reynslu í að starfa með börnum sem glíma við félagslegar áskoranir. Á hverri helgi starfa um 6-7 manns í þétta starfsteymi. Á síðasta ári komu til okkar um 140 börn og er kynjahlutfallið nokkuð jafnt.



Við leggjum mikla áherslu á að Vinasetrið sé hlýlegur og vinalægur staður þar sem börn fái að njóta sín á eigin forsendum og þeim mætt þar sem þau eru stödd af hlýju og áhuga. Við viljum meina að Vinasetrið sé svolítið eins og að fara í stóran bústað með fullt af skemmtilegum og góðum vinum. Við erum ekki með stífa dagskrá en ákveðin ramma og rútínu og alltaf nóg að gera, hvort sem það er að fönndra, listsköpun, leikur, útivist eða sundferðir.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri Vinasetursins frá því að Vinasetrið tók til starfa í Kaldárseli. Hún er löggiltur félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi. Hún hefur unnið með börnum og ungmennum með sérþarfir bæði innan skólakerfisins og í vistunar- og búsetuúrræðum í rúmlega 20 ár.







KFUM
KFUK

Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn! -segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)